

BORGAR GUÐJÓNSSON

Upplifði ekta ítalska stemningu og gestrisni

• á ferðinni • jóln koma
ALLT í MIÐJU BLÁÐSINS



STEFÁN KARL STEFÁNSSON

Fær góða dóma í Hollywood Reporter

Leikur Trölla í söngleik byggðum á bók Dr. Seuss
FÓLK 30



FRÍKIRKJAN 110 ÁRA

Vettvangur trúarleitar, tilbeiðslu og tjáningar

Sérblað Fríkirkjunnar
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ


BITT

18. nóvember 2009 – 273. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR



Semur fyrir Múmínálfa

Björk Guðmundsdóttir hefur samið lag fyrir teiknimynd um Múmínálfana.

FÓLK 24

Málþing og móttaka

Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga býður félagsmönnum til móttöku í tilefni af níutíu ára afmæli sínu.

TÍMAMÓT 20



RN Löwen rústaði Lemgo

Rhein-Neckar Löwen vann sextán marka stórsigur gegn Lemgo í Íslendingaslag í Þýskalandi í gær.

ÍPRÓTTIR 26


Athafnavika

Líf á Café Loka

Boðið var upp á rúgbrauðslist og handstúkuhönnun á Lokastíg í gær.

ATHAFNAVIKA 12

VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR SÍÐDEGIS Í dag verða austan 3-8 m/s. Vaxandi austanátt síðdegis og í kvöld verða 8-18 m/s sunnanlands. Víða bjart með köflum, en þykknar upp í kvöld suðaustantil. Skýjað og þurr NA-til.

VEÐUR 4

Bankamenn átaldir fyrir milljarðakröfur

Formaður þingflokks sjálfstæðismanna segir miklar fjárkröfur fyrrverandi starfsmanna á hendur þrotabúi Landsbankans sýna þær öfgar sem hafi verið í gangi. Þingmaður VG segir starfsmennina gengna út úr íslenska landakortinu.

FJÁRMÁL „Mér finnst þetta vera veruleikafirrtir siðleysingar að láta sér koma til hugar að tefla fram kröfum af þessu tagi,“ segir Ögmundur Jónasson, alþingismaður Vinstri grænna, um fjárkröfur háttsettra fyrrum starfsmanna Landsbanka Íslands.

Fimmtán starfsmenn Landsbankans krefjast samtals 2,6 milljarða króna af þrotabúi bankans. Hæsta krafan er 490 milljónir. Fimm fyrrverandi starfsmenn vilja yfir 200 milljónir í sinn hlut. Slitastjórn bankans hefur ekki tekið afstöðu til þessara krafna.

„Þetta eru óskaplega háar tölur sem þarna er um að ræða og þær undirstrika þær öfgar sem voru í gangi,“ segir Illugi Gunnarsson, sem kveðst vilja skoða málið betur áður en hann tjáir sig nánar um það.

Friðbert Traustason, formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, segir erfitt að sakast við þá sem sækir rétt sinn samkvæmt samningum.

„Ég hef alltaf sagt að það ætti frekar að sakast við þá sem gerðu þessa samninga við þessa menn,“ segir Friðbert.

Ögmundur segir ótrúlegt að sjá slíkar kröfur á meðan þjóðin sé á hliðinni.

„Verið er að skerða bæt看 almannatrygginga, það hefur verið til umræðu að skerða atvinnuleysisbætur. Við erum að skera niður í heilbrigðismálum og á sama tíma eru menn að tefla fram kröfum sem eru byggðar á bónussamningum, kaupréttarsamningum og öðru af því tagi. Mér finnst menn vera gengnir út úr því landakorti sem heitir það Ísland sem ég vil kannast við,“ segir Ögmundur.

- gar / sjá síðu 6

Sérstakur saksóknari:

Eignir Baldurs kyrrsett

RANNSÓKN Sérstakur saksóknari hefur krafist kyrrsetningar á eignum Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu.



BALDUR GUÐLAUGSSON

Samkvæmt heimildum Fréttastofu Stöðvar 2, sem skýrði frá þessu í gær, er um að ræða kyrrsetningu á sömu fjárhæð og hann seldi hlutabréf sín í Landsbankanum fyrir skömmu fyrir hrúnið í fyrra. Kyrrsetningarinnar var krafist í tengslum við rannsókn á þessum viðskiptum Baldurs, sem grunur leikur á að hafi verið brot á lögum um innherjavíðskipti. Þegar Fréttablaðið reyndi að ná tali af Baldri í gærkvöld fengust þau svör að hann væri ekki til viðtals.

Anita Briem syngur á plötu:

Mamma með í bakröddunum

FÓLK „Við hlökkum mikið til að heyra þetta,“ segir söngkonan Erna Þórarinsdóttir.

Dóttir hennar, leikkonan Anita Briem, syngur lagið C'est si bon á væntanlegri safnplötu sem verður gefin út til styrktar Preservation Hall-tónlistarhúsinu í New Orleans.



ANITA BRIEM

Anita og Erna eru í sérlega góðum hópi á plötunni því á meðal þeirra sem eiga þar lög eru Tom Waits, Bobby McFerrin og Paolo Nutini. Platan er væntanleg 16. febrúar á næsta ári. Auglýsingar vegna hennar eru þegar farnar að birtast erlendis og var Anita sett í forgrunn í þeirri fyrstu.

- fb / sjá síðu 30



FAGNA SIGRI Á SKREKK Laugalækjarskóli fór með sigur af hólmi á Skrekk, hæfileikakeppni íþrótta- og tómsundasviðs Reykjavíkur (ÍTR) fyrir grunnskólana. Lið átta skóla öttu kappi á úrslitakvöldi keppinnar sem fram fór í gær. Allir grunnskólar í borginni sem eru með unglíngastig máttu taka þátt og senda eitt atriði hver.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rekstur Landsbankans var kominn í uppnám um miðjan ágúst 2008:

Bretar hótuðu að loka í ágúst

VIÐSKIPTI Breska fjármálaeftirlitið hótaði að stöðva starfsemi Landsbankans í Bretlandi í ágúst á síðasta ári ef ekki yrði farið að kröfum þess um færslu Icesave-reikninga bankans í breskt dótturfélag.

Í tilraunum til að koma rekstrinum fyrir vind fóru stjórnendur bankans þess á leit við Seðlabanka

Íslands að hann lánaði bankanum 2,5 milljarða punda sem svaraði þá til tæplega 390 milljarða króna og var næstum þriðjungur þjóðarframléiðslu Íslands.

Þetta kemur fram í nýrri bók Styrmis Gunnarssonar, fyrrverandi ritstjóra, Umsátrið – fall Íslands og endurreisn.

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrver-

andi viðskiptaráðgjafi, staðfestir frásögn Styrmis. Hann hafi rætt málið við fjármálaráðgjafi Bretlands í Lundúnum í byrjun september og þá hafi horfur á lausn verið góðar. Prot Lehman Brothers-bankans hafi hins vegar sett ferlið í uppnám og síðar leitt til falls Landsbankans.

- bps / sjá síðu 4

muundu eftir mjólkinni!

muu

6 tommu **Pizzabátur** Kafbátur mánaðarins • nóvember

349 krónur

18 Subway staðir um allt land

Brögðgöð nýjung

Fjöröstur

Prófaðu nýja braðgöða Fjöröstinn, fituminnsta kostinn í ostaúrvali dagsins.

aðeins 9%

Ríkur af mysupróteínum



Margrét, eru þetta forboðnir ávextir?

„Ekki tómaturinn, hann er grænmeti.“

Skapari Ávaxtakörfunnar er reiður yfir því að Síminn hafi notað menn í ávaxtabúningum í auglýsingu sína. Það sé stólin hugmynd. Hún vill auglýsingarnar úr loftinu. Margrét Stefánsdóttir er upplýsingafrulltrúi Símans.

Útbreiðsla Fréttablaðsins: Dreifingin er enn að þéttast

FJÖLMIDLAR Útbreiðsla á Fréttablaðinu eftir breyttar áherslur í dreifingu blaðsins á landsbyggðinni er sífellt að styrkjast. Á síðustu dögum hafa í hóp dreifingaraðila bæst Skeljungur á Hellissandi, Grillskálinn á Patreksfirði, Hlíðarkaup á Sauðárkróki, Mónakó á Bakkafirði og Söluskálinn Björk á Hvalsveili. Þess má geta að Fréttablaðinu hefur ekki áður verið dreift á Bakkafirði og Patreksfirði. Það er fyrirtækið Pósthúsið sem annast dreifingu Fréttablaðsins. - gar

DeCode í greiðslustöðvun: ÍE selt bandarískum sjóðum

VIÐSKIPTI „DeCode var að öllum líkindum stofnað nokkrum árum of snemma. Tæknin var ekki til staðar sem við ætluðum að búa til og vinna með. Á þeim tíma söfnuðum við skuldum sem varð baggi á fyrirtækinu,“ segir Kári Stefánsson, stofnandi og forstjóri deCode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar.

Móðurfélagið óskaði eftir greiðslustöðvun í Bandaríkjunum aðfaranótt þriðjudags. Í kjölfarið sömdu bandarískir frumjáfrestar og lánardrottinn félagsins um kaup á Íslenskrar erfðagreiningu.

Gangi allt eftir mun félagið verða fjármagnað til næstu tveggja ára. Kári stígur úr forstjórnastölnum eftir áramót og verða starfandi stjórnarformaður við hlið eftirmanns hans.

- jab / Sjá síðu 14

Tvítugur karlmaður dæmdur í fangelsi og til greiðslu miskabóta:

Svaf hjá og hótaði unglingsstúlku

DÓMSMÁL Tvítugur karlmaður hefur verið sakfelldur í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að hafa samræði við fjórtán ára stúlku og hafa síðar í hótunum við hana. Hann var dæmdur í tuttugu mánaða fangelsi, þar af átján skilorðsbundna, og til að greiða stúlkunni 450 þúsund krónur.


Maðurinn staðhæfði að hann hefði verið kærasti stúlkunnar. Hins vegar hefði hann ekki haft vitneskju um að hún væri yngri en fimmtán ára.

Að sambandi þeirra loknu sendi maðurinn stúlkunni þau skilaboð á MSN-síðu hennar á netinu, að ef hún hætti ekki að bulla um að hann og

annar maður hefðu nauðgað henni, þá „...fer fjölskyldan þín að lenda í óvæntum „slysum“ og þú líka“.

Einnig tjáði hann henni að ef hún „...myndi halda áfram þessum lygasögum, þá myndi hann berja hana“.

Maðurinn hafði áður þrívægis hlotið refsிடóma. Dómurinn leit til þess nú að hann játaði, nær undanbragðalaust, það sem honum var gefið að sök. Hann virðist hafa tekið sig á á síðustu misserum, meðal annars farið í áfengis- og vímuefnaðferð og hafið nám í framhaldsskóla. Því þótti fært að skilorðsbinda stærstan hluta refsingarinnar. - jss



MSN Maðurinn hótaði stúlkunni á MSN.

Mansalsmál á Suðurnesjum: Mennirnir sæta enn varðhaldi

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjaness þess efnis að fimm Litháar skuli sæta áfram gæsluvarðhaldi til 2. desember. Mennirnir sitja inni vegna rannsóknar lögreglu á skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi, ekki síst mansali, sem lagt er til grundvallar hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum í kröfu um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir mönnum.

Lögregla rannsakar einnig aðra brotaflokkar um mennirnir eru grunaðir um að hafa átt hlutdeild að. Þar má nefna handrukkanir og kröfur á hendur löndum þeirra um svokallaða verndartolla. - jss

Dregur úr notkun sýklalyfja hérlendis

Dregið hefur úr notkun sýklalyfja hér á landi fyrstu níu mánuði ársins miðað við sama tíma 2008. Of mikilli notkun sýklalyfja fylgir aukin útbreiðsla fjölónæmra baktería en baráttan við þær er kostnaðarsöm og flókin.

SJÚKDOMAR Dregið hefur úr notkun sýklalyfja hér á landi fyrstu níu mánuði ársins segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. Hann segir skýringu ekki liggja fyrir. Hugsanlega spari fólk við sig sýklalyf þegar fjárhagurinn versnar, líkt og gerst hafi undanfarið.

Þetta eru ágæt tíðindi að mati sóttvarnalæknis en ofnotkun sýklalyfja er talin vandamál meðal annars vegna hættunnar sem ofnotkunin veldur á útbreiðslu fjölónæmra baktería. Það eru baktériur sem eru ónæmar fyrir mörgum af algengustu sýklalyfjum. Þær eru mikið vandamál víða í Evrópu og er dagurinn í dag helgaður baráttu gegn ofnotkun sýklalyfja. Þetta er í annað sinn sem 18. nóvember er lagður í það.

Haraldur segir að fundað hafi verið með læknum og fjallað um vandamálið og áfram verði fundað um notkun sýklalyfja en Ísland hefur verið meðal þeirra Evrópulanda þar sem mest er notað af sýklalyfjum.

Tölur frá Lyfjastofnun hafi leitt í ljós að samdrátturinn nemi um níu prósentum á þessu ári. Samdráttur er í notkun þeirra lyfja sem Landlækniseimbættið hafi haft áhyggjur af, sem eru meðal annars azitromýcín sem gjarnan er notað við eyrnabólgu barna og doxycýklín sem notað er við unglingsbólum. Þessi lyf tengjast fjölónæmum baktérium sem látið hafa á sér kræla utan spítala.

Hér á landi hefur tekist að koma í veg fyrir útbreiðslu fjölónæmra baktería á spítölum þó af og til hafi verið lagðir inn sjúklingar sem



LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI Tekist hefur að koma í veg fyrir útbreiðslu fjölónæmra baktería á spítölum hérlendis.

FJÖLÓNÆMAR BAKTERÍUR Í EVRÓPU*

- Fjöldi sýkra um 400.000 þúsund á ári.
- Dauðsföll um 25.000 þúsund á ári.
- Fjöldi daga í sjúkrahúsvist um 2,5 milljónir á ári
- Aukakostnaður vegna spítalavistar um 900 milljónir evra á ári
- Kostnaður vegna fjarvasta frá vinnu um 600 milljónir evra á ári

*SAMANLAGÐUR KOSTNAÐUR INNAN ESB, ÍSLANDS OG NÖREGS, TÖLURNAR ERU VARLEGA ÁÆTLADAR.

sýkst hafa erlendis. Sums staðar í Evrópu er vandamálið mikið og samkvæmt Evrópsku sóttvarnastofnuninni er metið sem svo að um 400 þúsund Evrópubúar sýkist af fjölónæmum baktérium ár hvert, um 25 þúsund dauðsföll megi rekja til þeirra árlega og sjúklingar dvelji 2,5 milljón daga á ári á spítala vegna þeirra í Evrópu. Kostnaðurinn vegna þessa sé um 900 milljónir evra á ári hverju, andvirði um 166 milljarða íslenskra króna.

Að sögn Karls G. Kristinssonar, yfirlæknis á sýklafræðideild Landspítalans, standa Íslendingar hér vel að vígi rétt eins og nágrannarnir á Norðurlöndum og Hollandi. Í Suður-Evrópu sé vandamálið hins vegar mikið svo dæmi séu tekin. Karl bendir hins vegar á að fjölónæmar sýkingar í öndunarfarum, einkum miðeyrnabólga, séu meira vandamál hér en víða í nágrannalöndum.

sigridur@frettabladid.is



DÚFNAKOFINN Kofinn sem konan fannst látin í.

Ríkissaksóknari:

Ekki ákært í dúfnakofamáli

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari mun ekki ákæra karlmann sem sætti gæsluvarðhaldi um skeið vegna gruns um aðild að láti konu á fertugsaldri sem fannst látin í febrúar í kofa Skrautdúfnafélags Hafnarfjarðar. Málið var fellt þar sem það þótti ekki líklegt til sakfellis á hendur ofangreindum manni sem hafði réttarstöðu sakbornings við rannsóknina.

Niðurstöður úr krufningu á líki konunnar voru þær að dánarorsökin hefði verið ofkæling.

Rannsókn málsins beindist meðal annars að ferðum mannsins og konunnar síðasta sólarhringinn áður en hún lést. - jss

Níráður nasisti:

Ákærður fyrir fjöldamorð

ÞÝSKALAND, AP Níráður Þjóðverji, Adolf Storms að nafni, hefur verið ákærður fyrir þátttöku í fjöldamorðum í þorpinu Deutsch Schützen í Austurríki í lok mars árið 1945, aðeins fáeinum dögum fyrir lok seinni heimsstyrjaldarinnar.

Storms og félagar hans í SS-sveitum nasista eru sagðir hafa farið með 57 gyðinga í nokkrum hópum út í skóg og skotið þá í bakið. Storms er að auki sakaður um að hafa daginn eftir drepið einn gyðing í viðbót. Hinir myrtu fundust í fjöldagróf árið 1995. - gb

Hald var lagt á nokkur skotvopn árásmanns sem skaut á útidyr í Breiðholti:

Rannsaka skotvopn árásmannsins

LÖGREGLA Lagt hefur verið hald á nokkur skotvopn á heimili mannsins sem réðist á annan á heimili þess síðarnefnda í Breiðholti aðfaranótt sunnudags.



FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON

Maðurinn, sem er í gæsluvarðhaldi fram til föstudags, hefur játað árásina, en rannsóknin beinist nú meðal annars að því hversu mikið tjón hann ætlaði fórnarlambi sínu. Árásmaðurinn er, að sögn Frið-

riks Smára, með leyfi fyrir fleiru en einu skotvopni.

Maðurinn sem ráðist var á kom til dyra um hálf fjögur aðfaranótt sunnudags en var þá barinn í andliti með skeftinu á haglabyssu. Hann náði að loka á árásmanninn sem í kjölfarið skaut um fimm skotum á hurðina og dyraumbúnað.

Árásin er talin eiga rót sína í því að maðurinn sem ráðist var á hafði sagt unnustu árásmannsins upp störfum.

Friðrik Smári segir erfitt að segja til um hvenær rannsókn málsins kunnist á ljúka. „Það er unnið að þessu af fullum krafti og reynt að komast eins langt og hægt er meðan gæsluvarðhaldið stendur. Við verðum svo bara að sjá hvar við stöndum þá,“ segir hann. - óká



ÚTIDYRAHURÐ FÓRNARLAMBS Árásmaður skaut nokkrum skotum á dyr og dyraumbúnað á heimili í Breiðholti aðfaranótt sunnudags. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

JÓNAS HALLGRÍMSSON

Ástsælasta skáld þjóðarinnar. Í ljóðum hans er að finna margar af gersemum íslenskrar tungu.



VÖRÐUR
HEIMILISVERND

Einföld trygging fyrir þann sem skrikar fótur

Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vorður.is til að fá frekari vitneskju og tilboð í Heimilisvernd Varðar sem meðal annars inniheldur slysatryggingu í frítíma.

EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF

 **vörður**

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	123,20 123,78
Sterlingspund	206,86 207,86
Evra	183,44 184,46
Dönsk króna	24,65 24,794
Norsk króna	21,915 22,045
Svænsk króna	17,932 18,038
Japanskt jen	1,3818 1,3898
SDR 197,10 198,28	
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR	
236,967	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Tillaga Ólafs F. í borgarstjórn: Aðrir skili líka læknisvottorði

STJÓRN MÁL Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi vill að aðrir borgarfulltrúar leggi fram vottorð frá



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

lækni um að þeir séu hæfir til að sitja í borgarstjórn. Í ræðu á fundi borgarstjórnar í gær sagði Ólafur tillögu setta fram til að jafnræðis yrði gætt meðal borgarfulltrúa. Eins og kunnugt er var Ólafur krafinn um læknisvottorð er hann sneri aftur til starfa í borgarstjórn eftir veikindafri vegna þunglyndis fyrr á þessu kjörtímabili. Í tillögu Ólafs felst að þeim sem ekki hafi þegar lagt fram slíkt vottorð verði gert það skylt.

VIÐSKIPTALÍFIÐ

Regin Freyr hættur

Regin Freyr Mogensen lögfræðingur er hættur störfum hjá Kaupþingi. Hann hefur starfað á lögfræðisviði bankans og setið fyrir hönd hans í stjórn 1998 ehf., móðurfélags Haga. Hann segir brotthvarf sitt úr bankanum ekki tengjast stjórnarsetunni.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Átta veskjapjófnaði

Tilkynnt hefur verið um átta veskjapjófnaði á skemmtistöðum borgarinnar til lögreglu að undanförmum. Nokkur atvikanna hafa náðst á eftirlitsmyndavélum. Fólk er beðið um að gæta vel að veskjum sínum.

ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að samkvæmt síðustu mælingum Capacent hefðu rúmlega 24 prósent þjóðarinnar fylgst með gamanþættinum Marteinn í Sjóvarpinu. Þessi tala er í aldurshópnunum 12 til 49 ára, en það kom ekki fram og áréttist hér með.

Stjórnarandstaðan átelur stjórnarliða fyrir að afgreiða Icesave út úr fjárlaganefnd:

Ekkert gert með umbeðin álit

ALÞINGI Þingmenn stjórnarandstöðunnar – einkum Sjálfstæðisflokksins – harma að nefndarálit um Icesave-frumvarpið hafi verið afgreitt úr fjárlaganefnd í fyrra kvöld. Telja þeir málið hafa verið óútrætt og furða sig á að ekkert hafi verið gert með álit efnahags- og skattanefndar um málið sem fjárlaganefnd bað þó sérstaklega um.

Kristján Þór Júlíusson, Einar K. Guðfinnsson, Birgir Ármannsson og Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokkurinn, gagnrýndu stjórnarliða harðlega fyrir framgönguna. Sagði Pétur störf efnahags- og skattanefndar vanvirt, hann hafi verið

löngum tíma í verk sem svo ekkert var gert með.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, sagði málið hafa verið fullreifað í nefndinni og að álit efnahags- og skattanefndar hefðu engu bætt við. Afstaða stjórnarmálflokkanna til málsins lægi fyrir og því hafi hann ekki talið þjóna tilgangi að lengja umfjöllunina.

Önnur umræða um Icesave-málið fer fram í þinginu á morgun.

- bps

Á ALÞINGI Icesave-málið verður rætt efnislega á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Karlmaður á þrítugsaldri: Hafði samræði við ungling

DÓMSTÓLAR Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot með því að hafa haft samfarir við fjórtán ára stúlku. Þau voru um tíma kærustapar.

Manninum var gefið að sök að hafa ítrekað frá ársbyrjun til ágústmánaðar á síðasta ári haft samræði við stúlkuna. Jafnframt var hann ákærður fyrir að hafa fíkniefni undir höndum, ítrekaðan fíkniefnaakstur og að hafa skallað lögreglumann í andlitið.

Maðurinn hlaut átján mánaða fangelsisdóm en þar af eru fimmtán mánuðir skilorðsbundnir.

- jss

Lokun Landsbankans í Bretlandi vofði yfir í ágúst 2008

Rekstur Landsbankans var kominn í uppnám um miðjan ágúst í fyrra. Fjármálaeftirlitið í Bretlandi hótaði að stöðva starfsemi bankans í landinu ef ekki yrði farið að kröfum þess um Icesave. Í nýrri bók Styrmis Gunnarssonar segir að Landsbankamenn hafi beðið Seðlabankann um lán upp á 386 milljarða króna.

VIÐSKIPTI Breska fjármálaeftirlitið (FSA) gerði Landsbankanum ljóst í bréfi hinn 15. ágúst í fyrra að innlánastarfsemi hans í Bretlandi yrði stöðvuð ef ekki yrði farið að kröfum þess.

Þetta kemur fram í bókinni Umsátrið – fall Íslands og endurreisn eftir Styrmi Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins.

Vitnað er til bréfaskipta FSA, Landsbankans og íslenskra yfirvalda um málið en kröfur snerust um færslu innlánanna [Icesave-reikningana]

í dótturfélagið Heritable í Bretlandi og þar með undir hatt breska tryggingasjóðsins.

Í bókinni segir: „Ljóst er af þessum bréfaskiptum, að rekstur Landsbankans, hefur verið kominn í uppnám um miðjan ágúst 2008 og raunar fyrir og í kjölfarið fara fram umræður innan stjórnkerfisins um það, hvornig bregðast eigi við, fari allt á versta veg, og jafnvel kvikna hugmyndir um, að ríkið yfirtaki rekstur bankans.“ Þá kemur fram að Landsbankinn virðist hafa farið fram á lánafyrirgreiðslu frá Seðlabanka Íslands upp á 2,5 milljarða

sterlingspunda til að geta staðið undir yfirfærslunni. Til tryggingar hafi bankinn viljað setja lánasafn sitt auk þess sem hann óskaði þess að fyrirgreiðslan yrði ekki gerð opinber. Línið átti að vera ótímabundið þangað til alþjóðlegir fjármálamarkaðir opnuðust að nýju fyrir íslensku banka.

Fjárhæðin, 2,5 milljarðar punda, nam á þeim tíma 386 milljörðum króna. Hún nam þriðjung af landsframléiðslu Íslendinga og var tvöfalt hærri en markaðsvirði Landsbankans á þessum tíma.

Segir Styrmir í bókinni að með slíkri lánafyrirgreiðslu Seðlabankans hafi Landsbankinn talið sig geta mætt kröfum FSA og komið í veg fyrir að það gripi til aðgerða sem leiddu til þess að hann færi í þrot. Hins vegar hafi engan veginn verið ljóst hvort þetta myndi tryggja rekstur bankans til frambúðar.

Ekkert varð af lánveitingunni. Þrennt er nefnt til sögunnar. Álitamál var hvort verjandi væri fyrir

Seðlabankann að taka lánasafn Landsbankans að veði fyrir svo hárra fjárhæð. Spurning var hvort verjandi væri að halda fyrirgreiðslunni leyndri – en opinberun hennar hefði líklega kostað áhlaup á bankann. Og loks voru tormeðir á möguleikum Seðlabankans til að veita slíka fyrirgreiðslu ótímabundið.

bjorn@frettabladid.is



ÞEÐSTRÁÐENDUR LANDSBANKANS Björgólfur Guðmundsson bankaráðsformaður, Halldór J. Kristjánsson bankastjóri, Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs, og Sigurjón P. Árnason bankastjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

YFIRFÆRSLAN Í FERLI EN SVO FÉLL LEHMAN

Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðgjafi á þessum tíma, staðfestir við Fréttablaðið að harðort bréf hafi borist Landsbankanum frá breska Fjármálaeftirlitinu um miðjan ágúst. Í því hafi í raun verið hótað að starfsemi Landsbankans í Bretlandi yrði stöðvuð ef Icesave-reikningar yrðu ekki færðir undir dótturfélag bankans í Lundúnum og um leið peningar og aðrar eignir til trygginga.

Hann segir að frá því snemma árs 2008 hafi verið unnið að slíkri yfirfærslu. Í kjölfar bréfsins um miðjan ágúst hafi hann, ásamt stjórnarformanni Fjármálaeftirlitsins



og fleiri embættismönnum, gengið á fund Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, og starfsmanna breska fjármálaeftirlitsins. Fór hann fram í Lundúnum 2. september. Rætt var um mögulegar leiðir á yfirfærslunni, meðal annars að tryggingar

Landsbankans bærust ekki í einu lagi heldur í tvennu eða þrennu lagi næstu mánuði á eftir. Tóku Darling og hans menn vel í þær hugmyndir. Fall Lehman Brothers-bankans tveimur vikum síðar hafi sett ferlið í uppnám og að lokum leiddi það til hruns Landsbankans.



VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

VERSNAR MEÐ KVÖLDINU Framan af degi verður flott veður, yfirleitt hægur vindur og bjart með köflum um vestanvert landið. Síðdegis hvesir með suðurströndinni og þykkar einnig upp og á morgun verður komin nokkuð stíf norðaustanátt með úrkomu í flestum landshlutum.

Á MORGUN 8-5 m/s, hvassast NV-lands.

FIMMTUDAGUR Víða hægviðri, en allhvöss NA-átt NV-lands.

HEIMURINN	°C
Alicante	22°
Basel	16°
Berlín	11°
Billund	10°
Eindhoven	13°
Frankfurt	12°
Friedrichshafen	14°
Gautaborg	10°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	22°
London	14°
Mallorca	24°
New York	14°
Orlando	27°
Ósló	6°
París	13°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Canon EOS 7D er komin!

Fangaðu heiminn með Canon EOS

Farðu lengra með Canon EOS – yfirgripsmesta stafræna SLR kerfinu í heiminum; útskiptanlegar linsur og aukahlutir sem tryggja sveigjanleika. Prautreynt af atvinnu- og áhugaljósmyndurum. Upphald ljósmyndara um allan heim. Traustur íslenskur dreifingaraðili - Sense ehf, dótturfélag Nýherja, umboðsaðili Canon á Íslandi.

Canon EOS 7D

Hönnuð af þér, smíðuð af Canon

- 18 megapíxla APS-C CMOS sensor
- Tekur 8 ramma á sek.
- ISO allt að 12800 fyrir léleg birtuskilyrði
- 100% sjóngluggi (viewfinder)
- 19 cross-typer AF punktar
- iFCL mælingakerfi
- Dual „DIGIC 4“ örgjörvar
- Full HD vídeó (1080)
- Innbyggður Speedlite Transmitter
- 3" Clear View II LCD skjár
- Magnesíum hús með vörn gegn veðri

dpreview.com: „Highly Recommended“

dpreview.com: „Make no mistake, Canon wants to be the default choice again...“



Canon EOS 5D Mark II

Farðu enn lengra í þinni ljósmyndun

- 21.1 megapíxla full frame CMOS sensor
- DIGIC 4 örgjörvinn skilar framúrskarandi litum & blæbrigðum
- ISO allt að 25600
- Full HD (1080) vídeó
- 3.0" há-upplausna LCD skjár m/ Live View
- Tekur 3.9 ramma á sek.
- 9 punkta AF kerfi + 6 auka AF punktar
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi
- Magnesíum hús – Byggt fyrir kröfuharða notendur
- Viðtækt úrval af linsum og aukahlutum



dpreview.com: „Highly Recommended“

dpreview.com: „We have always placed a heavy emphasis on image quality, and all other things aside this means the 5D Mark II has to receive our highest rating.“

Canon EOS 1D Mark IV

Meira en tala – byrjar í sölu í desember

- 16.1 megapíxla APS-H CMOS sensor
- Tekur 10 ramma á sek. – allt að 121 JPEG
- 45 punkta AF kerfi með 39 cross type nemum
- Full HD (1080p) vídeó m/ handvirkri stjórn
- ISO allt að 102400
- 3.0" Clear View II LCD skjár m/ Live View
- Dual „DIGIC 4“ örgjörvar
- EOS innbyggt rykhreinsikerfi
- Endingargott og vel byggt „weatherproofed“ hús



Vincent Laforet, ljósmyndari, sem árið 2005 fékk viðurkenningu sem „100 Most Influential People in Photography“ af American Photo Magazine, segir eftirfarandi um EOS 1D Mark IV:

„... my jaw dropped even harder when I took a prototype of the Canon 1D MKIV outdoors to test it at night.“ ...Nothing prepared me for what happened next.“

„I set the ASA to high - and I pointed it towards an area lit by a single flood light. The image was overexposed by 4-5 stops. I then started to play with the settings, pointing my light into an area in complete shadow (my eye saw nothing but black) but on the rear of the LCD I saw sharp, green leaves as crystal clear as if it were shot in daylight.“

„I think it's safe to say that every single filmmaker and photographer has always dreamed of cameras that can see what our naked eyes can see. This time these cameras can actually see more. Sure - they may not have the dynamic ranges of our eyes just yet - but they see more than my naked eyes can see in low light.“

Hafðu samband við eða kíktu í heimsókn til viðurkennds
Canon söluaðila og prófaðu EOS.
Einnig nánari upplýsingar á www.canon.nyherji.is



sense

Dreifingaraðili **Canon** neytendavara



Á að taka upp samræmd loka-próf úr grunnskólum að nýju?

Já	57,8
Nei	42,2

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að lækka atvinnuleysisbætur yngri en 25 ára til að fjármagna aukna menntun fyrir þann hóp?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Nýr spillingarlisti frá Transparency International:

Ísland enn í hópi tíu bestu

ÞÝSKALAND Ísland er enn í hópi tíu efstu ríkjanna á lista samtakanna Transparency International yfir spillingarstig ríkja heims.

Samkvæmt nýja listanum er spillingin minnst á Nýja-Sjálandi, í Danmörku, Singapúr, Svíþjóð og Sviss, en mest er hún í Sómalíu, Afganistan, Búrma, Súdan og Írak.

Í skýrslu samtakanna eru auðug ríki hvött til þess að breyta reglum um bankaleynd svo þær gagnist ekki spillingaröflum sem vilja halda viðskiptum sínum leyndum. Ísland er í áttunda sæti ásamt Ástralíu og Kanada. Þessi þrjú lönd fengu 8,7 stig á kvarða sem

mælir spillingu á bilinu frá núll og upp í tíu.

„Ekkert ríki heims er ónæmt gagnvart hættunni á spillingu,“ segir í skýrslu samtakanna, sem árlega hafa tekið saman lista yfir spillingu í ríkjum heims.

Listinn er byggður á þrettán skoðanakönnunum sem tíu stofnanir hafa gert og birt síðustu tvö árin. Sérfræðingar alþjóðastofnana og framámenn í viðskiptum í hverju landi eru spurðir hvort þeir telji spillingu vera í opinbera geiranum, einkum hvort opinberar stofnanir og embættismenn taki við fé til að tryggja þjónustu, forgang eða sérafgreiðslu mála. -gb



NYÍ LISTINN Sylvia Schenk, formaður Transparency International, kynnr nýja spillingarlistann á blaðamannafundi í Berlín.

Konan sem stakk telpuna: Gæsluvarðhald og geðrannsókn

DÓMSMÁL Konan sem grunuð er um að hafa stungið fimm ára telpu með hnífi í brjóstið 27. september síðastliðinn hefur nú undirgengist geðrannsókn. Dómari mun síðan byggja á matsgerð um sakhæfi konunnar.

Atburðurinn átti sér stað á heimili telpunnar í Reykjanesbæ. Konan er talin hafa stungið hana fyrirvaralaust í bringuna með eldhúshnífi. Af hlutust lífshættulegir áverkar. Áður hafði fjölskyldan kært hana fyrir eignaspjöll á heimili sínu og mótorhjól. Konan er nú vistuð á Litla-Hrauni þar sem hún sætir gæsluvarðhaldi. Málið er í rannsókn. -jss

FLÓRA ÍSLANDS
Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip. Tryggðu þér eintak í tíma.

CRYMOGEA
-fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogeia@crymogeia.is | www.crymogeia.is



LANDSBANKI ÍSLANDS Féll í byrjun október. Tæplega tólf þúsund kröfur bárust slitastjórninni sem kynnr ekki fyrr en eftir þrjá mánuði endanlega afstöðu sína til þeirra allra.

15% afsláttur
af 204 stk. NICOTINELL pakkningum

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Lyfjaval BÍLAAPÓTEK Hæðarsmára Mjódd • Alftamýri

APÓTEK Lyfjaval.is • sími 577 1160

Fimmtán starfsmenn krefjast 2,6 milljarða

Fimmtán fyrrum starfsmenn Landsbankans krefjast samtals 2,6 milljarða króna úr búi bankans. Heildarkröfur í þrotabúið eru 6.459 milljarðar. Samþykktar forgangskröfur nema 1.273 milljörðum. Lítið eða ekkert fæst upp í aðrar kröfur.

FJÁRMÁL Sextán menn sem háttsettir voru hjá Landsbanka Íslands gera kröfu um að fá samtals 2.608 milljónir króna úr þrotabúi bankans. Mest vill Steinþór Gunnarsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs, sem krefst 490 milljóna.

Af öðrum fyrrverandi starfsmönnum sem krefjast hárra upphæða má nefna Bjarna Þ. Bjarnason, forstöðumann fyrirtækjaráðgjafar, sem vill 377 milljónir króna og Guðmund P. Davíðsson, sem var forstöðumaður á fyrirtækjasviði en var hætstur fyrir hrúnið. Hann krefst 316 milljóna.

Yngvi Örn Kristinsson, sem var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, vill 230 milljónir króna. Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri einstaklings- og markaðssviðs, vill 215 milljónir og Gunnar Thoroddsen, bankastjóri Landsbankans, krefst 183 milljóna. Sjöundi maðurinn á þessum lista er Arnar Arnarson verðbréfamiðlari sem krefst 167 milljóna króna.



FRÍÐBERT TRAUSTASON

er þó talið að þeim verði hafnað.

Friðbert Traustason, formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, kveðst telja að kröfur áðurefndra starfsmanna Landsbankans hljóti að byggjast á ógreiddum árangurstengdum greiðslum og óuppgerðum kaupréttarsamningum. Friðbert segir erfitt að sakast við þessa menn að sækja rétt sinn samkvæmt samningum.

„Ég hef alltaf sagt að það ætti frekar að sakast við þá sem gerðu þessa samninga við þessa menn,“ segir Friðbert og bætir við að hann telji reyndar afar ólíklegt að hlustað verði á þessar kröfur.

Heildarkröfur í þrotabúi Landsbankans samsvara 4,4 sinnum landsframleiðslunni á Íslandi á árinu 2008, eða 6.459 milljörðum króna. Þar af hefur slitastjórnin samþykkt forgangskröfur upp á 1.273 milljarða. Þar er að stærstum hluta að ræða kröfur vegna Icesave-innlána í Bretlandi og Hollandi.

Gera má ráð fyrir því að taka muni allt að sjö ár að gera upp búið eftir fall Landsbankans. Á fundi með kröfuhöfum 24. febrúar á næsta ári ætlar slitastjórnin að kynna endanlega hvaða kröfur hún viðurkenni og hvaða kröfum hún hafni. gar@frettabladid.is

KRÖFTUG SAGA UM KONUR

„Áhrifamikil örlagasaga og flottur og proskaður skáldskapur.“

Jón Yngvi Jóhannsson, pressan.is

Sindri Freysson
DÓTTIR MÆÐRA MINNA
SAGA ÚR STRÍÐI


VERÓLD Braeðborgarstíg 9

KRÖFUR FIMMTÁN STARFSMANNA

1. Steinþór Gunnarsson, forstöðumaður verðbréfamiðlunar 490 milljónir	6. Gunnar Thoroddsen, bankastjóri Landsbankans í Lúxemborg 183 milljónir	11. Baldur Stefánsson, starfsmaður fyrirtækjaráðgjafar 77 milljónir
2. Bjarni Þ. Bjarnason, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar 377 milljónir	7. Arnar Arnarson verðbréfamiðlari 167 milljónir	12. Ívar Guðjónsson, stýrði eiginviðskiptum Landsbankans 73 milljónir
3. Guðmundur P. Davíðsson, fyrrum forstöðumaður á fyrirtækjasviði 316 milljónir	8. Haukur Þór Haraldsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs 148 milljónir	13. Helgi Þór Arason verðbréfamiðlari 66 milljónir
4. Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs 230 milljónir	9. Kristján Gunnar Valdimarsson, forstöðumaður skattasviðs 102 milljónir	14. Stefán Þór Bjarnason, starfsmaður fyrirtækjaráðgjafar 64 milljónir
5. Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri einstaklings- og markaðssviðs 215 milljónir	10. Guðmundur Guðmundsson, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs 75 milljónir	15. Garðar Ólafsson forstöðumaður 25 milljónir

Íslenska undrabarnið

Saga einstakrar konu sem á erindi við alla



Stórmerk ævisaga Þórunnar Ashkenazy er komin út. Þórunn var á sínum tíma einn efnilegasti píanóleikari Evrópu en hætti að leika mjög ung. Hér segir af lífshlaupi hennar og píanósnillingsins Vladímír Ashkenazy sem hún kynntist í Moskvu. Þau lentu í ýmsum hremmingum í viðureigninni við sovéska kerfið, en tókst að komast til Vesturlanda.

Elín Albertsdóttir skráir stórmerka ævisögu Þórunnar og ekkert er dregið undan.



*Ég var mjög hrifin af þessari bók.
Stórmerkileg kona, ótrúlegt lífshlaup.*

Guðríður Haraldsdóttir ritstjóri Vikunnar



Bílavarahlutir



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Stefnumót 2030

Betri samgöngur

Morgunfundur í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, 19. nóvember kl. 08.30-10.00



Nýtt aðalskipulag - Ávarp
Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs

Borgarskipulag og samgöngur
Haraldur Sigurðsson verkefnisstjóri

Betri samgöngur
Ólafur Bjarnason samgöngustjóri

Umferðaröryggi
Stefán Finnsson yfirverkræðingur

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur
Pálmi Freyr Randversson verkefnisstjóri

„Eftir hverju er verið að bíða“
Sigrún Helga Lund, tölfræðingur, í stjórn Samtaka um billausan lífsstíl



Umræður
Fundarstjóri
Ólöf Örvarsdóttir skipulagsstjóri

Reykjavíkurborg
Skulag- og byggingarmátt

NYTT
AÐALSKIPULAG
REYKJAVÍK 2030

INKKÖLLUN Á DAISALUX NEYÐARLJÓSUM

S. Guðjónsson í samvinnu við Brunamálastofnun stóð fyrir innköllun á Daisalux Argos neyðarljósum árið 2004/2005. Í ljós hefur komið að sú innköllun sem þá fór fram innihélt ekki réttu framleiðslunúmerin. Á sínum tíma voru innkölluð ljós sem báru framleiðslunúmer frá 43.843-77821 en ekki 52.000-80.700 sem er hið rétta. Þessir lampar voru allir framleiddir frá september 1998-janúar 2000 og seldir frá 1999-2001. Upp kom á sínum tíma galli í þéttum sem gat ofhitnað og hefur þetta orsakað nokkra bruna hér á landi.



Inn í ljósunum, sem eru vegggljós, er lítill grænn miði þar sem framleiðslunúmerið er áletrað. Sé grunur um að lampi sé með framleiðslunúmer á milli 52.000 og 80.700 er mikilvægt að lampanum sé skipt út og er hægt að hafa samband við S. Guðjónssyni í síma 520-4500 og við munum útvega nýjan lampa og uppsetningu.

Vert er að taka það fram í þessu sambandi að þessi innköllun á aðeins við veggglampa frá spænska framleiðandanum Daisalux (sjá meðfylgjandi mynd) og hefur ekkert að gera með lampa frá ítalska framleiðandanum Beghelli sem er aðal birgi S. Guðjónssonar í neyðarljósum.

S. GUÐJÓNSSON

Auðbrekka 9-11 | 200 Kópavogur | Sími: 520 4500 | Fax: 520 4501 | Netfang: sg@sg.is | www.sg.is

Vestrænir eftirlitsmenn hafa skoðað auðgun úrans í kjarnorkustöðvum í Íran:

Dugar í eina sprengju á ári

ÍRAN, AP Í nýrri skýrslu Alþjóðakjarnorkueftirlitsins segir að Íranar hafi flutt háþróaðan tæknibúnað til auðgunar úrans á stað sem áður var leyndur. Vinnsla þar eigi að hefjast árið 2011.

Í skýrslunni, sem er sjö blaðsíður, segir að nýja kjarnorkustöðin eigi að geta framleitt um eitt tonn af auðguðu úrani á ári. Það myndi duga í eina kjarnorkusprengru, en er of lítið til að fullnægja þörfum nánast fullbúins kjarnorkuvers í Bushehr og annarra kjarnorkuvera sem Íranar segjast ætla að nota í friðsamlegum tilgangi á næstu árum.

Í skýrslunni segir að Íranar hafi

komið sér upp 8.600 skilvindum til auðgunar úrans, en einungis 4.000 þeirra séu í notkun. Þeir hafi nú þegar framleitt um 1.800 kíló af auðguðu úrani, sem dugur næstum því í tvær kjarnorkusprengrur.

Ali Asghar Soltanieh, kjarnorkufulltrúi Írans, segir skýrsluna sýna að eftirlitsmennirnir hafi engar sannanir fundið fyrir því að Íranar hafi í hyggju að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Íranar hleyptu vestrænum eftirlitsmönnum ekki inn í landið til þess að skoða kjarnorkustöðina fyrr en upp komst um tilvist hennar í sumar. Að Íranar hafi starfrækt hana með leynd veður hins



AHMADINEJAD Á ÞINGI Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti á tali við íranskan þingmann.

vegar áhyggjur um að fleiri leyndlegar kjarnorkustöðvar kunni að vera að finna í landinu.

Segir samræmd próf vera ofmetna aðferð

Forseti menntavísindasviðs Háskólans segir samræmd próf litlu máli skipta fyrir meirihluta nemenda. Formaður starfshóps borgarinnar hafnar því að ekki verði haft samráð við fagaðila. Gera eigi heildarúttekt á námsmati í skólum.

MENNTUN Lilja Dögg Alfreðsdóttir, formaður starfshóps um námsmat í grunnskólum Reykjavíkur-borgar, hafnar því að ekki verði haft samráð við fagaðila. Formaður Skólafélags Reykjavíkur kvartaði yfir því í Fréttablaðinu í gær og taldi líklegt að niðurstaða hópsins yrði gefin fyrirfram.

Lilja Dögg segir það af og frá; ákveðið hafi verið að hafa starfshópin fámennan og aðeins skipaðan stjórnáráðgjafum sem flestir hagsmunaaðilar yrðu síðan kallaðir til samstarfs við. Hún eigi til að mynda fund með skólaförum á morgun. Þá verði haft samstarf við menntamálaráðuneytið.

„Starf hópsins verður þriðja. Í fyrsta lagi ætlum við að gera heildarúttekt á námsmati í grunnskólum borgarinnar. Þá ætlum við að kanna hvernig samræmd könnunarpróf í tíunda bekk hafi nýst og í þriðja lagi hvort jafnræðis sé gætt við inntöku nemenda í framhaldsskóla.“

Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs, lýsti því yfir í Fréttablaðinu á mánudag að hann vildi taka upp samræmd próf upp úr grunnskólum. Lilja segist munu



SKÓLASTARF Formaður starfshóps um námsmat í grunnskólum segir að hópurinn muni hafa víðtækt samstarf við fagaðila. Ætlunin er, meðal annars, að kortleggja mismunandi aðferðir við námsmat sem notaðar eru í skólunum. Nemendur í Hlíðaskóla við samræmd próf.

móta sína skoðun eftir vinnu starfshópsins.

Jón Torfi Jónasson, prófessor við Háskóla Íslands og forseti menntavísindasviðs skólans, segir hið besta mál að skoða hugmyndir um námsmat upp á nýtt. Samræmd próf upp úr skólum hafi hins vegar nánast aldrei gegnt því hlutverki sem þau áttu að gegna; að vera upplýsingatæki fyrir skólana svo þeir gætu bætt um betur fyrir þá nemendur sem prófin þreyta. Þau hafi hins vegar virk að sem aðhaldstæki, en spurning sé hvort þau séu rétta meðalið.

Jón Torfi segir samræmdu prófin hafa haft ótrúleg áhrif í gegn-

um tíðina og stýrt áherslum skóla, miðað við hve litlu máli þau í raun og veru hafi skipt. Yfirleitt hafi nemendur tekið samræmd próf og farið síðan í heimaskóla, en það hafi skipt tiltölulega lítt mál.

„Þegar skólakerfið nær ekki að taka við öllum eins og gerðist í vetur og fyrir nokkrum árum, skipta prófin máli fyrir ákveðinn hóp nemenda og þá stundum til skaða.“ Flestir nemendur hafi tekið prófin og haldið áfram, aldrei skoðað einkunnirnar aftur. „Fyrir mjög stóran hlut nemenda skiptir einkunnin í sjálfu sér engu máli.“

kolbeinn@frettabladid.is

Fjöldi sjúklinga frá Færeyjum, Grænlandi og Noregi kemur til landsins í aðgerðir:

Hundruð milljóna í tekjur


HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA. Um sjötíu sjúklingar koma til landsins í hverjum mánuði frá Færeyjum, Grænlandi og Noregi til þess að gangast undir augnaðgerðir eða lýtaaðgerðir. Útflutningstekjur vegna þessarar þjónustu nema nokkur hundruð milljónum króna á ári „og þær gætu mjög auðveldlega oltið á milljörðum ef rétt er á málum haldið“, sagði Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, við umræður um sóknarfæri í heilbrigðisþjónustu á Alþingi í gær.

Guðlaugur sagði að þessi þjónusta hefði lítið verið markaðssett erlendis, eftirspurnin hefði fyrst og fremst orðið vegna góðrar afspurnar af íslenskri heilbrigðisþjónustu.

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður

Framsóknarflokksins, sagði að krabbameinssjúklingar frá Færeyjum hefðu líka leitað meðferðar hér; greiðslurnar frá Færeyjum komi í veg fyrir að fækka þurfi heilbrigðisstarfsfólki meira en gert er vegna kreppunnar.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra sagði buist við því að innan tveggja ára líti dagsins ljós tilskipun frá ESB um rétt sjúklinga til að leita sér lækninga yfir landamæri. Hugmyndir um sameiginlegt heilbrigðisþjónustusvæði á Norðurlöndunum hafi leitt af sér víðræður Íslendinga við Færeyinga, Grænlandinga, Svía og Norðmanna. Nýlega hafi verið samið um aukna þjónustu við Grænlandinga og samningagerð við Færeyinga sé vel á veg komin.



LANDSPÍTALI Um sextíu Grænlandingar, Norðmenn og Færeyingar koma í augnaðgerðir á Íslandi í hverri viku og 10 til viðbótar koma til að leggja undir skurðhníf íslenskra lýtalækna.

- ÞG



Gleðileg bókaþjóf!

Bókaþjóf 2009 eru komin út. Íslenskir bókaútgefendur kynna um 700 nýjar og spennandi bækur sem munu gleðja landsmenn þessi jól og um ókomin ár. Þú finnur réttu gjöfina í Bókaþjófum!



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA



GEIMSKUTLU SKOTIÐ Á LOFT
Geimskutlunni Atlantis var skotið á loft frá Canaveralhöfða í Flórída á mánudag. Förlinn er að venju heitið í alþjóðlegu geimstöðina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norrænu matvælavæðlaunin 2009 veitt:

Norrænn matur hollur og góður

MATUR Hótel Arctic hlaut norrænu matvælavæðlaunin 2009 fyrir að koma norrænum matarhefðum á framfæri á nútímalegan hátt, fyrir nýsköpun og framúrskarandi árangur í þróun norrænna matarhefða. Verðlaunin voru veitt á ráðstefnu um norræn gildi í matvælaeignaði. Hótelstjórinn Erik Bjerregaard veitti verðlauninum viðtöku en hann rekur hótelið sem er í Ilulissat ísfirðinum á Grænlandi.

„Þessi verðlaun hafa verið veitt þeim sem hafa lagt áherslu á nýnorræna matreiðslu en auk þess að reka góðan veitingastað er hótelið í góðu samspili við umhverfið,“ segir



VERÐLAUNAÁFHENDINGIN Erik Bjerregaard lengst til hægri að lokinni verðlaunaafhendingu ásamt Jeppe Eivind Nielsen matreiðslumeistara og Susanne Møller, eiginkonu sinni.

Kristinn Hugason, deildarstjóri í sjávarútvegssráðuneytinu og einn skipuleggjenda ráðstefnunnar.

Matvælaframleiðsla og matvælarannsóknir á Norðurlöndunum eru á háu plani segir Kristinn sem segir norrænu gildin í matreiðslu vera hreinleika og hollustu. Kristinn segir klassískan norrænan mat á borð við fisk vera mjög hollan eins og kunnugt sé. Sumir hefðbundnir norrænir réttir séu hins vegar ekki mjög hollir fyrir kyrrsetumanninn en hin nýnorræna matreiðsla gangi út á að útbúa norrænan mat með nútímalagi. Það hafi tekist vel til hjá Erik Bjerregaard og samstarfsfólki hans á Grænlandi. Norrænu matarverðlaunin eru veitt af Norrænu ráðherranefndinni. - sbt

Ekki saknæmt athæfi:

Príbrotinn eftir sjö metra fall

LÖGREGLUMÁL Karlmaður sem féll fram af svölum á þriðju hæð í Grafarholti í fyrrinótt reyndist vera príbrotinn. Hann tvíbrotnaði á kjálka og fékk opið brot á handlegg. Fallið var um sjö metrar.

Það var um sjöleytið í gærmorgun sem lögregla fékk tilkynningu um að maðurinn hefði fallið niður af húsinu. Hann var fluttur á Landspítala og lagður inn á gjörgæslu í Fossvogi. Honum var haldið sofandi í gærðag en var ekki í lífshættu. Annar maður var í íbúðinni þegar lögregla kom á vettvang og ræddi hún við hann. Hann er ekki talinn eiga neinn hlut að máli. - jss

Samfylkingin í Kópavogi:

Flosí hættur

STJÓRNMÁL Flosí Eiríksson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér á lista flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar á næsta ári. Flosí tók sæti í bæjarstjórn árið 1998 og var áður varamaður í fjögur ár.



FLOSI EIRÍKSSON

Flosí segir ákvörðun sína á engan hátt tengjast rannsókn á starfsaðferðum Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs, hvar hann sat í stjórn, tólf áru séu einfaldlega nægur tími. „Allt of margir líta orðið á bæjarfulltrúastarfið sem aðalstarf og ég hef áhyggjur af því að menn missi tengsl við fólk í bænum.“ - kóp

Aðalmeðferð í umfangsmiklu þjófnaðarmáli stendur yfir í tvo daga í Héraðsdómi Reykjaness:

Átta Pólverjar fyrir rétti vegna þjófnaða

DÓMSTÓLAR Nokkur viðbúnaður var í Héraðsdómi Reykjaness í gær vegna fjölda sakborninga sem þá mættu fyrir rétti í umfangsmiklu þjófnaðarmáli. Þar eru átta menn af pólskum uppruna, um og yfir tvítugu, sökuð um aðild að fjölda þjófnaðarmála víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu á þessu ári.

Auk gæslumanna frá fangelsinu á Litla-Hrauni gættu lögreglumenn af höfuðborgarsvæðinu þess að allt færi vel fram. Aðalmeðferð í málinu hófst í gær og lýkur síðdegis í dag.

Auk sakargifta sem snúa að þjófnaðum er sambýliskona eins mannsins jafnframt sökuð um að hafa reynt að hylma yfir með honum og að hafa reynt að aðstoða við að koma stolnum munum í verð.

Handtökur fóru fram snemma í ágúst, en þrjú úr hópnun hafa setið í gæsluvarðhaldi síðan þá, tveir á Litla-Hrauni og einn í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík. Stúlkan var handtekin fyrir

utan verslunina Gull og Silfur eftir að hafa reynt að selja þar stolna skartgrip.

Létt var yfir sakborningum áður en réttarhöldin hófust í gærmorgun og heilsuðust glaðlega þeir sem mættir voru og hinir sem komið var með úr gæsluvarðhaldi.


Játning liggur fyrir í hluta sakargifta, en í öðrum neita sakborningar sök eða játa að hluta. Málin eru fjölmörg, en þau varða meðal annars innbrot í íbúðir og bíla, auk annarra þjófnaðarmála.

Unnustan sem sökuð er um hylmingu neitaði sök fyrir rétti í gær og kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því að um þýfi hafi verið að ræða. Unnusti hennar kvaðst hafa keypt stolnu munina af manni við víðeóleigu í Breiðholti og kvaðst hafa talið þá hluta af braski tengdu pólskri vefsíðu að nafni Forum þar sem hlutir gangi kaupum og sölu.

Andvirði stolinna muna í einum ákæru-liðanna er metið á 1,5 milljónir króna og kemur úr einu innbroti. - óká



Í HÉRAÐSDÓMI REYKJANESS Fagnaðarfundir urðu í hópi Pólverja sem sakaðir eru um fjölda þjófnaða þegar komið var með tvo úr hópnun sem setið hafa í gæsluvarðhaldi inn í Héraðsdóm Reykjaness í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VIST fyrir fyrirtækið þitt

Villuboðin heyra sögunni til

– þú heldur bara áfram að vinna

Með fyrirtækið í VIST getur þú dregið úr kostnaði um leið og þú færð trausta þjónustu sem tryggir öryggi gagna og aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum. Í VIST er heimasvæði fyrirtækisins hýst á netþjónum Símans sem eykur samnýtingu skjala og öryggi gagna.

Veldu hagkvæma og örugga VIST fyrir fyrirtækið þitt.

Með reglulegri afritun og vírusvörnum er öryggi tryggt enn frekar. Fyrirtækjapósturinn í VIST veitir starfsmönnum aðgang að póstinum hvar sem er, auk þess sem hægt er að deila dagbókum, tengiliðum og verkefnum.

VIST

Öryggi og
hagræðing
í rekstri

Það er Síminn

800 4000 • siminn.is

Samgöngur á Suðurnesjum: Tólf hundruð fóru með strætó

SAMGÖNGUR Rúmlega tólf hundruð farþegar nýttu sér strætóferðir milli Sandgerðis, Garðs og Reykjanesbæjar í október, að því er fram kemur á vef Vísirfréttanna. Byrjað var að bjóða upp á slíkar ferðir í byrjun október.

Um er að ræða samstarfsverkefni milli Sandgerðisbæjar, Garðs, SBK og Hópferða Sævars um að auka tíðni strætóferða á milli þessara byggðarlaga. Um tilraunaverkefni er að ræða sem verður endurskoðað um áramótin með tilliti til nýtingar. Strætisvagnferðirnar eru friar en boðið er upp á 53 ferðir í hverri viku, að því er segir á vf.is. - kh



BLEIKA SLAUFAN Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra með bleiku slaufuna.

Sölumet bleiku slaufunnar: 43 þúsund slaufur seldust

SÖFNUN Metár var í sölu bleiku slaufunnar, en alls seldust um 43.000 slaufur í átaki Krabbameinsfélagsins í október.

Slaufan var að þessu sinni hönnuð af skartgripahönnuðinum Sif Jakobs. Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands, segir fólk kunna að meta þá þjónustu og það starf sem félagið sinni, bæði þeir sem kljást við krabbamein og aðstandendur þeirra.

„Stuðningur almennings er okkur sérlega mikilvægur, en það er samtakamáttur fólksins í landinu sem hefur náð að gera Krabbameinsfélagið að því sem það er í dag,“ segir Guðrún Agnarsdóttir og þakkar þeim ótal mörgu einstaklingum og fyrirtækjum sem keyptu bleiku slaufuna en þess má geta að allir þeir sem seldu bleiku slaufuna gerðu það án þóknunar. - sbt

Aðalskipulag Bolungarvíkur: Rannsaka þurfi fyrir sjóvarnir

BOLUNGARVÍK Hugsanlegt er að ráðast þurfi í rannsóknir á hæðarbreytingum lands og öðrum þáttum er snerta sjóvarnir í Bolungarvík til að hægt sé að meta það með hvaða hætti er best að verja byggð og mannvirki fyrir ágangi sjávar á svæðinu. Þetta kemur fram í drögum að aðalskipulagi Bolungarvíkur fyrir árin 2008-2020 og sagt er frá á vef Bæjarins bestu.

„Horfa þarf mjög langt fram í tímann og taka tillit til langtíma sjávarstöðubreytinga við hönnun, því líftími bygginga getur verið hundruð ára. Líftími hafnarmannvirkja er yfirleitt talinn vera um 40-50 ár. Við skipulag og hönnun sjóvarna þarf jafnframt að huga að útsýni og ásynd byggðar,“ segir í drögum að aðalskipulagi Bolungarvíkur. - kh

DÓMSTÓLAR

Sló dyravörð í andlitið

Tæplega tvítugur maður hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás á skemmtistaðnum Valaskjálfi á Egilsstöðum. Maðurinn sló dyravörð á staðnum hnefahöggi í andlitið, þannig að fórnarlambið hlaut áverka.

Áskoranir og erfiðleikar – skóli án aðgreiningar til umræðu á ráðstefnu:

Verðum að skerpa sýn okkar og vita hvert stefnir

MENNTAMÁL Reynsla kennara og annars starfsfólks af framkvæmd skólustefnunnar Skóli án aðgreiningar verður til umræðu á ráðstefnu sem haldin verður á morgun. Ráðstefnan er önnur af þremur ráðstefnum sem fjalla um skólustefnuna sem hefur verið hin opinbera menntastefna Íslands síðan árið 1994.

„Markmiðið er að skerpa sýn okkar á stefnunna og skoða hvert við stefnum,“ segir Dóra S. Bjarnason, prófessor við menntavísindasvið Háskóla Íslands og formaður stjórnar Rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar. Að sögn Dóru verður á þessari ráðstefnu meðal annars fjallað um kröfurnar sem skólustefnan leggur á starfsfólk skólans, vandamál og áskoranir sem í henni felast. Hún segir skoðanir á skólustefnunni, sem hún kjósi að

kalla skóla margbreytileikans, vera mismunandi en rökræða um stefnuna sé mikilvæg.

Skóli án aðgreiningar felur meðal annars í sér að mælt er til þess að allir nemendur sækji sinn hverfis-skóla og fái sérkennslu þar ef á þarf að halda. „Við þurfum að mennta starfsfólk sem getur mætt mismunandi þörfum barnanna en við ætlumst ekki til þess að einn kennari sinni 30 börnum með afar mismunandi þarfir og sérþarfir án nokkurrar aðstoðar, slíkt reynir á samvinnu ólíkra starfsmanna skóla,“ segir Dóra.

Ráðstefnan fer fram á milli klukkan eitt og hálfimm á fimmtudag í fyrirlestarsalnum Skriðu sem er í húsnæði HÍ við Stakkahlíð. Þess má geta að erindin sem flutt eru á ráðstefnunum þremur verða gefin út næsta haust. - sbt



DÓRA S. BJARNASON Á ráðstefnunni á morgun verður rætt um framkvæmd stefnunnar Skóli án aðgreiningar.

HARMUR ENGLANNA EFTIR JÓN KALMAN

SVONA LIFUM VIÐ



Hafi djöfullinn skapað eitthvað í þessum heimi, fyrir utan peningana, þá er það skafrenningur uppi á fjöllum. **Jón Kalman** hlaut einróma lof fyrir síðustu skáldsögu sína, **Himnaríki og helvíti**. Hér heldur hann áfram sögunni sem gerist fyrir meira en hundrað árum, inni í firði, á milli hárra fjalla, eiginlega á botni heimsins.

JÓN KALMAN HLAUT ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2005



„Snilldarverk!“

– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan

„Frábærlega skrifuð ... áhrifamikil og spennandi lesning.“

– Páll Baldvín Baldvinsson, Fréttablaðið

„Frásagnartækni Jóns Kalmans nær hér hæstu hæðum.“

– Gauti Kristmannsson, Víðsjá

„Himneskt“

– Steinunn Inga Óttarsdóttir, Morgunblaðið

GÓÐAR FRÉTTIR

Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Fridreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafið samband við Pósthúsið í síma 585 8300.



Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

Ásbyrgi	Verslunin Ásbyrgi ehf	Neskaupstaður	Olís
Baula	Verslun	Ólafsfjörður	Olís
Blönduós	N1	Ólafsvík	N1 – Olís
Dalvík	Potturinn og pannan	Raufarhöfn	Verslunin Urð
Egilsstaðir	N1 – Olís	Reyðarfjörður	N1 – Olís – N1
Eskifjörður	Shell skáli	Rif	Umboð Shell / Tandur
Fellabær	Kría veitingastaður	Sauðárkrókur	N1 – Shell skáli
Hella	Olís	Siglu fjörður	Olís
Hellissandur	Hraðbúð N1	Skagaströnd	Olís
Húsavík	N1 – Olís – Shell skáli	Staðarskáli	N1
Hvolsvöllur	N1	Stykkishólmur	Bónus – Olís – Bakarí
Höfn	N1 – Olís	Stöðvarfjörður	Brekkan veitingastaður
Ísafjörður	N1	Vestm.eyjar	N1
Kópasker	Búðin Kópasker	Viðigerði	Verslunin Viðigerði
Laugavatn	Tjaldmiðstöðin	Vík	N1
		Vopnafjörður	N1
		Þórshöfn	N1

Hægt er að fá Fréttablaðið sent
frítt í tölvupósti á morgnana
eða nálgast það á Visir.is.



Allt sem þú þarft...

ATHAFNAVIKA: Líf og fjör hjá hjónunum á Café Loka



ATHAFNASEMIN ALLSRÁÐANDI
Hrönn sýnir hér rúgbrauðsréttina og í baksýn má sjá glitta í forlata handstúkur eftir íslenskar listakonur.

Léku sér að rúgbrauði

Hjónin sem reka Café Loka og verslunina Textíl buðu upp á framandi rúgbrauðsrétti í tilefni Athafnavíku og sýndu handstúkur eftir kvenhönnuði. „Vala Matt gat ekki hamið sig yfir rúgbrauðsísnum,“ segir Hrönn Vilhelmsdóttir kát.

Það var liflegt á Café Loka við Lokastíg í gær þegar boðið var upp á rúgbrauðsveislu í tilefni Athafnavíku. Meðal annars var boðið upp á framandi rétti á borð við rúgbrauðsís og rúgbrauðskex.

„Við köllum þetta Leik að rúgbrauði,“ segir Hrönn Vilhelmsdóttir, sem rekur Café Loka og hönnunarverslunina Textíl ásamt manni sínum, Þórólfi Antonssyni.

„Við erum með mjög gott rúgbrauð alla daga en í tilefni af Athafnavíkunni ákváðum við að breyta til og gera tilraunir,“ segir Hrönn. Þau hafi því boðið upp á margrétta rúgbrauðsmáltíð með nýstárlegum samsetningum.

Á matseðlinum er rúgbrauð með

fjórum áleggstegundum: karrísíldarsalati, tvíreyktu hangikjötstatar og piparrótarrjóma, silungi og eggjahlaupi og síðast salamíblómi. Þar að auki var boðið upp á rúgbrauðsís með þurrkuðu rúgbrauði sem líkist krókant, og svokallað rúgbrauðskex, sem í raun er þurrkað rúgbrauð og segir Hrönn það lostæti með volgri lifrarkæfu.

„Það var mjög liflegt hjá okkur í hádeginu,“ segir Hrönn. Fjöldi fólks hafi komið og gætt sér á rúgbrauðinu og öllum líkað vel. „Vala Matt gat ekki hamið sig yfir rúgbrauðsísnum. Henni fannst þetta svo gott,“ bætir Hrönn við. Líklega verði ísnum haldið á matseðlinum vegna vinsældanna. Réttirn-

ir verða í boði fram yfir helgi.

Þá hefur Laufey Steingrimsdóttir næringarfræðingur verið kölluð til á laugardaginn næsta til að flytja fyrirlestur um rúgbrauð og kosti þess. Þema Athafnavíknunar í gær var athafnasemi kvenna, og af því tilefni ákvað Hrönn að fá einnig nokkrar listakonur til að sýna handgerðar handstúkur og grifflur í versluninni Textíl á hæðinni fyrir neðan Café Loka.

Hrönn segir handstúkurnar hafa verið afar ólíkar. Ein listakonan hafi til dæmis gert sínar úr hreindýraleðri, önnur úr blöndu af þæfðri ull og silki og blúndum og sú þriðja úr jurtaletuðum bandi.

stigur@frettabladid.is



AUR-OM-201

Klínísk lyfjarannsókn

Er barnið þitt með væga eða meðalsvæsna bráða miðeyrnabólgu?



Óskað er eftir börnum tveggja ára eða eldri sem þjást af vægri eða meðalsvæsinni bráðri miðeyrnabólgu í klínískri lyfjarannsókn.

Sprotafyrirtækið Auris ehf. vinnur að þróun lyfs til meðhöndlunar á bráðri miðeyrnabólgu. Rannsóknin hefur fengið leyfi Vísindasíðanefndar, Persónuverndar og Lyfjastofnunar. Aðalrannsakandi er Hannes Petersen, sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnalækningum.

Rannsóknarlyfið inniheldur virka efnið tímól, sem er þekkt jurtaalyf innan læknis- og lyfjafræðinnar fyrir bakteríudrepanið eiginleika sína. Tímól er algengt innihaldsefni í ýmsum kvef- og hóstalyfjum, munnskólí og húðsmyrslum.

Tilgangur rannsóknarinnar er að leggja mat á verkun, öryggi og þol rannsóknalyfsins við meðferð á börnum, tveggja ára eða eldri, sem eru með væga eða meðalsvæsna bráða miðeyrnabólgu. Verkun lyfsins verður metin með smásjárskoðun (enska: otomicroscopy) á eyra, aðallega hljóðhimnu. Gert er ráð fyrir að hver þátttakandi sem klárar rannsóknina fái 6 skammta (meðferð) af lyfinu yfir þriggja daga tímabil. Rannsóknarlyfið verður gefið í eyrnagang í þar til gerðum eyrnatappa.

Mögulegar aukaverkanir af útvortis notkun tímóls eru m.a. erting (sviði, roði, kláði).

Við meðferð með rannsóknarlyfinu gæti þátttakandi fundið fyrir smá sviða eða ertingu í eyra fyrst á eftir gjöf lyfsins. Hins vegar er vonast til að eyrnatappinn sem notaður verður til að gefa lyfið muni draga verulega úr ertingu eða jafnvel koma alveg í veg fyrir hana. Önnur áhætta af þátttöku felst í mögulegum ófyrirséðum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins.

Þetta er í fyrsta skipti sem tímól er gefið börnum með eyrnabólgu í klínískri lyfjarannsókn. Lyfið hefur áður verið gefið heilbrigðum fullorðnum einstaklingum í rannsókn sem fór fram á Íslandi 2008.

Alls er gert ráð fyrir 75 þátttakendum í rannsókninni. Rannsóknin mun fara fram á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Háls-, nef- og eyrnadeild, Fossvogi, 108 Reykjavík. Þátttakendur koma í þrjár heimsóknir á u.þ.b 8 daga tímabili á rannsóknarsetur og hitta rannsóknarlækni. Gert er ráð fyrir að skimunarheimsóknin muni taka um 60 til 75 mínútur en aðrar heimsóknir muni taka um 45 mínútur eða skemur.

Ekki verður greitt fyrir þátttöku.

Þeir foreldrar/forráðamenn barna sem kynnu að hafa áhuga er bent á að leita frekari upplýsinga um rannsóknina á rannsóknarsetri í síma 664 9901 eða 664 9902.

Tekið skal fram að þeir sem hafa samband við rannsóknarsetur hafa á engan hátt skuldbundið sig (barnið sitt) til að taka þátt í rannsókninni. Taki barnið þátt, getur foreldri/forráðamaður þess dregið það út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

Fjárhagsvandi Álftaness: Sérfræðiskýrsla er í smíðum

SVEITARFÉLÖG. Sérfræðingur á vegum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) vinnur nú að úttekt á fjármálum sveitarfélagsins Álftaness. Sveitarfélagið leitaði aðstoðar FES um síðustu mánaðamót vegna mikils fjárhagsvanda.

Að sögn Jóhannesar Finns Halldórssonar, framkvæmdastjóra EFS, mun skýrsla um stöðu mála á Álftanesi liggja fyrir 10. desember. Skýrslan verður grundvöllur tillagna sem EFS gerir um úrbætur í fjármálum sveitarfélagsins. Meðal úrræða sem eftirlitsnefndin hefur er að hækka útsvar tímabundið um allt að 25 prósent. - pg



HELLISHEIÐAVIRKJUN Mælingar sýna að mengun frá virkjununum er undir viðmiðunarmörkum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brennisteinsvetnismengun:

Fer ekki yfir viðmið WHO

VIKJANIR Brennisteinsvetnismengun af virkjun Orkuveitu Reykjavíkur á Hellsheiði fer ekki yfir viðmiðunarmörk Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), líkt og sagt var í Fréttablaðinu í gær.

WHO miðar við sólarhringsmeðaltal og mengun frá virkjununum er langt undir því. Hún er hins vegar yfir klukkutímamörkum sem gilda víða erlendis, meðal annars á Hawaii. Slík mörk eru þó ekki í gildi hér og því er miðað við sólarhringsmeðaltal WHO. Hæstu toppar í sólarhringsmeðaltali í Hveragerði eru fjórum sinnum lægri en það viðmið. - kóp

ALPINGI

Eygló spyr um forsetann

Eygló Harðardóttir, Framsóknarflokkur, hefur lagt fram fyrirspurn til forsætisráðherra um sérverkefni sem forseti Íslands hefur látið vinna fyrir sig. Spyr hún um ráðgjafarfrýrtæki og einstaklinga sem unnið hafa fyrir forsetann, tilefni verkefna og kostnað við þau.



Fimmtudaginn 19. nóvember í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands

Ábyrgð á Internetinu

Responsibility for Expression and Information on the Internet

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og dómsmála- og mannréttindaráðuneytið efna til alþjóðlegrar ráðstefnu um ábyrgð á birtingu og dreifingu efnis á Internetinu. Fjallað verður um helstu knýjandi álitæfni á þessu sviði, m.a. um alþjóðlega dreifingu á barnaklámi, kynþáttahatri og meiðyrðum, hvernig gerendur verði fundnir og hvar þeir verði dregnir til ábyrgðar fyrir dómstólum. Þá verður fjallað um skyldu ríkja til að vernda friðhelgi einkalífs einstaklinga. Norræna ráðherranefndin veitir styrk vegna ráðstefnunnar í tilefni af formennsku Íslands árið 2009.

Dagskrá ráðstefnunnar

- 13.00-13.10 Þórunn J. Hafstein, settur ráðuneytisstjóri dómsmála- og mannréttindaráðuneytis
- 13.10-13.30 **Fighting Cybercrime: Meaning of Council of Europe Cybercrime Convention 2001**
Próf. Emeritus Dr. Henrik W.K. Kaspersen, ráðgjafi Evrópuráðsins og hollenska dómsmálaráðuneytisins á sviði netglæpa
- 13:30-13.50 **State Obligations under Article 8 of the ECHR**
Ph.D. Jukka Viljanen, lektor í mannréttindum við háskólann í Tampere, Finnlandi
- 13.50-14.10 **The Legal Control of Pornography and Hate Speech on the Net in the United Kingdom**
Próf. Eric Barendt, Goodman prófessor í fjölmiðlarétti við University College, London
- 14.10-14.25 **Fyrirspurnir og umræður**
- 14.25-15.00 Kaffihlé
- 15.00-15.20 **Jurisdictional Issues in Private Litigation**
Dr. juris Kyrre Eggen, hæstaréttarlögmaður og einn eigenda lögfræðistofunnar Wiersholm, Mellbye & Bech í Osló.
- 15.20-15.40 **Responsibility for Internet Defamation in Icelandic Law**
Eiríkur Jónsson LL.M., lektor og doktorsnemi við Lagadeild Háskóla Íslands, LOGOS lögmannsþjónusta styrkir stöðuna
- 15.40-16.00 **How to prevent Anonymity on the Internet**
Ph.D. Haukur Arnþórsson, stjórnslufræðingur
- 16.00-16.15 **The Internet and the Media**
Arni Matthíasson, blaðamaður og verkstjóri á mbl.is og umsjónarmaður blog.is
- 16.15-16.45 **Fyrirspurnir og umræður**
Fundarstjóri: Björg Thorarensen, prófessor og forseti Lagadeildar Háskóla Íslands

Nánari upplýsingar: www.hi.is og http://hi.is/felagsvisindasvid_deildir/lagadeild/adal/conference
Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis.



MANNRÉTTINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS



norden
Norræna ráðherranefndin



DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ



Þórunn J. Hafstein



Henrik W.K. Kaspersen



Jukka Viljanen



Eric Barendt



Kyrre Eggen



Eiríkur Jónsson



Haukur Arnþórsson



Arni Matthíasson



Björg Thorarensen

Ég vil láta mér líða vel!

Náttúrulegt bætiefni fyrir konur á breytingarskeiði

Breytingarskeiðið er ekki sjúkdómur. Það er náttúrulegt ferli í ævi kvenna.

Breytingarskeiðinu geta hins vegar fylgt óþægindi.

Í náttúrunni má finna mild en afar virk efni við óþægindum

breytingarskeiðsins. KVENNABLÓMI er einstök samsetning

náttúruafna sem reynslan hefur sýnt að gagnast konum einstaklega vel

gegn óþægindum breytingarskeiðsins. KVENNABLÓMI inniheldur auk

þess drottningarhunang og kvöldvorrósaolíu.

Íslenskt bætiefni - framleitt samkvæmt ströngustu gæðastöðlum fyrir íslenskar aðstæður
Við höfum breytt forminu en höldum sömu innihaldsefnum og áður. Í stað töflu notum við belgi með virku efnunum í vökvaformi sem auðveldar og flýttir upptöku - en það þýðir að líkaminn nýtir þau betur. Framleiðslan er samkvæmt ströngustu gæðakröfum og GMP framleiðslustaðli.



NÚ MEÐ
BREYTTU OG
ENDURBÆTTU
SNIÐI!



heilsa
-hafðu það gott

FRÉTTASKÝRING: Saga DeCode öll

Kári stígur úr forstjórástólnum

DeCode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, óskaði eftir greiðslustöðvun í fyrrinótt. Fyrirtækið hefur átt við alvarlegan fjárhagsvanda að stríða og hefur keyrt á tekjum af eignasölu og lánsfé á yfirdráttarvöxtum á árinu. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson settist niður með Kára Stefánssyni, stofnanda fyrirtækisins.

„Þegar þú leiðir stórt verkefni eins og þetta þá þýðir ekki að taka aðeins kredit fyrir þegar vel gengur. Þú berð einnig ábyrgð á því sem miður fer,“ segir Kári Stefánsson, stofnandi og forstjóri deCode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar. „Þeir sem stjórna svona fyrirtæki bera ábyrgð á því hvaða leið er farin. Ég sá enga aðra leið,“ bætir hann við.

Greiðslustöðvun

DeCode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, óskaði í fyrrinótt eftir greiðslustöðvun í Delaware í Bandaríkjunum. Greiðslustöðvunin fellur undir 11. kafla bandarískra gjaldprotalaga og veitir fyrirtækinu greiðslustöðvun fram í janúar á næsta ári.

Í beinu framhaldi af greiðslustöðvuninni var skrifað undir kaupsamning við bandaríska fjárfestingarfélagið Saga Investments um kaup þess á Íslenskri erfðagreiningu (ÍE).

Saga Investments er fjárfestingarfélag í eigu Polaris Venture



KÁRI STEFÁNSSON Stofnandi og forstjóri deCode virtist þreyttur þegar hann ræddi við Fréttablaðið í gær. Hann stígur úr forstjórástólnum í kjölfar umskipta hjá ÍE á nýju ári. Hann verður stjórnarformaður og mun stýra þróunardeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Partners og Arch Venture Partners, sem eru þekktir fjárfestar í Bandaríkjunum á sviði líftækni. Félagið er meðal frumfjárfesta í deCode og hefur haft stjórnarmann í félaginu frá fyrstu árum.

Saga Investments lánar ÍE nægt fé til að reka fyrirtækið fram yfir næstu áramót en leggur því síðan til nægt rekstrarfé næstu tvö ár.

Á nýju ári verður ÍE skilið frá

deCode og mun það eftirleidis búa til greiningartæki og meta áhættusjúkdóma. Viðskiptamódelið verður eingöngu byggt á þróun og sölu á greiningartækjum og tengdri vinnu auk þjónustu við þá sem þurfa að láta arfbægreina gögn. Slitastjórn verður sett yfir deCode og verða hlutabréf þess tekin úr viðskiptum á bandarískum hlutabréfamarkaði. Engin breyting

verður á rekstri ÍE í Vatnsmýrinni en þar starfa um tvö hundruð manns, að sögn Kára.

Þegar allt verður gengið yfir fljótlega eftir áramótin er gert ráð fyrir að Kári stígi upp úr forstjórástólnum og Earl M. Collier, stjórnarformaður deCode, setjist í hann. Kári mun eftir það verða starfandi stjórnarformaður auk þess að stýra rannsóknum og búa til greiningarprófin. Collier mun stýra fyrirtækinu. Saman mynda þeir tveggja manna framkvæmdaráð sem tekur allar meiri háttar ákvarðanir um rekstur ÍE í framtíðinni.

Rekið fyrir lánsfé

Daglegt líf var með hefðbundnum hætti innan veggja ÍE í gær. Starfsfólk hafði ekki haft hugmynd um það sem von var á. Nokkrir sögðu sér létt eftir óvissuna sem vomað hafði yfir um nokkurra mánaða skeið. Kári sagði á hlut-hafafundi í nóvember í fyrra sjóði fyrirtækisins við það að tæmast og gæti svo farið að botninum næði um áramótin.

Samningaviðræður hafa staðið yfir við lánardrottna síðan fyrir síðustu áramót en þær skilað litlu. Þar á meðal var rætt við fjárfesta sem áttu skuldabréf útgefin af deCode árið 2006. Skuldabréfin

eru með breytirétti sem felur í sér að lánardrottinn gátu breytt þeim í hlutabréf. Lítil ávinningur er í því enda hefur verðmæti hlutabréfa fyrirtækisins legið undir einum dal á hlut, flokkast til aura-bréfa (e. penny stocks) og vega því lítið á móti kröfum.

Milli viðræðna hafa stjórnendur deCode losað um eignir og skorið niður í rekstri. Félagið seldi Landsbankanum vaxtaberandi skuldabréf úr eignasafni sínu í byrjun síðasta árs fyrir ellefu milljónir dala, jafnvirði 1,4 milljarða króna á þávirði. Það gaf fyrirtækinu súrefni til skamms tíma. Stefnit var að því að kaupa skuldabréfin aftur af bankanum um næstu áramót. Kári segir ekki verða úr því eins og málum sé háttáð. Skuldabréfin gefa vel af sér og telur hann Landsbankann allt eins geta hagnast á viðskiptunum.

DeCode greip til ýmissa annarra aðgerða til að vinda ofan af starfsemi, svo sem með lokun þróunardeildar í Bandaríkjunum sem kostaði sextíu manns vinnuna. Við það dró úr þróunarkostnaði.

Í september gerði fyrirtækið fjármögnunarsamning við Saga Investments. Samningurinn var eins konar lánalína sem fyrirtækið dró hiklaust á nokkrum sinnum fram undir það síðasta. Skuldir deCode við Saga Investments nema nú í kringum 4,4 milljónum dala, jafnvirði rúmum hálfum milljarði króna. Lánið ber átta prósentu vexti. Fyrirtækjum sem sækja í slíkt fé standa fáir aðrir kostir til boða og lýsir vel vandræðum deCode, líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku.

Skuldir deCode námu 230 milljónum dala, jafnvirði tæpra þrjátíu milljarða króna eftir fyrri hluta þessa árs. Fyrirtækið tapaði 24,3 milljónum dala á tímabilinu, sem jafngildir þremur milljörðum króna. Á sama tíma drógust tekurnar verulega saman. Þetta var þrettánda rekstrarár fyrirtækisins, sem aldrei hefur skilað hagnaði.

„DeCode var að öllum líkindum stofnað nokkrum árum of snemma. Tæknin var ekki til staðar sem við ætluðum að búa til. Á þeim tíma söfnuðum við skuldum sem varð baggi á fyrirtækinu. Nú reiknum við með hröðum vexti enda með hvassara viðskiptamódel,“ segir Kári Stefánsson.



FRÉTTASKÝRING

JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON
jonab@frettabladid.is

Ódauðlegur ástarþríhyrningur

SINFÓNÍFUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

SCHUMANN & BRAHMS I

Fim. 19.11.09 » 19:30

- Robert Schumann: Píanókonsert
- Johannes Brahms: Sinfónía nr. 4

Eva Ollikainen hljómstjóri
Antti Siirala einleikari

Schumann og Brahms tilheyrðu kunnasta ástarþríhyrningi tónlistarheimsins, ásamt hinni fögru og hæfileikaríku Clöru – konunni sem báðir elskuðu. Í tilefni af 200 ára afmæli Schumanns flytur SÍ verk þessara tónjöfra og byrjar á glæsilega píanó-konsertinum sem Robert samdi handa Clöru skömmu eftir að þau fengu að eigast. Tæpri hálfri öld síðar var hún líka sú fyrsta sem Brahms leyfði að heyra hina áhrifamiklu fjórðu sífóníu sína.

Miðasala á www.sinfonia.is og í síma 545 2500.

ADALSTYRKARADILAR

BORGUN

Morgunblaðið

„Að senda ljósgeisla inn í sálarmyrkrið – það er skylda listamannsins.“

Robert Schumann



Hluthafarnir tapa alltaf

1996 Kári Stefán snýr aftur til Íslands frá Bandaríkjunum með 400 milljónir króna til að stofna líftækniyrirtæki. Fjármagninu safnaði hann frá bandarískum fjárfestum. Fyrirtækið er stofnað í Delaware í Bandaríkjunum.

1998 Með lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði er lagður grunnur að rekstri deCode.

1999 Fjárfestingarbanki atvinnulífsins (FBA), Landsbankinn og Búnaðarbankinn kaupa sautján prósentu hlut í deCode. Stuttu síðar býtur FBA hlut sinn niður og selur hann til einstaklinga á svokölluðum gráum markaði. Þar fór verðið upp úr öllu valdi.

2000 Verð bréfa deCode fer í 65 dali á hlut á gráa markaðnum. 18. júlí sama ár eru hlutabréf fyrirtækisins skráð á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn í Bandaríkjunum. Upphafsverð var 28,5 dalir á hlut. Það fór hæst í 31,5 dali á fyrsta viðskiptadegi en náði aldrei þeim hæðum sem bréfin náðu á gráa markaðnum. Fjárfesting þeirra sem þar keyptu hlutina fengu aldrei sitt að fullu til baka.

2007 Greiningarprófið deCODEme kemur á markað. Sala stenst ekki væntingar.

2008 Gengi hlutabréfa í deCode fara undir einn dal á hlut í fyrsta sinn. Bréf fyrirtækisins voru tímabundið tekin úr viðskiptum á Nasdaq-markaðnum. Gengið virtist ætla að jafna sig í júlí þegar það náði 77 sentum á hlut. Það gekk ekki eftir.

17. nóvember 2009 deCode óskar eftir greiðslustöðvun í nóvember. Gengi hlutabréfanna hrynur um rúm áttaföt prósent, fellur úr 23 sentum á hlut í fjögur.

deCODE genetics

TILBOÐ

BAÐ & HREINLÆTISTÆKI

HERT ÖRYGGISGLER

VERÐ FRÁ:

24.900

UM 100
MISMUNANDI
GERÐIR OG STÆRÐIR
AF STURTUHORNUM
OG KLEFUM

VM 121 Sturtuhorn, heil opnun 80x80 og 90x90

til
afgreiðslu
af lager

MJÚKLOKANDI
SETA



35.900

WC upphengt á vegg með mjúklökandi setu



VERÐ FRÁ:

49.900

WC innbyggt með öllu, hvítum sturtuhnappi og mjúklökandi setu



VERÐ FRÁ:

19.900

WC með stút í gólf eða vegg - tvöföld skolun

EINSTAKT VERÐ
TAKMARKAÐ MAGN

Verð með ljósi, kappi, handlaug og spegli

69.900

5 CT-75 hvítt háglans 75x50 sm
MISMUNANDI STÆRÐIR



VERÐ FRÁ:
4.900

Christina Blöndunartæki með lyftitappa fyrir handlaug



VERÐ FRÁ:
4.900

Christina Blöndunartæki fyrir eldhús



VERÐ FRÁ:
39.900

Christina Hitastýrð blöndunartæki

Innfalið í verði: Ömmustöng, skiptir, handsturta, barki, sápukarfa og 20 sm sturtuhlemmur

www.i-t.is

INNRETTINGAR
& TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opnir virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Framtíð Landspítalans:

Nýr staður brýnn

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Menn segja nú þegar lífeyrissjóðir ætla að fjármagna risaframkvæmd Landspítalans í sunnanverðum Þingholtum að það sé of seint að huga að nýju staðarvali fyrir húsaflæmið. En það er ekki of seint: umferðarmannvirki sem standa neðan við byggingarsvæðið eru tekin að sanna sig og raunin er sú að þau valda ekki þeirri umferð sem þar fer um, nýja Hringbrautin endar í tveimur þungum flöskuhálsum, bæði við Öskjuhlíðarháls og við gatnamót Lönguhlíðar og Miklubrautar með tilheyrandi töfum, mengun og kostnaði. Fyrirsjáanlegt er að leggja verður í gríðarlegan kostnað við að grafa Miklubrautina niður í jörð og kemst hún þar varla fyrir. Svokallaður Hlíðarfótur gerir fátt meira en bæta aðgang að stórum vinnustöðum og umferðarmiðstöð undir Öskjuhlíð og á sér enga útleið suðureftir nema enn verði lagt í jarðgöng. Staðarval nýrra mannvirkja fyrir Landspítalann kallar á uppbyggingu mikilla umferðarmannvirkja með stjarnfræðilegum kostnaði fyrir borgarbúa og raunar landsmenn alla: göng undir Miklatún, Öskjuhlíð og Kársnes. Eldri möguleikar fyrir Landspítalann voru Fossvogur og Vífilsstaðir: Fossvogssvæðið er farið og Vífilsstaðir því einir eftir.

Nýlega hafa Árni Gunnarsson og Gestur Ólafsson bent á að nú er óðum að styrkjast umferðarás sem nær frá Borgarnesi suður í Reykjanesbæ. Inn á þann ás er auðvelt að komast af nesjabyggðinni allri. Engar líkur eru á að íbúar á Kársnesi og Álftanesi samþykki veg yfir Kópavog og suður enda stöðvast sú leið við byggðir sunnan Gardabæjar. Það er furdulegt og til marks um skammstíðni okkar í skipulagsmálum að ekki skuli hafa verið hugað að fleiri svæðum nærri þeim ás: nýlega hefur verið bent á Ártúnsholtið vestanvert sem er nærri þessum öxli og Vífilsstaðir eru það líka.

Helsta röksemin fyrir byggingu nýrra stórbygginga neðan við gamla spítalansvæðið er að þar séu fyrir byggingar sem nýta má áfram: menn eru einmitt að huga að nýjum byggingum vegna þess að rekstrarkostnaður í hinum eldri er óþægilega hár. Þá á eftir að endurnýja þær frá grunni með miklum tilkostnaði til annarra nota. Það eru því veik rök fyrir viðbótarmagni nútíma-húsnæðis skammt þar frá. Nálægð við Háskóla er líka nefnd til: bílastæðaflæmið við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík svarar þeirri röksemd: gera menn sér virkilega vonir um að þeir sem koma á bílum á þessa tvo staði fari fótgangandi í tíma í kennslusjúkrahúsinu?

Kjarni málsins er að staðarval nýja Landspítalans er til marks um veika skipulagsstjórn á öllu höfuðborgarsvæðinu þar sem flokkslegt smákóngaveldi hefur fengið að haldast við þótt öll rök hnígi að því að sveitarfélagið verði eitt: frá Kjalarnesi suður fyrir Hafnarfjörð, hvernig svo sem grenndarlýðræði kæmi að stjórn stakra hverfa. Þessu úrelta fyrirkomulagi fylgir margvislegt óhagræði sem stjórnmalaflokkarnir bera ábyrgð á og íbúar og fyrirtæki borga dýrum dómum: höfuðborgarsvæðið er smábörg í raun en ekki löng röð bæjarfélaga. Og músarholu-sjónarmiðin eru okkur dýr.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabankum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Skóli · Íþróttir · Tímstundir

Í GRAFARVOGI

Opinn íbúafundur um menntamál og íþrótt- og tímstundamál í Grafarvogi verður haldinn: í Rimaskóla fimmtudaginn 19. nóvember 2009 kl. 17:30 – 19:00

Frummælandi:

Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs og íþrótt- og tímstundaráðs.

Sjónarmið íbúa:

Elísabet Gísladóttir, formaður íbúasamtaka Grafarvogs

Fjallað verður um skólalæsi, íþróttir og tímstundamál og farið yfir stöðuna í uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja í hverfinu. Þá verður kynnt vinna við mótun nýrrar menntastefnu á vegum Reykjavíkurborgar. Að loknum inngangserindum verða umræður með þátttöku íbúa og fulltrúum Menntasviðs og Íþrótt- og tímstundavíðs.



FRÁ DEGI TIL DAGS

Daði úr Döllum

Sjaldan hefur nafn þingmanns verið á jafn miklu reiki og nafn Ásmundar Einars Daðasonar, þingmanns VG og nýbakaðs formanns Heimssýnar, sem þarf iðulega að þola að vera endurskírður Ásmundur Daði og feðraður einhverjum Einari. Það er svona svipað og ef Björgvin G. Sigurðsson væri kallaður G. Sigurður Björgvinsson er hann er sonur Daða Einarssonar úr Döllum. Það stuðlar. Úr þessu má búa til lítinn leik, sem má nota þegar vafi leikur á föðurnafni Ásmundar Einars. Þá er nóg að hugsa: Hver er aftur úr Döllum? Jú, einmitt – það er hann Dala-Daði.

Teygjuvikan

Nú er athafnavika. Á mánudag var Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra gefin svonefnd athafnateygja til að hvetja hana til dáða. Af því tilefni sagðist Katrín ætla að „reka smíðshöggið á áætlan um orkuskipti, að í stað innflutts eldsneytis verði notuð innlend framleiðsla á bílaflokkann“. Það er hugreystandi að vita að lokaáfanginn í áætlun ríkisstjórnarinnar um að skipta útlendu eldsneyti út fyrir íslenskt hvíldi á einni teygju.

Virknivæðingin

Enn um athafnir, eða öllu heldur iðjuleysi. Ríkisstjórnin hefur kynnt tillögur sem miða að því að koma ungu fólki til verka. Hugmyndin er sú að skera niður atvinnuleysisbætur til fólks á aldrinum 18 til 24 ára og nota peningana til að fjármagna menntunarkosti. Gylfa Arnbjörnssyni list ekki vel á þetta og segir að ekki hafi verið nógu mikið lagt upp úr „virknivæðingu“ ungs fólks. Unnur Sverrisdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Vinnu- málastofnunar, segir aftur á móti að lögð hafi verið áhersla á að halda ungu fólki „í virkni“. Gylfi og Unnur fengu kannski senda athafnateygju í tilefni vikunnar, en þau verða að bíða aðeins lengur eftir Jónasarteygjunni fyrir gott mál. bergsteinn@frettabladid.is



Faglegar ráðningar

Ígrein minni um pólitískar vinnuráðningar sem birtist hér í Fréttablaðinu hinn 11. nóvember sl. lagði ég til að sett yrði á laggirnar ráðningastofa stjórnsýslunnar. Ástæðan er sú að eftirlit umboðsmanns Alþingis með ákvörðunum stjórnsýslunnar er þess eðlis að því er einungis ætlað að taka mál til skoðunar eftir að ákvörðun hefur verið tekin og þá því aðeins að ákvörðun sé kærð. Verði niðurstaða af kærðu kærandanum í vil getur kærandi höfðað skaðabótamál. Ráðningarákvörðunin sem kærð var stendur hins vegar óhögguð og sá sem hana tók hefur náð sínu fram, en þarf sjálfur ekki að axla beina ábyrgð á ákvörðuninni. Þetta eftirlitskerfi býður því bæði upp á hrakval og freistnivanda: hrakval vegna þess að ekki er með öllu ljóst hvað raunverulega ræður ákvörðunum um ráðningar í stöður hins opinbera, og freistnivanda vegna þess að sá sem tekur ákvörðun nær sínu fram þrátt fyrir kærðu og þarf ekki að axla beina ábyrgð á niðurstöðum kærunnar.

Embætti umboðsmanns Alþingis fer með eftirlit með stjórnsýslu-ákvörðunum þ.m.t. ákvörðunum um ráðningar í embætti og störf innan stjórnsýslunnar. Þetta eftirlit er „eftir-á-efirlit“, (e. ex-post) þar sem umboðsmanni er ætlað að rannsaka ákvarðanaferlið eftir að ákvörðun hefur verið tekin og þá einungis ef einhver kærir ákvörðunina. Hafi ráðuneyti eða opinber stofnun brotið reglur um t.d. auglýsingar á lausum störfum þá er það matsatriði hjá umboðsmanni, fái hann ábendingu um brotið, hvort embættið eigi að bregðast við eða ekki. Inngrip í máli er alls ekki sjálfgefið enda málið á þessu stigi ekki í verkahring umboðsmanns. Rétturinn til að kæra ákvörðun á að duga til að þeir sem eru að taka ákvarðanir viðhafi vönduð og gegnsæ



SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR Í DAG | Ráðningastofa stjórnsýslunnar

vinnubrögð sem standist eftirráskoðun umboðsmanns Alþingis ef til kærur kemur. Komist umboðsmáður við skoðun slíkrar kærðu að þeirri niðurstöðu að ranglega hafi verið staðið að ráðningarákvörðun ógildir það ekki ráðninguna. Hún stendur.

Ráðningastofa stjórnsýslunnar á að veita framkvæmdavaldinu aðhald með því að koma að þessu ferli strax í upphafi og annast val og ráðningu í æðstu embætti og áhrifastöðum innan framkvæmdavaldsins. Þannig á ráðningastofan að geta staðlað gæði og öryggi þeirrar þjónustu sem stjórnsýslunni er ætlað að veita þeim kjörnu fulltrúum sem fara með framkvæmdavaldið hverju sinni, þ.e. ráðherrum, með því að sjá til þess að ákvarðanir um ráðningar séu byggðar á sambærilegu mati á umsækjendum sem allir uppfylla tiltekna kröfur um menntun, hæfni og reynslu. Með gegnsæjum hætti er hér reynt að tryggja að framsali valds frá þingi til framkvæmdavalds fylgi bestu hugsanleg skilyrði hvað varðar mannauð og þekkingu. Höfuðáherslan er á faglega stjórnsýslu sem hefur þá skyldu, hæfni og þekkingu að geta þjónað kjörnum fulltrúum án tillits til þess hvaða stjórnmalaflokki þeir tilheyra. Í þessari tegund eftirlits er lagt upp með það að í upphafi skyldi endinn skoða, þ.e. „fyrirfram-efirlit“ (e. ex-ante).

Fyrirmyndin að ráðningastofu stjórnsýslunnar er sótt m.a. til Bretlands, Ástralíu og Canada (Civil/Public Service Commission). Auk ráðninga í æðstu embætti og áhrifastöðum verði ráðningastofunni falið að fara með samræmda innleiðingu síðareglna fyrir ráðherra og starfsfólk stjórnarráðsins og aðlögun alþjóðlegra leiðbeininga þar um í stjórnarráðinu öllu. Slík ráðningastofa myndi nýta sér þjónustu ráðningar- og mannaúsfyrirtækja á markaði upp að ákveðnu stigi í ráðningarferlinu eina og nú er raunin. Hins vegar er fráleitt að útvinna alfarið ráðningu í æðstu embætti stjórnsýslunnar. Ekkert stórfyrirtæki myndi láta öðrum eftir að velja lykilstarfsmenn fyrirtækisins. Slíkt ætti heldur ekki að eiga sér stað með stjórnsýsluna sem er hluti af hinu lýðræðislega ferli. Stjórnsýslan verður að hafa á að skipa stjórnendum sem hafa sérhæft sig í framkvæmd lýðræðislega valdi, þ.e. þinginu. Hin þingskipaða nefnd ætti jafnvel að lúta formennsku fulltrúa minnihlutans á þingi. Sú leið er í samræmi við þær hugmyndir sem uppi eru um að styrkja eftirlitshlutverk þingsins.

Starfsemi ráðningastofu stjórnsýslunnar getur m.a. dregið úr kostnaði sem kann að fylgja skaðabótakröfum á hendur ríknu og einnig persónulegum kostnaði þeirra sem fara þá erfiðu leið að leita réttar síns hjá umboðsmanni Alþingis.

Höfundur er stjórnsýslufræðingur.

Það sem er barninu fyrir bestu

UMRÆÐAN

Ásta Margrét Helgadóttir skrifar um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Í tilefni af 20 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna ætla ég að fjalla um 3. grein sáttmálans auk annarra. Þegar ég frétti að ég ætti að skrifa þessa grein hugsaði ég að það ætti eftir að vera erfitt að skrifa þetta svo að börn væru til í að lesa þetta. Ég þekki það sjálf að flest börn vilja ekki viðurkenna að allar þessar reglur sem foreldrar okkar og kennarar setja eru bara til að vernda okkur.

Það hljómar kannski ekkert skemmtilega en við eigum rétt á að hafa reglur og það er okkur fyrir bestu. Það sem 3. greinin fjallar um er af yfirvöld þurfa að taka einhverjar ákvarðanir sem varða börn þurfa þau að hugsa fyrst um það sem er okkur fyrir bestu, t.d. ef yfirvöld þurfa að skera niður í skólum verða þau að passa að við fáum samt nógu góða menntun og að starfsmenn í skólum og



ÁSTA MARGRÉT HELGADÓTTIR

öðrum stofnunum sem annast börn séu ekki vanhæfir. Ég ætla líka að minnst á að foreldrar mega heldur ekki vera vanhæfir og það er réttur okkar að vera elskuð af foreldrum okkar og það er pottþétt það sem er okkur fyrir bestu.

En það er ekki bara 3. greinin sem fjallar um það sem er okkur börnunum fyrir bestu, heldur margar aðrar. Bráðum verður Barnasáttmálinn vonandi lögfestur og þá verður t.d. einelti ólöglegt samkvæmt 19. grein sáttmálans sem fjallar um vernd gegn ofbeldi og vanrækslu. Það þýðir að við eigum rétt á vernd gegn öllu ofbeldi andlegu sem líkamlegu og að bæði foreldrar okkar og stjórnvöld verða að passa upp á okkur og mega ekki vanrækja okkur. 33.-36. grein segja frá því að við eigum líka rétt á vernd gegn ávana- og fíkniefnum, öllu ofbeldi og allri annarri misnotkun sem getur stefnt velferð okkar í hættu.

Höfundur skrifar fyrir hönd ráðgjafarhóps umboðsmanns barna.

HAMINGJU-HÁDEGI eru haldin í Guðríðarkirkju í Grafarholti alla miðvikudaga klukkan 12.10. Í dag halda Óperu-ídivurnar Davíð og Stefán tónleika með söng og glens. Í næstu viku er stílað inn á hláturjóga og félagsvist og 2. desember verður karlakórinn Voces Masculum með tónleika ásamt landsþekktum einsöngvurum.



ALLT

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

FRÉTTABLAÐIÐ



Lin Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



„Þarna í þorpinu leið mér iðulega eins og vinalaga risanum sem labbar um, veifar, klappar öllum á kollinn og brosir,“ segir Borgar sem dvaldi hjá ítalskri fjölskyldu í litlu þorpi við landamæri Frakklands.

Í paradís fyrir lágvaxna

Borgar Guðjónsson upplifði eka ítalska stemningu þegar hann bjó hjá heimafólki í þorpinu Ventimiglia í tvær vikur. Finniskur ökuþór var það eina sem kiptti honum reglulega inn í nútímann.

„Það er ótrúleg upplifun að búa hjá alvöru ítalskri fjölskyldu,“ segir Borgar Guðjónsson, starfsmaður hjá Emmessís. Borgar dvaldi í Ventimiglia, 20.000 manna þorpi á Ítalíu, skammt frá frönsku landamærunum, í tvær vikur fyrir áratug.

Ferðalagið kom þannig til að þáverandi samstarfsmaður Borgars hjá Sól-Víking, hinn ítalski Pino Salvatore, bauð Borgari að búa hjá sér og fjölskyldu sinni í þorpinu. „Gestrinn var ótrúleg,“ segir Borgar. „Þau voru þrjú í heimili og ég gestur, en öll kvöld var eldað margréttad eins og fyrir tólf manns. Þegar öðrum fjölskyldum var boðið í mat var eldaður nægur matur fyrir fjórutíu manns, jafnvel þótt við værum einungis tíu við borðið.“

Borgar segir karlmennina ekki hafa komið nálægt matargerðinni að neinu leyti. „Ég olli nánast hneykslun þegar ég ætlaði að taka disk af borðinu. Þá varð bara þögn,

karlarnir horfðu á mig og hugsuðu væntanlega með sér hverslags kerling ég væri eiginlega.“

Dögnum eyddi Borgar í ról-egheitum í þorpinu. Hann fór á ströndina, synti í sjónum og sótti marga útimarkaði. Einn slíkur í þorpinu er þekktur sem einn sá elsti sinnar tegundar í Evrópu. Nálægðin við landamærin gerði það líka að verkum að hægur leikur var að skjótast yfir til Mónakó með lest.

„Þetta þorp var algjör draumur,“ segir Borgar. „Það er staðsett í fjallshlíð og mér fannst stundum eins og ég væri staddur í sígildri ítalskri kyikmynd frá sjötta áratugnum. Ég bjóst hálfpartinn við að á hverri stundu myndi Sophia Loren hlaupa framhjá, ég myndi grípa hana og saman myndum við velta niður í sandinn. Þá hafði ég reyndar í huga Sophiu eins og hún leit út fyrir nokkuð mörgum árum,“ segir Borgar og hlær.

Að sögn Borgars var í raun fátt

í þorpinu sem minnti á að ártalið var 1999. „Einu skiptin sem mér var kiptt inn í nútímann var þegar ég gekk framhjá þorps-pöbbunum og allir voru að horfa á Formúlu 1 í sjónvarpinu og hvetja ökuþórinn Mika Häkkinen til dáða. Ítalirnir dýrkuðu hann.“

Borgar er 1,73 metrar á hæð, nokkuð undir meðalhæð íslenskra karlmanna, og segist aldrei hafa verið viðkvæmur fyrir smæð sinni. „Þarna í þorpinu leið mér iðulega eins og vinalaga risanum sem labbar um, veifar, klappar öllum á kollinn og brosir. Þetta er paradís fyrir lágvaxna menn sem vilja upplifa sig eins og landsliðsmenn í körfuknattleik,“ segir Borgar.

Sterk vinátutengsl hafa myndast milli Borgars og ítalsku fjölskyldunnar. „Þau komu í brúðkaupið mitt þremur árum síðar og mig langar afar mikið til að heim-sækja þau aftur.“

kjartan@frettabladid.is

ALLT TIL INNPÖKKUNAR

ÖSKJUR Í MIKLU ÚRVALI

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opíð 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.hora.is info@hora.is Háskulagata 2 110 Rvk Sími: 535-8500

VÍSIR.IS

“...ég sá það á vísi”

Jeppadekk - Heilsársdekk - Nagladekk

Mundu eftir að finna **besta verðið** áður en þú kaupir þér dekk

Sýndu fyrirhyggju - ekki lenda í biðröð

-15%

AFSLÁTTUR

BÍLKÓ

ATH. OPÍÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Þjónustumiðstöð bílsins

JÓLIN KOMA

PIPARKÖKUR mega vera margs konar í laginu. Gaman getur verið að skera þær út í líki mismunandi fuglategunda og skreyta með fjölbreyttum litum.



10% afsláttur af jólakortum til 4. des

myndval
Þönglabakka (Mjódd) 4 sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

Leðuriðjan ehf. Atson - Brautarholti 4, 105 Reykjavík
Sími 561-0060 - www.atson.is



Íslensk hönnun - Íslenskt handverk - Íslenskt hráefni

Fínir skór á litla fætur

Margrét Dóru Eðvarðsdóttur, dagmömmu á Akureyri, langaði að dóttirin fengi fína skó og ákvað að sauma þá sjálf úr lituðu roði. Nú selur hún slíka skó í mörgum litum í versluninni Sirku á Akureyri.

„Ég eignaðist dóttur þegar ég var fjörutíu og fimm ára og fékk þessa hugmynd út frá henni. Mig langaði svo að hún eignaðist einhverja fína inniskó,“ segir Margrét Dóra glaðlega um tildrög þess að hún fór að framleiða roðskó á litla fætur. Hún kveðst alltaf hafa verið gefin fyrir sauma en eignar mágkonu sinni efnisvalið. „Hún er að læra hönnun úti í Kaupmannahöfn og kom með þá hugmynd að ég gerði skóna úr laxaróði. Ég skrapp á Sauðárkrök og keypti mér roð í skinnaverkuninni, svo gerði ég snið og prófaði mig áfram og þetta var komið áður en ég vissi af.“

Margrét Dóra segir skóna hafa fallið í góðan jarðveg. „Mest allt fer út úr höndunum á mér jafnóðum,“ segir hún hlæjandi.

Skírnarskór eru á teikniborðinu hjá Margrét og reyndar kveðst hún búin að gera prufur og gefa. Þeir eru úr lökkuðu hvítu roði og hnýttir saman með slaufborða. Í þeim er laxaróð í botninum líka enda skírnarbörn yfirleitt ekki farin að stíga í fætur en í hinum er lambaskinn í botninum og grófa hliðin út svo þeir séu ekki sleipir.


Roðskór-



Margrét Dóra handlingur roði ásamt dótturinni, Auði Berglindí Arnarsdóttur.



ir eru í tveimur stærðum. 17-18 sem ætlaðir eru á sex til tólf mánaða og og 19-20 á tólf til átján mánaða. Margrét Dóra framleiðir þá í nokkrum litum. „Ég sauma skóna á 40 ára gamla Bern-



ina-saumavél sem mamma mín átti. Ég fór með vélinna á verkstæði um daginn og hún fékk mjög góðan vitnisburð enda reynist hún mér vel.“

gun@frettabladid.is

Patti Húsgögn

Landsins mesta úrval af sófasettum



MAN-87-LEDUR BOGASÓFI

299.900 KR
VERÐ ÁÐUR 469.000 KR



BOSTON-LUX

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

- ◆ Tungusófar
- ◆ Sófasett
- ◆ Stakir sófar
- ◆ Hornsófar



NICE

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



ROMA

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



BONN

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



BOSTON-LUX

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



MAN-8356 3+1+1

149.900 KR
VERÐ ÁÐUR 399.900 KR



P-8185

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Hittu heiminn með AFS


AFS skiptinemasamtökin munu vera með opið hús á morgun, miðvikudag, kl. 17-19 í húsakynnum samtakanna að Ingólfsstræti 3, Reykjavík.

Allir þeir sem vilja forvitanst um skiptinemasamtök eða starf okkar almennt eru hvattir til að kíkja við og kynna sér það sem við höfum uppá að bjóða.

AFS á Íslandi • Sími 552 5450 • www.afs.is

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

110
ÁRA
1899-2009

HÁTÍÐARRIT

Stofnun Fríkirkjunnar í Reykjavík í lok 19. aldar er með merkari atburðum íslenskrar kirkjusögu. Frá byrjun var Fríkirkjan grasrótarhreyfing og nýtt lýðræðisafli í ferskum anda nýfengins trúfrelsis. Hún var stofnuð af íslenskri alþjóðu en ekki goðum, höfðingjum, valds- eða embættismönnum. Iðnaðarmenn og barnmargar verkamannafjölskyldur voru í fararbroddi sem og fjöl-


skyldur sjómanna og bænda sem voru að flytja til Reykjavíkur. Stofnun Fríkirkjunnar gegndi mikilvægu hlutverki í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Stofnunin og síðan bygging hinnar stóru viðarkirkju við Tjörnina einkenndist af einstakri framtakssemi, trú, von og djörfung. Á fyrri hluta síðustu aldar tilheyrði helmingur íbúa Reykjavíkur Fríkirkjunni og því hefur hún alltaf verið miðlæg í sögu borgar og menningarlífs landsmanna.

Allir eru velkomnir í Fríkirkjuna, óháð þjóðerni, litarhætti, tungumáli, kyni, kynhneigð, samfélagsstöðu eða trú.

Okkar samfélagslegu gildi og trúarlegu leiðarljós hafa frá upphafi verið: Heiðarleiki, jafnræði, frelsi, djörfung, mannréttindi, umburðarlyndi og víðsýni. Allt eru þetta gildi sem eiga sér djúpar og órjúfanlegar rætur í þjóðarsál okkar.

Fríkirkjan í Reykjavík þakkar af alhug þeim mörgu sem hafa haldið uppi og leitt starf kirkjunnar í 110 ár. Víst er að Kvenfélag Fríkirkjunnar hefur átt ríkulegan þátt í flestum þeim framfaramálum er Fríkirkjan hefur komið að. Blað þetta er helgað fjölmörgum velunnurum og það er von okkar að í því megi finna fróðleik um sögu okkar og starf, hugsjónir og framtíðarsýn.

GEYMIÐ BLAÐIÐ



Heiðarleiki
Jafnræði
Frelsi
Djörfung
Mannréttindi
Umburðarlyndi
Vísýni



Vettvangur trúarleitar, tilbeiðslu og tjáningar

● Frikirkjan í Reykjavík er langstærsti söfnuður landsins þar sem einn prestur þjónar. Safnaðarfélagar eru næstum níu þúsund og sífellt fjölgar í hópnun.

Frikirkjan í Reykjavík fagnar nú hundrað og tíu ára afmæli sínu. Á langri þroskavegferð hefur hún bæði upplifað raunir sem og mikla gleði og sigra og mætir nú þessum tímamótum sem fjölmennt frjálst íslenskt grasrót-artrúfélag, í jöfnun en örnum vexti.

Til samanburðar má nefna að þjóðkirkjan er aðeins um eitt hundrað ára gömul! En á þá augljósu staðreynd benti einmitt einn helsti prófessor guðfræðideildar Háskóla Íslands nú fyrir skömmu.

Frikirkjan í Reykjavík er þakklát fyrir þann gífurlega stuðning og meðbyr sem hún hefur notið. Þúsundir Íslendinga hafa gerst meðlimir og augljóst er að margfalt fleiri taka undir áherslur okkar.

Við fögnum því sérstaklega að Frikirkjan er aftur orðin miðlæg í fjölbreytilegu og skapandi tónlistarlífi landsmanna. Jafnt ungir og ómótaðir listamenn sem okkar allra færustu snillingar flytja þar tónlist sína og fyrir það erum við þakklát. Það minnir á þá gömlu tíma þegar Frikirkjan var í áratugi, hljómfegursta og stærsta tónlistarhúsi borgarinnar og landsmanna allra.

Vöxtur Frikirkjunnar er nokkuð einstakur. Almennt hefur kristni og kirkja átt erfiðara uppdráttar í Evrópu en flestum öðrum heimsálfum sökum náinna tengsla ríkis og ríkiskirkju í mörg hundruð ár. Þau nánu tengsl hafa átt stóran þátt í hinni svokölluðu afhelgun samfélagsins og gert upplýst fólk almennt fráhverft trú og kristni.

FRÍKIRKJAN VIÐ TJÖRNINA

Sem dæmi um vöxt Frikirkjunnar má nefna dæmi úr allra nánasta umhverfi okkar. Nokkrum þúsundum fleiri tilheyra nú Frikirkjunni við Tjörnina en báðum nágranna-söfnuðunum, Dómkirkjusöfnuði og Hallgrímskirkjusöfnuði, en þar starfar nú dágóður hópur ríkislaunaðra presta auk fjölda annarra starfsmanna.

Frikirkjan í Reykjavík er nú æ oftar nefnd Frikirkjan við Tjörnina vegna þess að sífellt fleira fólk tilheyrir henni nú sem búsett er utan Reykjavíkur. Og því hefur „Frikirkjan við Tjörnina“ víðari skírskotun og á einnig vel við þar sem það vísar til hennar einstöku náttúrulegu staðsetningar sem allir vita að er í hjarta Reykjavíkur og órjúfanlegur hluti af andliti og ímynd höfuborgarinnar í 110 ár.

Frikirkjan við Tjörnina hefur leitast við að vera trú uppruna sínum með því að leggja áherslu á eftirfarandi gildi sem eru m.a. frelsi, lýðræði og jafnræði í hinni samfélagslegu umgjörð. Og hvað varðar trúarlega sýn þá hefur víðsýni, umburðarlyndi og frjálslýndi verið haft að leiðarljósi frá upphafi. Frikirkjan metur mannréttindi ofar trúarlegum kreddum.

Eins hef ég, sem forstöðumaður Frikirkjunnar við Tjörnina í rúman áratug, markvisst varað við þeim miklu freistingum og syndum sem kristni og kristindómur glímir almennt við á okkar dögum. Hjáguðadýrkun hinna rétttrúðu hefur valdið ómældum skaða. Annars vegar er það flóttinn frá fjölhyggju samtímans inn í þröngsýna og útilokandi bókstafshyggju. Bókstafstrú malar tilveruna svart/hvítum litum, elur á skaðlegum fordómum og trúarlegri afturhaldsemi. Og þar er drifkrafturinn gjarnan



kvíði og ótti, í stað vonar og kærleika.

Hins vegar er það upphafning og dýrkun kirkjustofnunarinnar, rétt sem kirkjustofnunin sé ígildi gjörvallrar kristni eða jafnvel Guð sjálfur. Þetta síðara atriði er nokkuð sem Marteinn Lúther barðist einmitt sjálfur gegn af mikilli hörku og nú virðist ekki síður þörf á slíkri baráttu.

MARKMIÐ OG FAGRAR HUGSJÓNIR

Markmið Frikirkjunnar er ekki það að hún vaxi sem mest og verði sjálfri sér til dýrðar. Markmið hennar er m.a. að stuðla að lýðræðislegu jafnræðisfyrirkomulagi lífsskoðana og trúmála hér á landi. Hennar tilgangur er m.a. að vera vettvangur fyrir einlæga trúarleit, tilbeiðslu og tjáningu, þar sem fólk sameinast um bjarta lífs-sýn, fagarar vonir og væntingar í anda Jesú Krists. Þegar þeim markmiðum er náð má Frikirkjan vel leysast upp í frumeiningar sínar.

Frikirkjan við Tjörnina hefur nú starfað á þremur öldum og hátt í fjórðung þess tíma sem liðinn er frá siðaskiptum hér á landi. Trúfrelsi var ekki lögleitt fyrr en með stjórnarskránni frá 1874. Fram að því, bæði í kaþólskum sið sem lúterskum,

ríki. Um það bil fimm milljarðar króna renna nú árlega til þjóðkirkjunnar sem er í raun ríkisstofnun í dulargervi.

Frikirkjuhreyfinguna hér á landi má rekja allt aftur til þess að við fengum trúfrelsi fyrir um 135 árum. Það voru fagarar hugsjónir um lýðræði, jafnræði og frelsi íslensks alþýðufólks sem kveiktu frikirkjuhugsjónina. Fyrsta íslenska Frikirkjan var stofnuð á Reyðarfirði árið 1881 og fyrsti prestur þeirrar Frikirkju var einmitt sr. Lárus Halldórsson sem síðar varð fyrsti prestur Frikirkjunnar í Reykjavík. Síðan þá hafa aðrir sjálfstæðir söfnuðir litið dagsins ljós og flestir starfa þeir í miklum blóma.

LANGSTÆRSTI SÖFNUÐUR LANDSINS

Stofnun Frikirkjunnar í Reykjavík var vissulega þétt samofin sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Hún var miðlæg í þeirri lýðræðisvakningu sem átti sér stað hér á landi um aldamótin 1900. Hugmyndafræðilegu áhrifin voru íslensk en komu einnig bæði frá nágrannalöndum okkar í Norður-Evrópu sem og frá Íslendingabyggðunum í Norður-Ameríku. Kosningaréttur sóknarfólks og réttur þess til að velja sinn eigin prest var mikið réttlætismál og var eitt af því sem var sett á oddinn í sjálfstæðisbaráttunni.

Í dag er Frikirkjan í Reykjavík langstærsti söfnuður landsins og um leið trúfélag sem þjónað er af einum presti. Fjöldi safnaðarféлага stefnir nú brátt í tíu þúsund. Þá mun heildarfjöldi Frikirkjuhreyfingarinnar hér á landi brátt telja um tuttugu þúsund manns.

Í 62 gr. Stjórnarskrár Íslands segir: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.“ Því miður er þetta stjórnarskrárákvæði ekki virt í dag. Frikirkjan hefur alltaf verið evangelísk lútersk og formæður okkar og forfeður hafa einnig verið það allt frá siðskiptum. Frikirkjan ætti að njóta verndar og stuðnings samkvæmt stjórnarskrá. En nýsett þjóðkirkjulög (78/1997) og samningur milli fyrri ríkisstjórnar og þjóðkirkjunnar útiloka evangelísk lúterskar frikirkjur frá stjórnarskrárbundnum rétti sínum. Þessu þarf að breyta. Og þess vegna má núverandi ríkisstjórn alls ekki staðfesta endurskoðun þeirra 12 ára gömlu laga. Staðfesting þeirra án grundvallarendurskoðunar myndi hafa skaðleg áhrif á kristni í landinu.

Við þurfum öll í sameiningu að skapa þjóðinni trúverðuga og lýðræðislega umgjörð lífsskoðana og trúmála í landinu. Þörfin hefur sjaldan verið brýnni en einmitt nú, þegar kreppir að og vonir okkar og væntingar hafa meira vægi en nokkurn tíma áður. Frikirkjan horfir vonaraugum til framtíðar og hlakkar til að taka þátt í mótun nýja Íslands þar sem raunverulegt lýðræði, frelsi og jafnræði verður haft í hávegum. Þar sem raunverulegar vonir og væntingar okkar Íslendinga, jafnt á sviði hinna andlegu mála sem og hinna tímanlegu, ná fram að ganga og raungerast. Það er í anda Lúthers og það er í anda Krists. Og þá mun íslensk almenn kirkja loks ein-kennast af trú og djörfung og vera í takt við íslenska þjóð.

Hjörtur Magni Jóhannsson



„Við þurfum öll í sameiningu að skapa þjóðinni trúverðuga og lýðræðislega umgjörð lífsskoðana og trúmála í landinu.“



„Frikirkjan metur mannréttindi ofar trúarlegum kreddum.“



„Stofnun Frikirkjunnar í Reykjavík var samofin sjálfstæðisbaráttu Íslendinga.“

þjuggu Íslendingar við trúarnauðung. Allir þeir sem ekki fylgdu hinum opinbera sið voru taldir villutrúarmenn og oft á tímum var tekið hart á villutrú. Allt frá kristnitöku fram til ársins 1874 þjuggu Íslendingar við kirkjuskipan sem mótaðist af þörfum valds- og auðsmanna en ekki almennings. Valdið kom að ofan, frá goðum, valdshöfðingjum, páfa, dönskum konungi og síðan

Bænahús og Þjóðarkirkja

● Afmæliskefja frá forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni.

Frikirkjan í Reykjavík hefur í röska öld skipað veigamikinn sess í trúarlífi Íslendinga; kallaðist um skeið ein á við Dómkirkjuna; ásamt Tjörninni og Austurvelli höfuðkennileiti í miðbæ höfuðstaðar.

Hvað sem forminu leið var sambúðin við þjóðkirkjuna oft nán en sérstaða Frikirkjunnar hefur á síðari tímum gert henni kleift að taka vel á móti þeim sem leita að fjölbreytni í trúariðkan.

Pegar séra Þorsteinn Björnsson, sóknarprestur á Þingeyri við Dýrafjörð, var um miðbik síðustu aldar kosinn frikirkjuprestur, fylgdu honum margir Vestfirðingar. Kirkjan við Tjörnina varð um leið þeirra kirkja.

Fjölskylda mín fyllti þennan flokk; pabbi og mamma og frænkurnar. Því fermdi séra Þorsteinn mig, jarðsöng foreldra mína og útför afa og ömmu fór



líka fram frá Frikirkjunni; enda hafði afi minn og nafni verið meðhjálpari hjá séra Þorsteini fyrir vestan.

Frikirkjan varð því á vissan hátt okkar fjölskyldukirkja, líkt og þúsunda annarra Íslendinga. Saga kirkjunnar, andblær hins liðna ófst saman við minningar fjölskyldunnar, kirkjan með sérstakan sess í hugum og hjörtum.

Frikirkjan hefur haft svo ríkulæg áhrif á vegferð Íslendinga frá fátækt fyrri alda til velferðar í nútímanum að hún er í raun þjóðarkirkja líkt og aðrar höfuðkirkjur landsins. Þótt stormur hafi stundum leikið um kirkjuskipið og hún tekist á við breytta tíma, er hún enn tignarleg við Tjörnina, tekur vel á móti öllum, bænahús þeirra sem þjást og þurfa huggun; helgi- staður og stundum gleði og sorgar; tónarnir óma í takt við ákall tímans.



FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Laufásvegi 13, 101 Reykjavík - Sími 552 7270 - Fax 552 7287

Netfang: frikirkjan@frikirkjan.is

Vefsíða: www.frikirkjan.is

FORSTÖÐUMAÐUR OG PRESTUR:

Hjörtur Magni Jóhannsson
Sími: 899 4131
Netfang: hjorturm@frikirkjan.is
Viðtalstímar eftir samkomulagi

SAFNAÐARRÁÐ:

Steindór I. Ólafsson, formaður
Hörður Hafberg Gunnlaugsson, varaformaður
Hilmar K. Viktorsson, gjaldkeri
Sólrun Ó. Siguroddsóttir
Dagmar Maríusdóttir
Ingunn Þorlákssdóttir
Óskar Þór Nikulásson

VARAMENN:

Ragna Sæmundsdóttir, ritari
Sigursteinn R. Másson
Helena Guðmundsdóttir

RITARI Á SKRIFSTOFU:

Hafdis Jónsdóttir
Netfang: hafdis@frikirkjan.is

KIRKJUVÖRÐUR OG SAFNAÐARSTARFSMAÐUR:

Anna Hulda Júlíusdóttir
Sími: 868 4936
Netfang: annahulda@frikirkjan.is

UMSJÓNARMAÐUR SAFNAÐARSALS:

Lovísa Guðmundsdóttir
Sími 663 7143
Netfang: veisluthjonustan@hotmail.com

TÓNLISTARSTJÓRAR:

Anna Sigríður Helgadóttir
Sími: 861 3843
Netfang: annasigga63@simnet.is
Carl Möller
Sími: 897 2594
Netfang: voffar86@simnet.is

Virðing fyrir ólíkum skoðunum

● Afmæliskefja frá forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur.

Eitt af þjóðareinkennum Íslendinga er þörf fyrir sjálfstæði og frelsi og ég kys að líta svo á að stofnun Frikirkjunnar í Reykjavík í lok 19. aldar beri þessum einkennum okkar gott vitni. Þeir einstaklingar sem stóðu að stofnun Frikirkjunnar leituðu frelsis frá ramma sem þeir töldu að hin hefðbundna kirkja setti þeim á þeim tíma, ramma sem þeir töldu að væri of þröngur. Þeir létu ekki sitja við orðin tóm og af rótum gagnrýni þeirra spratt kirkja sem verður sífellt öflugri og telur nú um níu þúsund manna söfnuð.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í þau 110 ár sem nú eru liðin frá stofnun Frikirkjunnar og starfsumhverfi kirkju og trúfélaga hér á landi er nú fjölbreyttara en nokkru sinni fyrr og er það vel. Segja má að á erfiðum tímum, eins og þeim tímum sem við göngum nú saman í gegnum, sé mikilvægt að fyrir hendi sé í samfélaginu vettvangur sem ein-



staklingar geta leitað til og sótt styrk í. Á tímum sem þessum er jafnframt afar mikilvægt að standa vörð um siðferðileg grundvallargildi og mannréttindi þjóðarinnar allrar og virða ólíka stöðu og mismunandi skoðanir fólks. Það hefur Frikirkjan í Reykjavík svo sannarlega gert og hlýtur virðingu fyrir.

Það er von mín og trú að starf Frikirkjunnar í Reykjavík og annarra kirkna og trúfélaga hér á landi muni þróa starfsemi sína í takt við tíðarandann og þjóna þeim sem þangað leita á hverjum tíma. Slík þjónusta er dýrmæt og okkur sem höfum kosið að starfa að samfélagsmálum með einum eða öðrum hætti ber skylda til að vera góðir hlustendur og leita nýrra aðferða í því efni þannig að við getum látið gott af okkur leiða frá degi til dags.

Ég óska Frikirkjunni í Reykjavík áframhaldandi gæfu og gengis í mikilvægum verkefnum sínum.

Gott og öflugt safnaðarstarf

● Afmæliskefja frá dómsmála- og mannréttindaráðherra, Rögnu Árnadóttur.

Nú minnumst við þess að 110 ár eru liðin frá því að Frikirkjan í Reykjavík var stofnuð, en það var hinn 19. nóvember 1899. Nokkru áður eða á árinu 1881 höfðu einstaklingar frá Reyðarfirði sagt sig úr þjóðkirkjunni og stofnað hina fyrstu frikirkju Íslands. Reyndi þá meðal annars á trúfrelsisákvæði hinnar nýju stjórnarskrár Íslendinga frá árinu 1874.

Pegar frikirkjusöfnuðurinn í Reykjavík sagði skilið við þjóðkirkjuna til þess að byggja upp eigin starfsemi bjuggu í Reykjavík um 6.000 manns. Á þessum tíma var breytingaskeið í íslensku þjóðfélagi. Almennur var atkvæðameiri um þjóðfélagsmál en oft áður og áhugi á félagslegum og lagalegum umbótum í íslensku samfélagi mikill. Þeim sem þá þótti þjóðkirkjan ekki svara kalli tímans um stuðning og öfluga þjónustu, og ræktarsemi við trúarlega þörf, stóðu að sameiginlegri viljayfirlýsingu haustið 1899 sem leiddi síðan til stofnunar frikirkjusafnaðarinnar.

Enn er hafið breytingaskeið í íslensku þjóðfélagi. Mjög reynir á alla samfélagsinnviði og er safnaðarstarf þar ómetanlegur þáttur. Á vegum Frikirkjunnar í Reykjavík er unnið gott og öflugt starf og fyrir það ber að þakka. Eykur það á fjölbreytni safnað-



arstarfs hér á landi og stuðlar að því að einstaklingar, sem það kjósa, geti á trúarlegum vettvangi leitað sér ásjar um leiðbeiningu, liðsinni og sálhjálp. Þannig styrkist nauðsynleg kjölfesta í okkar samfélagi. Slíkt er brýnt á okkar tímum.

Vert er að halda því til haga að trúfrelsi er varið í 63. og 64. gr. stjórnarskrárinnar. Er þar verndaður réttur hvers manns til þess að aðhyllast þá trú sem hann sjálfur velur og réttur til þess að iðka trú sína, hvort heldur einn eða í félagi við aðra. Hver maður nýtur á sama hátt frelsis til þess að vera trúlaus og verður ekki skyldaður til þess að tilheyra trúfélagi eða iðka trúarbrögð.

Trúfrelsi er varið þótt náid samband sé á milli ríkisvaldsins og hinnar evangelísku lútersku kirkju sem þjóðkirkju. Sú staðreynd, að hér starfar þjóðkirkja með ákveðnar skyldur sem slík, varpar ekki rýrð á hlutverk og mikilvægi annarra trúfélaga. Samfélagslegt hlutverk allra þessara trúfélaga er mikilvægt og stuðlar að því að hver og einn geti fundið farveg fyrir trúariðkan sína í samræmi við þau grundvallargildi sem staðfest eru í stjórnarskrá okkar. Frikirkjan er þar á meðal og óska ég henni innilega til hamingju með 110 ára starfsafmælið.



Mannréttindi og Fríkirkjan

● Frá upphafi var meiri áhersla lögð á víða sýn, kvenréttindi, umburðarlyndi og frjálslyndi, en áður hafði tíðkast á hinu trúarlega sviði á Íslandi.

Alt frá upphafi hefur Fríkirkjan við Tjörnina verið helguð mannréttindabaráttu. Slíkt er frekar óvenjulegt meðal trúfélaga á Íslandi. Því miður er auðvelt að finna ótal söguleg dæmi um hið gagnstæða. Mannkynssagan segir okkur að trú og kirkja hafa óspart verið notuð til að réttlæta meðal annars kúgun kvenna, sbr. „Verið hver öðrum undirgefnir í ótta Kristi: Konurnar eiginmönnum sínum eins og það væri Drottinn. Því að maðurinn er höfuð konunnar...“ (Nýja testamentið, Efesusbréf 5.21-23). Kirkjustofnunin hefur notað kristna trú til að réttlæta þrælahald og þar með mansal sbr.: „Þér þrælur, hlýðið ykkar jarðnesku herrum með lotningu og ótta, í einlægni hjartans, eins og það væri Kristur“ (sama rit, 6.5). Hið sama á einnig við um fordæmingu samkynhneigðra.

Helstu bölvaldar alls mannlífs víða í vanþróuðum löndum eru

útbreiðsla alnæmis og offjölgun íbúanna. Ríkasta kirkjustofnun á jörðu kemur í veg fyrir að þeir geti nálgast eðlilegar getnaðarvarnir. En aukin notkun getnaðarvarna myndi þar draga úr útbreiðslu alnæmis, fækka fæðingum og þannig draga úr böli og kvalafullum dauða milljóna. Ábyrgð þeirrar stofnunar er mikil.

Kirkjustofnunin hefur hindrað lífsskoðana-, trúar- og tjáningarfrelsi milljóna manna, karla sem kvenna.

Þeim mun frekar er staða Fríkirkjunnar við Tjörnina einstök.

SÉRA LÁRUS HALLDÓRSSON, FYRSTI PRESTUR FRÍKIRKJUNNAR Í REYKJAVÍK

Á upphafsárum Fríkirkjunnar í lok 19. aldar vann hugsjónamaðurinn og eldhuginn sr. Lárus Halldórsson, fyrsti prestur Fríkirkjunnar, mikið starf í þágu kirkjunnar. Á yngri árum var hann einn ötulasti baráttumaður gegn dönskum yfirráðum á Íslandi og gekk þá mjög vasklega fram.

Strax í fyrstu lögum trúfélags-



Presturinn og munkurinn. Hjörtur Magni heilsar Dalai Lama, trúarleiðtoga Tíbeta, á fundi með fulltrúum trúfélaga á Íslandi 2009.

ins sem sr. Lárus átti stóran þátt í að móta er fjallað um helstu játningarrit hinnar lútersku kirkju og þar álitur Fríkirkjan „sig ekki bundna við þau í hverju einstöku

atriði“. Þetta er til marks um að stofnendur álitu „sannleikann víðar að finna en innan eins trúfélags“. Augljóst er að áherslur um víða sýn, umburðarlyndi og frjáls-

lyndi voru til staðar frá upphafi. Áherslur voru greinilega mjög frábrugðnar því sem áður hafði tíðkast á hinu trúarlega sviði hér á landi.

Hin helgu vé

Á þeim örlagatímum sem við lifum nú sjáum við oft en ekki að áföll verða til að sundra í stað þess að sameina. Smáatriði og sparðatíningur verða að meginmáli en þungamiðjan og kjarninn hverfa í karpí um keisarans skegg.

Þess vegna er svo dýrmætt að skoða hvernig opinn og góður hugur, vinátta og virðing geta umbreytt erfiðum aðstæðum í úrlausn og sáttargjörð.

Ég hef verið þeirrar gæfu að njótandi að eiga gott samband við séra Hjört Magna og Fríkirkjuna í Reykjavík þar sem við höfum horft handan yfir dregnar víglínur milli ólíkra trúarviðhorfa og hugsað frekar um hina stóru heild. Útför ungs manns varð til þess að við töluðum einum rómi til ósamstæðra aldurs- og vinahópa þar sem ágreiningur var settur til hliðar og allir gátu kvatt ástvin sinn á vídeigandi hátt.

Einn meginkjarni og siðaboðskapur hinna fornu Hávamála er hvernig maður á að vera góður gestur og ekki síður góður gestgjafi. Ég er þakklátur fyrir þann sóma sem mér hefur verið sýndur af séra Hirti Magna og Fríkirkjunni við þetta tilefni og síðar því við höfum



Blessuðu miðju Íslands. Hjörtur Magni Jóhannsson, prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík, og Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði Ásatrúarmanna, voru fengnir til að blessa miðju Íslands, sem er rétt norðaustan við Hofsjökul undir Illviðrahnjúkum, samkvæmt fróðra manna útreikningum.

framkvæmt aðrar samtrúarlegar athafnir og þar ber hátt í minningunni helgun á miðju Íslands þar sem við vinir og félagar fórum að hinni jarðfræðilegu miðju landsins til þess að styrkja með helgiathöfn þann ásetning allra Íslendinga að finna jafnvægi á ný.

TILGANGURINN HELGAR MEÐALÍÐ

Eftir langt ferðalag gegnum blindandi hvítt kóf birtist okkur skyndilega stuðlabergssúla umkringd hópi af fólki sem hafði drifið hvaðanæva að. Við hittum fyrir einstaklinga sem sögðust hafa farið þessa ferð á síðustu bensínlítrunum sem þeir hefðu efni á og að hér helgaði tilgangurinn meðalíð í sinni upprunalegu merkingu.

Við mættumst við stuðlaberg-

id sem var í senn „omphalos“, nafli landsins og umheimsins, hinn mæri mjötvíður Eddukvæða og krossinn, hin táknfræðilega miðja kristinnar. Séra Hjörtur Magni fór með hin fögru upphafsorð fyrstu Mósebókar á hebresku og ég kvað á eftir upphaf Völuspár þar sem má finna fallegan samhljóð þessara hefða um það hvernig eining, sköpun og regla verður til úr óreiðu. Í bakgrunni var sameinandi uppeldi, kennsla og innblástur læriföður okkar beggja, Þóris Kr. Þórðarsonar, sem var og er hvatning til einingar og sáttar um öll þau gildi er gera okkur að betri manneskjum.

Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði Ásatrúarfélagsins.

Þar sem Guð sjálfur er frjáls

Mikið var nú lagður góður grunnur að Fríkirkju þegar Þorgeir goði bauð mönnum þá lausn í trúarvanda að þeir gerðust kristnir morgunund eina en mættu samt blóta öðrum guðum svona í felum.

Fríkirkjan við Tjörnina er ekki aðeins guðshús og prýði miðbæjar, heldur er Guð sjálfur frjáls þar inni og laus við ofsatrúarmenn sem þykjast vera í sérsambandi við hann og boða trú með látum og öskrum eins og sést oft í Omega-sjónvarpinu.

Prestarnir í Fríkirkjunni í Reykjavík eru frjálslyndir og gladdir enda lausir frá Ríkinu og hvergi smeykir að leyfa mönnum í söfnuðinum að trú á yndislíf strax eftir



Jónas Jónasson

dauðann og ekki synd að reyna að ná sambandi við látna í gegnum miðla.

Ekki trúi ég á Omega-boðaðan langasvefn í sex fetum þar til Kristur komi og því ekki arkandi Ártúnsbrekkuna alveg á næstunni og því ekki Lúðrasveit verkalýðsins í fararinn broddi svo að lúðarnir heyrast nú almennilega þegar Jesús er mættur til að ræsa mannskapinn sem sefur í heitri trú á upprisukallið, en samkvæmt því lúra enn djúpsvefni þau Adam og Eva.

Megi Fríkirkjan í Reykjavík vera áfram frjáls til eilífðar og það guðshús sem maður vill sitja ef þörf og vilji kalla.

Jónas Jónasson dagskrárgerðarmaður.



Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, óskar Fríkirkjunni í Reykjavík innilega til hamingju með 110 ára afmælið. Siðmennt hefur haft ánægjuleg samskipti og samstarf við Fríkirkjuna í gegnum árin og félagið virðir sérstaklega stefnu og áherslur Fríkirkjunnar í mannréttindum, t.d. varðandi hjónaband samkynhneigðra. Einnig erum við þakklát fyrir stuðning séra Hjartar Magna í baráttu Siðmenntar til að fá viðurkennda stöðu til jafns við trúfélög. Gleðilega afmælishátíð!



Hope Knútsson, formaður Siðmenntar

í 110 ár

Það er sérlega eftirtektarvert að strax á upphafsárunum skyldu konur njóta sömu réttinda í söfnuðinum og karlar. Í þá daga höfðu konur aldrei haft kosningarétt á Íslandi. Og konur höfðu ekki rétt til skólagöngu hvað þá rétt til æðri menntunar á við karla. Innan safnaðarins var því að finna helstu meginreglur lýðræðis og jafnræðis og því ljóst að þarna fann fólk-ið vilja sínum farveg og fann rödd sína í samfélaginu – líklegast í fyrsta sinn á Íslandi.

SÉRA ÓLAFUR ÓLAFSSON, ANNAR PRESTUR FRÍKIRKJUNNAR Í REYKJAVÍK

Séra Ólafur Ólafsson var annar prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík og þjónaði henni í heila tvo áratugi. Auk þess var hann mikilsvirtur alþingismaður og einnig prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar í Hafnarfirði frá stofnun hennar árið 1913 til ársins 1930.

Í tíð sr. Ólafs var rík áhersla lögð á réttindi alþýðunnar til skólagöngu sem og réttindi kvenna til mennta. Einnig var lögð áhersla á að konur fengju kosningarétt til jafns á við karla, en margir töldu þá bæði óraunhæft og ókristilegt að ala á slíkum vonum.

Sr. Ólafur Ólafsson var á sínum tíma einn fremsti karlkyns baráttumaður fyrir frelsi, menntun og almennum réttindum kvenna

ásamt þeim Skúla Thoroddsen og Hannesi Hafstein. Þegar konur fengu loks kosningarétt á Íslandi árið 1915 þakkaði Briet Bjarnhéðinsdóttir sr. Ólafi Ólafssyni fríkirkjupresti sérstaklega hans mikla brautryðjandastarf og vinnu í þágu kvenréttindahreyfingarinnar. Á prestastefnu þjóðkirkjunnar bar sr. Ólafur, ásamt Haraldi Níelssyni, prestaskólakennara og síðar prófessor, fram tillögu um stuðningsyfirlýsingu við réttindi kvenna og var hún samþykkt samhljóða. Lengst af var þjóðkirkjan, því miður, í raun danskt embættismannaapparat sem lét sig mannréttindi Íslendinga ekki sérlega miklu varða.

Predikanir sr. Haralds Níelssonar prófessors í Fríkirkjunni frá 1914-1928 eru einnig dæmi um sérstöðu og víðsýni Fríkirkjunnar. Vegna þess að trúarlegur eldmóður guðfræðiprófessorsins var þjóðkirkjunni ekki þóknalegur fann prófessor Haraldur að Fríkirkjan í Reykjavík var eini opni vettvangurinn þar sem hann gat predikað óhindrað. Aðsóknin var gífurleg og reyndar svo mikil að gefa varð út sérstaka aðgöngumiða að guðþjónustunum því margir urðu frá að hverfa þótt kirkjan tæki mörg hundruð manns í sæti. Slíkt er einsdæmi í íslenskri kirkjusögu. Fróðir menn hafa bent á að hefði

Fríkirkjusafnaðarins ekki notið við á þessum tíma sem merkisbera trúfrelsis og samviskufrelsis í anda siðbótarinnar hefði hugsanlega orðið kloffingur innan sjálfrar ríkiskirkjunnar.

Þegar í lok nítjándu aldar ritaði sr. Ólafur: „Það á að koma og kemur einhvern tíma sá tími, að konur sitja hér á þingmannabekkjum og taka þátt í löggjöf lands og þjóðar, að konur sitja í dómarsætum, boða guðsorð, gegna læknaströfum, kenna við skóla og rækja hver önnur störf, sem karlmennirnir nú hafa einkarétt til að hafa með höndum... Það kemur að því einhvern tíma að þetta sem nú þykja öfgar mun þykja í alla staði eðlilegt.“

Þessi orð sr. Ólafs eru okkur nauðsynleg áminning nú þegar enn á ný er horft fram á veginn við upphaf tuttugustu og fyrstu aldar.

Það sem þá töldust öfgar þykir nú í alla staði eðlilegt. Það sem þá taldist óraunsæ draumsýn er nú hluti af okkar hversdagsveruleika. Það sem áður var talið ganga í berhög við Guðs vilja og skikk-an skaparans og rótgrónar hefðir telst nú kristilegt og alveg aldeilis sjálfsagt.

Gífurlega margt hefur áunnist á sviði mannréttinda. En nú, heilli öld síðar, er enn verk fyrir höndum.

● Í rúman áratug – hefur prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík, fyrstur forstöðumaður trúfélaga hér á landi, gefið samkynhneigða saman í hjónaband með þeim hætti og því orðalagi sem fyllilega jafngildir hjónavígslu gagnkynhneigðra. Löggildingin hefur einfaldlega ekki fengist þó að kallað hafi verið eftir henni. Þjóðkirkjan ein hamlar.

● Gild rök má færa fyrir því að ef Fríkirkjan í Reykjavík hefði ekki stigið fram fyrir skjöldu með ofangreindum hætti, hefðu núgildandi lög um jafnræði samkynhneigðra aldrei verið samþykkt!

● Forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík hefur tjáð sig meira en nokkur annar forstöðumaður trúfélags á opinberum vettvangi um réttindabaráttu samkynhneigðra og stutt við hana bæði í orði og verki.

● Forstöðumaður Fríkirkjunnar er fyrsti forstöðumaður trúfélags hér á landi til að lýsa því yfir að fella eigi úr gildi nýsett lög um staðfesta samvist! Þau ná of skammt. Ein hjúskaparlög eiga að gilda um samkynhneigða og gagnkynhneigða.

● Á síðasta ári kærðu átta þjóðkirkjuprestar Fríkirkjuprest til siðanefndar Prestafélags Íslands. Ákæruatriðin sem þeir sjálfir framvísuðu voru m.a. predikanir fríkirkjuprests og skrif hans á opinberum vettvangi um réttindabaráttu samkynhneigðra og mismunun þjóðkirkjunnar gagnvart öðrum íslenskum trúfélögum. Fríkirkjuprestur var sýknaður af þeim ákærum.

Á undanförunum áratug hefur Fríkirkjan lagt ríka áherslu á mannréttindi samkynhneigðra sem og almennt trúfélaga- og tjáningarfrelsi. Undanfarinn rúman áratug hefur Fríkirkjan barist fyrir því að fullt jafnræði verði meðal trúfélaga hér á landi og það er í fullri samhljóman við anda Lúthers og Jesú Krists. Fyrstur forstöðumanna trúfélaga á Íslandi hefur fríkirkjuprestur lagt það til að samtök húmanista og/eða guðleysingja, t.d. á borð við Siðmennt fái viðurkenningu og stöðu til jafns á við trúfélög.

Mannréttindabaráttu samkynhneigðra hefur borið mikinn árangur undanfarin ár. Það eina sem hefur staðið í vegi fyrir því að samkynhneigðir fái náð fullu jafnræði á við gagnkynhneigða hér á landi er andstaða og hindrun forsvarsmanna þjóðkirkjunnar. Þar fara þjóðkirkjumenn gegn vilja íslenskrar kirkju sem er fólk-ið í landinu og í raun gegn vilja Alþingis sem og okkar færustu guðfræðinga.

Fríkirkjan metur mannréttindi ofar trúarlegum kreddum. Boð Krists um að við elskum náungann eins og okkur sjálf krefst þess af okkur. Eins getum við ekki kennt okkur við Lúther nema við virðum lýðræði og jafnræði.

Hjörtur Magni Jóhannsson

Þjónusta allan sólarhringinn



Þjónusta fyrir fólk sem þarfnast aðstoðar vegna fötlunar, veikinda, slysa, öldrunar og fyrir aðstandendur sem sinna umönnun.

Ráðgjöf og sálfræðiþjónusta á sama stað

www.vinun.is

Sími: 517-7168 & 820-5768



Vinun

Ráðgjafar- & þjónustumiðstöð

Tónlistin kemur frá Guði

● Það eru komin tíu ár frá því ég sá þau fyrst starfa saman, hann við hljóðfærið, hún að syngja. Þetta var í Naustkjallaranum sem var og hét og húsið troðfullt af fólki, sem gerði sér kannski ekki grein fyrir hvílikir listamenn stóðu þarna á sviðinu. Þau hófu þó ekki alvöru samvinnu fyrr en tveimur árum síðar og þá á allt öðruvísi stað; stað sem fyllir sálina gleði og friði. Þau eru tónlistarstjórar Frikirkjunnar í Reykjavík.

Anna Sigríður Helgadóttir söngkona man nákvæmlega hvar hún var stödd þegar Carl Möller hringdi í hana og bað hana að starfa með sér sem tónlistarstjóri Frikirkjunnar í Reykjavík.

„Ég var úti á palli við húsið Síðu á Hofsósi í sólbaði,“ segir hún brosaní. „Mér varð nokkuð um þetta góða boð, hugsaði málið smá stund og tók svo boðinu. Þetta var akkúrat það sem ég þurfti inn í líf mitt á þessum tíma.“

Þau stríða hvort öðru góðlátlega allt víðtalið og þarna hristir Carl Möller höfuðið:

„Sagðir þú mér ekki að þú ætladist að fylgja fyrrverandi organista kirkjunnar og öllum kórnum yfir í aðra kirkju?“ spyr hann. „Nei,“ segir Anna Sigga ákveðin. „Það stóð aldrei til! Mér fannst þetta vera draumur að ræstast.“

Það hafði þó ekkert með ballið í Naustkjallaranum að gera að Carl hringdi í Önnu Sigu og bað hana að starfa með sér.

„Ég man eftir að hafa séð Önnu Sigu syngja með kór Bústaðakirkju og varð hrifinn,“ segir hann. „Ég vissi að við gætum orðið fínir samstarfsmenn. Hún með allt rituálið á hreinu, hvernig messur fara fram, hvenær á að syngja og hvenær að svara prestinum og ég með orgelleikinn.“

DREIFÐ ÁBYRGÐ

Umsókn Carls Möller um starf organista við Frikirkjuna var harla óvenjuleg. Hann klippti út umfjöllun um sig úr bókinni „Who is who in music“ og lagði hana fram. Blaðið var á stærð við eldspýtnastokk.

„Ég átti nú frekar von á því að mér yrði bara þakkað fyrir ómak, en mér til undrunar og gleði var umsókn mín samþykkt. Það hefur oft verið sagt um mig að ég sé duglegur að dreifa ábyrgð, sérstaklega ef ábyrgðin er mikil á einhverjum hluta starfs sem ég gegni, en það er þá vegna þess að ég tel mig ekki hafa næga þekkingu á ákveðnum þáttum eða hafa næga menntun á því sviði. Ég þekki mín mörk og vissi að Anna Sigga yrði góð í starfið með mér. Ég hafði hitt hana fyrir margt löngu í Bústaðakirkju og vissi að hún væri drífandi og klár.“

Anna Sigga á að baki þrjátíu ára feril sem söngkona í kirkjukórnum og með einsöng í kirkjum. „Ég byrjaði sextán ára í Dómkirkjunni – sem ég er reyndar enn viðloðandi – og svo var ég í Bústaðakirkjukórnum í mörg ár. Guðni heitinn Guðmundsson organisti var mikill músikant og fékk stundum djassista til að leika með sér. Þar sá ég Carl Möller í fyrsta sinn í eigin persónu.“

„Já, ég kom með sálminn til þín, Hin fyrstu jól. Davíð Oddsson gerði ljóðið og ég lagið,“ segir Carl Möller. „Það er til á geisladisk með Kammerkór Hafnarfjarðarkirkju...“

„...og við fluttum það líka í Bústaðakirkju,“ bætir Anna Sigga við.

HÆSTÁNÆGÐ AÐ BÚA Á ÍSLANDI

Carl Möller vissi alltaf að hann vildi læra að leika á píanó og ekkert annað hljóðfæri.



CARL: „Anna Sigga er með allt rituálið á hreinu... og ég með orgelleikinn.“



ANNA SIGRÍÐUR: „Calli er algjör snillingur. Hann er rosalega klár og flinkur tónlistarmaður.“

„Ég byrjaði sjö ára að læra á píanó hjá Sigursveini D. Kristinssyni. Sigursveinn var góður stjórnandi, stjórnaði þá Alþýðusambandskórnum og þegar ég kom í fyrsta tímum til hans spurði hann hvort ég vildi ekki bara byrja að læra á blokkflautu og koma í barnakór alþýðunnar. Mér fannst þetta ómögulegt; vildi bara læra á píanó. Tíu ára fór ég svo í nám til Annie Leifs, fyrrum eiginkonu Jóns Leifs tónskálds. Hún var hörkupíanisti og hafði mikinn áhuga á að vinna með alvöru píanóleikara og setti stefnuna á Vínarborg fyrir mig.“

Anna Sigga á að sama skapi langan námsferil á sínu sviði, söngnum. „Ég lærði við Söngskólann í Reykjavík og síðar í nokkur ár á Ítalíu,“ segir hún. „Ég reyndi svo aðeins fyrir mér úti í heimi, en það gekk ekki – sem betur fer,“

segir hún af sannfæringu. „Ég er hæstánægð að vera hérna heima. Mín þekking kemur úr kirkjunni og á röddum og þar mætumst við Carl. Ég hafði sungið nokkrum sinnum við athafnir í Frikirkjunni áður en samstarf okkar Carls hófst. Pavel Smíd var orgelleikari við kirkjuna þegar ég var við nám í Söngskólanum og hann fékk stundum nemendur úr skólanum til að syngja við athafnir en hann var líka kennari þar.“

KÓRLAUSIR KÓRSTJÓRAR

Öfugt við það sem tíðkast í útlöndum segja þau sjaldgæft hér á landi að tveir tónlistarstjórar starfi við eina kirkju.

„Þar eru söfnuðir stærri og umfangið meira. Þar eru oft organisti og aðstoðarorganisti og hafa nóg að gera,“ segir Anna Sigga. „En Calli er algjör snillingur. Hann er rosalega klár og flinkur tónlistarmaður, en til viðbótar er hann hafsjór af reynslu af alls konar tónlist, mjög næmur. Hann spilar auðvitað eftir nótum, er ágætis lesari og strandar aldrei. Svo er hann svo fljótur að ná lögum og spilar mjög vel eftir eyranu. Þar kemur þessi áratuga reynsla hans inn í. Hann getur gert tónlist úr öllu. Ég hafði meiri reynslu af rituálinu, hvernig messan er skipulögð, svörin sem eru sungin eða töluð og af kirkjustarf-inu almennt.“

Þegar þau tóku við starfi tónlistarstjórnanna fyrir átta árum var enginn kór í kirkjunni.

„Við byrjuðum með autt blað, því kórinn sem var fyrir fylgdi organistum í aðra kirkju,“ segir Anna Sigga. „Þá fékk ég snilldarhugmynd, sem sýnir hvað okkur er treyst fyrir öllu herna. Sú hugmynd var að bjóða öllum sem langaði að syngja í kór að koma til okkar og prófa, hvort sem fólk hefði sungið áður eða taldi sig lagvisst eða ólagvisst. Ég er sannfærð um að allir geta lært að syngja og þjálfað sig þannig að þeir geti sungið með í kór. Það mættu mjög margir, enda voru engin höft. Þessi hugmynd er svolítil útópía, hún gengur ekki upp til lengdar. Þeir sem höfðu reynslu og metnað fóru fljótlega annað, því við vörðum meiri tíma í að þjálfna þá sem voru algjörlega óreyndir. Við gátum yfirleitt bara sungið í tveimur röddum, en það var stórkostleg upplifun.“



Tónlistarstjórar Frikirkjunnar. Anna Sigríður Helgadóttir söngkona og Carl Möller organisti syngja.



Frikirkjukórinn. Tíu manns frá 18 ára til 26 ára syngja í Frikirkjukórnum, flestir eru nemendur í

MEÐALALDUR KÓRFÉLAGA 21 ÁR

Carl vill eigna Önnu Sigu allan heiðurinn að ungum kór Frikirkjunnar í Reykjavík – sem hefur starfað í tvö ár – og er á margan hátt sérstæður.

„Kórinn er aðallega samansettur af nemendum úr skóla FÍH og þetta eru allt ungir krakkar – miðað við okkur! Meðalaldurinn er um það bil tuttugu og eitt ár og flest þeirra eru í námi í hljóðfæraleik og nokkrir í söng. Mig langaði ekki að vera með söngnemendur, því eðlilega er miklu snúnara að stjórna þeim og það þekki ég af eigin raun,“ segir Anna Sigga. „Þeir eru í námi og hafa sínar skoðanir, eru undir handleiðslu kennara og því erfið fyrir mig að koma með mínar

áherslur þar inn í. Það er miklu auðveldara að vera með nemendur í hljóðfæraleik, sem hafa engar forsendur til að efa að það sem ég segi sé ekki satt! Það er alls ekki óalgengt að nemandur í hljóðfæraleik vinni fyrir sér með því að syngja í kirkjukórnum. Flestir hljóðfæraleikarar spila einhvern tíma undir hjá söngvurum og þá nýtist þeirra eigin reynsla af söng. Í Frikirkjukórnum eru tíu manns, sá yngsti 18 ára, sá elsta 26 ára. Það er dálítið mikil ábyrgð á herðum þeirra allra. Þau eru alveg dásamleg og gott fólk. Þau eru hrein og bein, mæta vel á allar æfingar og alltaf stundvíslega til messu. Það er algjörlega mannbætandi fyrir okkur í kirkjunni að hafa þetta fólk.“



ngja og spila á stað sem fyllir sálina gleði.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„spontant“, hann framkvæmir stundum það sem honum dettur í hug þá og þegar. Þannig að hann fær ótal hugmyndir – og þá kem ég til skjalanna og fæ hann til að halda einbeitingunni við einhverja eina þeirra.“

HÖFUM ÓTRÚLEGT FRELSI

Samstarf tónlistarstjórnanna er auðvitað ekki bara bundið við klukkutíma messur á sunnudögum.

„Við tölum mörgum sinnum saman í síma, erum með kóræfingar tvisvar í viku og sækjum fundi með starfsfólki kirkjunnar. Það er einstakt að starfa hérna við Fríkirkjuna. Við höfum ótrúlega mikið frelsi að gera það sem okkur dettur í hug.“

Myndi henta ykkur að vera í formfastari kirkju ef svo mætti að orði komast?

„Nei, engan veginn,“ svara þau nánast samtímis.

„Í öðrum kirkjum væri hugsanlega búið að skorða okkur föst, negla okkur niður í eitthvað form, sem við njótum okkar síður í, einhverjir aðrir eru miklu betri í því en við,“ útskýra þau.

En eruð þið eins og Frikirkjan, opin, fordómalítill, víðsýn og...?

nokkurn tíma heyrta mig nefndan fyrir en ég sótti um starfið!“

„Hvaða hvaða,“ segir Anna Sigga. „Þú ert frægur!“

LÁTUM FORMIÐ ÞJÓNA OKKUR, EKKI HEFTA

Þau segja verkaskiptingu milli þeirra vera alveg skýra en í fyrstu hafi þau vissulega þurft að „máta sig“ hvort við annað:

„Við urðum að gæta þess að við værum ekki bæði að gera sama hlutinn. Í fyrstu skiptum við á milli okkar að velja sálmana og þar var nú Anna Sigga betri en ég!“ segir Carl hlægjandi. „Ég las hver væri boðskapur þessa sunnudags og leitaði svo í sálmunum hvað hentaði, en þegar ég mætti á fund með mínar hugmyndir sagði ég að ég hefði valið viðkomandi sálma einfaldlega vegna þess að ég hefði þeir falllegir.“

„Já, í sálmabókunum eru tillögur að sálmum fyrir hvern sunnudag, en við veljum heldur sálmalög út frá því hvort fólk kunni lögin,“ segir Anna Sigga. „Við hvetjum kirkjugesti til að syngja með okkur. Við förum því ekkert endilega eftir því sem stungið er upp á í sálmabókinni eða út frá hverju er lagt í predikun, heldur veljum sálma sem fólk þekkir eða einföld lög sem fólk er fljótt að læra. Það er í raun mjög einfalt hvernig við vinnum þetta. Við höfum ákveðið að láta formið ekki hefta okkur, heldur þjóna okkur.“

„Mér finnst alveg dásamlegt að fá að starfa hér,“ segir Carl. „Ég er kominn á aldur og ætla að reyna að þegja yfir því. Svo framarlega sem ég fer ekki að flippa út vona ég að enginn taki eftir því á hvaða aldur ég er kominn! Trúarleg tónlist ristir dýpra en mörg önnur. Ef ég hefði verið sálmalega skýr í kollinum fyrir 47 árum, þegar ég hitti Róbert A. Ottósson á árs hátíð í Lídó hefði ég starfað við þetta alla tíð. Róbert kom til mín og sagðist vilja taka mig sem nemandan í cantorsnám og ég þyrfti ekkert að borga fyrir. En hugur minn stefndi annað! Ég hef spilað fyrir forseta Þýskalands, forseta Íslands, á dansleikjum með Fimm í fullu fjöri, Hauki Mortens, Lúdí sextett, með Ólafi Gauk og Ragga Bjarna – og nú með séra Hirti Magna og Önnu Siggu. Ég hef samsagt spilað víða, allt frá því að sitja við skemmtara milli rekka í stórverslunum að kirkjuorgeli Fríkirkjunnar.“

ÞAÐ SEM GUÐI ER ÞÓKNANLEGT ...

„Það liggja svo djúpar sálarþelningar að baki sálmum,“ segir Anna Sigga, „en það sama má segja um marga dægurlagatexta. Samstarfið milli okkar verður alltaf betra og betra. Við viljum láta þetta ganga vel. Yfirskrifin á starfi innan Fríkirkjunnar í Reykjavík er einföld. Hún er þessi:

Ef það er Guði þóknalegt, þá á það heima í Fríkirkjunni. Hér er víðsýni sem svifur yfir vötnum. Ef tónlist er falleg og hefur góð áhrif á fólk, þá á hún heima hér.“

„Mér finnst djasstónlist líka vera trúarlegs eðlis,“ bætir Carl við. „Í spunadæminu nýtirðu innra flæði og það veit maður ekkert hvert er sótt, það flæðir fram. Þetta er allt frá Guði.“

Viðtal: Anna Kristine Magnúsdóttir



Gleðistundur. Að vera með börnunum veitir Önnu Huldu Júlíusdóttur, kirkjuverði og meðhjálpara Fríkirkjunnar, mestu gleðina í starfinu.

Börnin veita nýja von

Anna Hulda Júlíusdóttir er ung kona, móðir sex ára tvíbura, og gegnir viðamiklu starfi í Fríkirkjunni. Hún er kirkjuverður, meðhjálpari, sér um barnastarfið og heldur utan um fermingarfræðsluna.

VINNUR BAK VIÐ TJÖLDIN

„Ég hef starfað hér við Fríkirkjunna í rúm tít og þetta er mjög fjölbreytt starf,“ segir hún og útskýrir í hverju störf hennar felast.

„Kirkjuverður og meðhjálpari vinna bak við tjöldin, verk

sem felast í að sjá til þess að allt sé tilbúið í kirkjunni fyrir athafnir og guðsþjónustur. Það þarf að huga að mörgu og gæta þess að allt sé í lagi; kveikja á kertum, koma blómum fyrir, stilla hljóðkerfið og gæta þess að hitastigið í kirkjunni sé rétt. Einnig þarf að gæta þess að prestsklæði séu hrein og altarlíkaeðin í samræmi við liti kirkjuársins og margt fleira.“

DRÁUMURINN UM DJÁKNANÁM

Anna Hulda hafði áður starfað í áratug hjá Flugfélagi Íslands, hjá Krabbameinsfélaginu og á alfa-námskeiðum hjá Hvítusunnusöfnunum Filadelfíu.

„Mig hafði í mörg ár langað til að starfa í kristilegu starfi. Ég hef verið svo lánsöm í gegnum tíðina að vinna með frábæru fólki við að þjónusta náungann

á einn eða annan hátt. Í þessum störfum birtist manni öll flóran af tilfinningalífi mannfólksins og löngun mín að fara í djáknanám og vinna í meiri nánd við fólk hefur vaxið jaft og þétt.

Í byrjun hausts erum við með samþjappaða fermingarfræðslu í eina viku og síðan hittumst við einn laugardag í mánuði í fræðslu og leik. Þetta eru frábær ungmennti, fróðleiksfús og lífsgleðin skín af þeim.“

BÖRNIN OG JAKOB BANGSI

„Barnastarfið er á sunnudögum samhliða guðsþjónustum. Við byrjum með stuttri stund í kirkjunni, börnunum er síðan boðið í safnaðarheimilið

þar sem við syngjum, dönsum, fönndrum, segjum sögur og horfum á brúðuleik. Með okkur er líka alltaf bangsinn Jakob, sem veit óskaplega lítið um Jesú og vini hans og börnin hjálpa okkur að fræða hann. Það er sérstaklega ánægjulegt þegar foreldrar og forráðamenn barnanna koma með og taka þátt í starfinu með okkur. Það veitir mér mikla gleði að vera með unglingunum og börnunum, því þau eru svo opin og einlæg og þau veita manni alltaf nýja von. Hjá börnunum er lífið svo einfalt og þau minna okkur á að hamingjuna er að finna í einfaldleikanum.“

Viðtal: Anna Kristine Magnúsdóttir.

„Hjá börnum er lífið svo einfalt og þau minna okkur á að hamingjuna er að finna í einfaldleikanum.“



hljóðfæraleik og nokkrir í söng.

MEÐ LISTRÆNT „TEMPERAMENT“

„Anna Sigga á að hafa alveg frjálshendur við túlkun og það sem á að gera, en ég á að veita stuðninginn,“ segir Carl. „Við erum bæði – hvað eigum við að segja Anna Sigga? Erum við skapstór?!“

„Nei,“ svarar Anna Sigga að bragði. „En við erum auðvitað bæði með temperament! Og við finnum alltaf rétta farveginn.“

Eru ekki allir alvöru listamenn með „temperament“?

„Ég held ég sé svolítið fljótfær stundum,“ segir Carl hlægjandi. „Það vill mér til happs að Anna Sigga heldur uppi aga hjá mér!“

„Nei, nei, þú ert ekki það sem kallast fljótfær!“ segir Anna Sigga að bragði og útskýrir:

„Sko, Calli er ofboðslega

„Já, við getum alveg tekið undir þetta,“ svara þau að bragði og Anna Sigga bætir við:

„Ég hef, líkt og flestir Íslendingar, unnið á mörgum stöðum, en hvergi hefur mér líðið eins vel og hér. Mér líður betur og betur með hverjum deginum. Mér finnst ómetanlegt hversu okkur er sýnt mikið traust. Við fáum að stjórna og ráða algjörlega því tónlistarlífi í kirkjunni sem snýr að okkur og það finnst mér alveg ómetanlegt.“

Og Carl bætir við:

„Það er eins og traustið í okkar garð, til dæmis af hálfu prestsins, vaxi og vaxi. Séra Hjörtur Magni hefur örugglega mikið vítað um Önnu Siggu og kirkjugrunn hennar, en ég efast um að hann hafi

Afmæliskveðjur

Blómaverkstæði Binna Skólavörðustíg 12 101 Reykjavík
Breiðholtsblóm Álfabakka 14 109 Reykjavík
Bæjarhús Skeiðarás 12 210 Hafnarfirði
Efnalaugin Björg í Mjódd Álfabakka 12 109 Reykjavík
Iða Lækjargötu 2a 101 Reykjavík
Nýji Kaupþing banki hf Borgartúni 19 105 Reykjavík
Úðafoss Vítastíg 13 101 Reykjavík
Útfararstofa Kirkjugarðanna Vesturhlíð 2 105 Reykjavík
Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar Fjarðarási 25 110 Reykjavík



Guð forði okkur frá nýjum mi

● Fyrir liggur á Alþingi endurskoðun á Þjóðkirkjulögum nr. 78/1997. Ekki má samþykkja þau, því þau eru í anda gömlu einkavæðingarinnar og nýfrjálshyggjunnar sem stefndu öllu hér í sundrung og kreppu.


● Ef tillaga kirkjubings nær fram að ganga á Alþingi án grundvallarbreytinga, mun það valda óeiningu meðal þjóðarinnar og skaða kristni í landinu.

Fyrir aðeins 12 árum var gerður margra milljarða samningur á milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjustofnunarinnar sem felur í sér hróplega mismun meðal landsmanna. Sá samningur og þjóðkirkjulögin sjálf voru unnin í anda nýfrjálshyggju og einkavæðingar allra hluta, andlegra sem veraldlegra banka. Hvorttveggja varð til í svipuðu andrúmslofti og kvótalöggjöfin á sviði fiskveiða þar sem arfur og auðlindir þjóðarinnar voru færð á hendur örfárna.

Samkvæmt nýju lagafrumvarpi á trúarlegur og kirkjusögulegur arfur formæðra og forfeðra okkar áfram að greiðast til örfárna erfingja. Víst er að sá skattur var oft á öldum áður innheimtur af mikilli óbilgirni og hörku og greiðendur, sem voru allir landsmenn, áttu enga valkosti. Og nú stendur til að gera þetta í anda þess Lúthers sem boðaði öðru fremur jafnræði allra kristinna manna.

KAPÓLSKUR KIRKJUSKILNINGUR

Samningurinn og þjóðkirkjulögin sem nú stendur til að Alþingi endurnýi, eru í anda trúarstofnunar miðalda þar sem trúfrelsi þekktist ekki. Hvort tveggja er grundvallað á kapólskum kirkjuskilningi þar sem „kirkjan“ er skilgreind sem stofnun og „arfur kristinnar“ er skilgreindur sem eign stofnunarinnar. Þessi kirkjuskilningur er nokkuð sem lútersk kirkja var einmitt stofnuð til að berjast gegn og vara við! Þetta er í andstöðu við þá lútersku trú sem Stjórnarskrá Íslands heitir vernd og stuðning! Þar af leiðandi hefði aldrei átt að samþykkja lögin og því síður ætti að staðfesta þau á ný. Í aðdraganda samningsins milli ríkis og þjóðkirkju og þjóðkirkjulaganna ríkti



Friðkirkjan í Reykjavík árið 1904. Árið 1905 þurfti að stækka bygginguna, árið 1924 var kór byggður við kirkjuna og árið 1941 voru reistar viðbyggingar.

mikil óvissa um það hvort þjóðkirkjustofnunin væri í raun sjálfstæður eignaraðili kirkjueigna gagnvart ríki. Á þeim tíma sem síðan er liðinn með hlutfallslegri fækkun í þjóðkirkjunni, hefur æ betur komið í ljós að þjóðkirkjan er alls ekki einkaerfingi hins kirkjustögulega arfs Íslendinga.

Í þeim örfáu löndum þar sem þjóð-ríkiskirkjur eru enn til staðar er það vegna sögulegra tengsla við konungsveldi, sbr. Norðurlönd og England. Og það er engin tilviljun að það er einmitt í norður Evrópu, þar sem söguleg tengsl ríkis og kirkju hafa verið hvað mest, að kristni á erfiðara uppdráttar en

annarsstaðar í heiminum. Trúarleg stríð, spilling og mismunur í nafni Krists og ríkis í Evrópu hafa eitrað hinn trúarlega jarðveg svo mjög að bæði Kristur og ríki hafa hlotið varanlegan skaða af, hvað varðar trúverðuleika og traust. Við Íslendingar höfum engan konung sem telur sig hafa fengið vald yfir okkur beint að ofan. Og þess vegna þurfum við heldur ekki yfirtrúfélag ríkisins sem er æðra öllu jafnræði og lýðræði.

Í þjóðkirkjulögum og samningnum er ríkisrekin trúmálastofnun skilgreind

sem „hin eina sanna Kirkja“, útvalinn einkaerfingi trúarlegs milljarðarfs allra landsmanna í þús-

und ár, einkonar ímynd og staðgengill Krists á jörðu.

Ef Lúther sæi þessa umgjörð sem er skreytt með nafni hans, myndi hann eflaust snúa sér við í gröfinni og mótmæla kröftuglega!

Lúther kennir okkur fyrst og fremst að „við öll erum Kirkjan“ og enginn einn getur eignað sér hana! Hvað þá arf hennar.

Samkvæmt kenningu Lúthers og anda Jesú Krists er „Kirkjan“ alls ekki trúarleg stofnun, biskupsstofa, eða ríkislaunaðir prestar.

ÞJÓÐKIRKJAN ER RÍKISSTOFNUN

Í raun er þjóðkirkjan ríkisstofnun sem búin var til fyrir ríkið, fyrir um hundrað árum og er viðhaldið af ríki. En hún þjónar ekki lengur hagsmunum ríkisvaldsins. Dæmi um það er ný nafngift Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins sem nú allt í einu heitir Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið án þess að margir hafi tekið eftir þeirri breytingu.

Eflaust er það innan við 1% þess fjölda sem tilheyrir þjóðkirkjunni, að nafninu til, sem hefur meðvitað skráð sig þar inn. Flestir hafa verið skráðir í þjóðkirkjuna án vitundar eða samþykkis. Félagsfræðilegar kannanir hafa sýnt að einungis lítill hluti þess fjölda tekur undir þær trúarlegu kenningar sem stofnunin heldur fram og gera þetta stóra mengi að trúfélagi. Þúsundir hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni undanfarin ár á sama tíma og aðeins örfáir hafa skráð sig þar inn. Og ég leyfi mér að fullyrða að oft hafa slíkar „innskráningar“ verið vegna þess gífurlega aðstöðumunar sem þjóðkirkjan nýtur og notar óspart gagnvart öðrum trúfélögum. En vegna þess að í þessu risastóra mengi sem Þjóðskrá býr til og viðheldur, fæðast fleiri börn en þeir sem látast, þá heldur biskupsstofa því fram að þjóðkirkjan sé í vexti. Og með þeim hætti fær stofnunin enn frekara fjármagn frá ríki. Það er tryggt í samningnum dæmalausa.

Sjálfvirk skráning í ríkiskirkjuna

Auglýsing þessi er afar merkilegt kirkjusögulegt plagg. Fólk var sjálfkrafa skráð úr Friðkirkjunni við það eitt að það færði lögheimili sitt á milli svæða. Ef fólk flutti til útlanda t.d. til að fara í framhaldsnám í örfá ár en kom síðan aftur heim í sama húsnæðið þá var það sjálfkrafa búið að skipta um trúfélag, óumbeðið. Mikið var um að fjölskyldur flyttu og skiptu um lögheimili á þessum tíma.

Afar fáir tóku eftir auglýsingunni á sínum tíma en áhrif hennar voru gífurleg. Vegna hennar voru þúsundir félaga teknir af félagaskrá Friðkirkjunnar og

skráðar í þjóðkirkjuna án vitundar eða samþykkis. Nú eru afkomendur þessa fólks orðnir margfalt fleiri og hafa þeir ómeðvitað greitt trúfélagsgjöld sín til þjóðkirkjunnar í fjölmörg ár án þess að ætla sér það.

Ljóst er að ef þessi auglýsing hefði aldrei verið birt og hún ekki stuðlað að sjálfvirkri úrskráningu úr trúfélaginu í áratugi, væru stærðarhlutföll trúfélaga hér á landi allt önnur en þau eru í dag.

Nr. 204

8. nóvember 1966.

AUGLÝSING

Um tilkynningar og skrásetningu trúfélags.

5. gr.

Nú flytur einstaklingur, sem samkvæmt Þjóðskrá er í evangelísk-lútherskum ut-anþjóðkirkjusöfnuði (sbr. staflíði a-c í 4. gr.), lögheimili sitt í sveitarfélag utan starfssvæðis hans, og breytir Þjóðskráin þá trúfélagsskráningu hlutaðeiganda þannig, að hann á næstu íbúaskrá sé talinn vera í þjóðkirkjusöfnuði. Breyting sú á trúfélagsskráningu, er um ræðir í fyrri málsg. þessarar gr., kemur ekki til framkvæmda, ef hlutaðeigandi tilkynnir aðra trúfélagsaðild, í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr.

6. gr.

Nú flytur einstaklingur með breytta trúfélagsskráningu samkvæmt fyrri málsg. 5. gr. lögheimili sitt aftur til sveitarfélaga á starfssvæði þess trúfélags, sem hann var í áður en hann flutti þaðan, og verður trúfélagsskráningu hans þá ekki breytt til fyrri hofs, nema hann með tilkynningu óski breytingar í samræmi við ákvæði 3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við kirkjumálaráðuneytið.

Fjármálaráðherrann, 8. nóvember 1966.

Magnús Jónsson

Klemens Tryggvason

11jarða þjóðkirkjulögum

HVÍSL Í EYRA – ENGIN ÁBYRGÐ

Samningurinn og löginn voru mörg ár í undirbúningi í einkasamtali milli ríkisstjórnar annarsvegar og eins trúfélags hinsvegar. Þar var hvíslað í eyru á báða bóga til að íslenskur almenningur flækti ekki málið og látið var sem önnur kristin trúfélög væru ekki til.

Kirkjustofnunin vill nú láta líta svo út að samningur þessi hafi verið meitlaður í björg á Þingvöllum fyrir þúsund árum rétt eins og boðorðin tíu á tímum Móses. Nokkuð sem við eigum að gleypa og meðtaka án hugsunar eða gagnrýni. En Þorgeir Ljósveitningagoði hafði aldeilis ekkert með þennan gjörning að gera. Enda er sú kirkjustofnun sem hér er við lýði, einungis seintitíma tilbúningur. Samningurinn er nýgerður, blekið vart þornað og alls ekki í þágu þjóðar. Hann stríðir jafnframt gegn því feegursta sem við þekkjum í boðskap Krists og Lúthers, hann mismunar og skapar ójöfnuð og óeiningu meðal þegna landsins.

Gagnvart öðrum trúfélögum, lúterskum sem öðrum, lætur þjóðkirkjustofnunin sem hún beri enga ábyrgð á öllum þessum milljarða gjörningi. Rétt eins og þjóðkirkjustofnunin hafi hvergi komið að jafnvel þótt forstöðumenn hennar hefðu ábyrgst og undirritað gjörninginn með eigin hendi. Gjörningurinn kann að vera löglegur en hann er siðlaus og ókristilegur.

AFLEIÐINGAR

Ofangreind lög og samningur skaða verulega eðlilega þróun og vöxt á sviði lífsskoðana, sem og andlegra og trúarlegra mála landsmanna. Nokkuð sem við þurfum ekki á að halda á þessum tímum afalla þegar trú okkar, vonir og væntingar hafa mun meira vægi en oft áður.

Sá veruleiki sem blasir við frjálsum kristnum trúfélögum í dag er nákvæmlega sá sami og áður. Sérhvert ár fær eitt „sértrúarfélag rík-

isins“ u.þ.b. fimm milljarða króna af almannafé, sturtað í sína sjóði. Mismunurinn sem í þessu felst setur allt tal um trúfélagafrelsi – sem eru grundvallar mannréttindi, á svið fátíðleikans.

HIN SPÁMANNLEGA RÖDD ÞÖGGUÐ

Hin spámannlega og sjálfsgagnrýna rödd ætti að vera helsti kostur og séreinkenni lúterskrar kirkju. En samningurinn og þjóðkirkjulögin kæfa gjörsamlega þá

Embættismenn og kristindómur

Sören Kirkegaard (1813-1855) er ekki aðeins þekktasti guðfræðingur Norðurlanda heldur einn mikilvægasti heimspekingur Vesturlanda. Hann var samtímamaður Fjölnismanna, gekk um stræti Kaupmannahafnar á sama tíma og þeir og var þeim kunnugur. Hann nefndi reyndar Grím Thomsen í einu af fjölmörgum ritum sínum. Kirkegaard áleit það eitt helsta viðfangsefni sitt að útskýra hvað felst í því að vera kristinn. Hann var ákaflega gagnrýninn á dönsku ríkiskirkjuna og haft hefur verið eftir honum að prestar væru alls ekki æðstu dómara í því hvað felst í því að vera kristinn; „Klerkar eru embættismenn ríkisins og embættismenn ríkisins eru kristindómi óviðkomandi“.



Endurnýjun þjóðkirkjulaganna felur í sér mikla afturför hvað varðar lúterskan kirkjuskilning. Á þeim rúma áratug sem gömlu löginn um þjóðkirkjuna hafa verið í gildi hefur hlutfallslega fækkað mjög í þjóðkirkjunni. Miðstýring hefur aukist til muna. Ákvörðunartaka og vald hafa verið færð frá söfnuðunum sem eiga að vera sjálfráða grunneiningar kirkjunnar. Vald-ið hefur verið færð til eins biskups sem stýrir kirkjuþingi og í raun flest öllu sem gerist innan hinnar ríkisreknu stofnunar. Allt er þetta andstætt anda Lúthers. En líklegast hefur ekkert af þessu verið nefnt í einkasamtali ráðuneytis og þjóðkirkjunnar nú þegar stendur til að endurnýja löginn.

rödd. Stofnun sem fær milljarða árlega umfram aðra frá stjórnvöldum er ekki líkleg til að gagnrýna þau stjórnvöld. Hvað varðar sjálfsgagnrýni og afstöðu til annarra trúfélaga þá mótast allt af því að halda í milljarðana og forréttindin. Ætla mátti að guðfræðideild Háskóla Íslands og þeir sem þar starfa gætu veitt þjóðkirkjustofnuninni gagnrýni og aðhald, þó ekki væri nema bara vegna kröfunnar um akademískt hlutleysi. En guðfræðideildin er nátengd þjóðkirkjunni fjárhagslegum hagsmunaböndum. Og því miður hafa dæmin sannað að þaðan er ekki að vænta hinnar spámannlegru gagnrýna raddar.

NÝJA ÍSLAND KALLAR Á NÝJA UMGJÖRÐ TRÚMÁLA!

Ef þjóðkirkjulögin verða staðfest, munu kristin gildi og kristin trú missa trúverðugleika enn frekar en þegar er orðið. Sú kaþólska umgjörð sem við búum við er löngu orðin úrelt og vandræðaleg og þar af leiðandi afar skaðleg þeim boðskap sem henni er ætlað að vera farvegur fyrir. Kristnar innistæður meðal þjóðar munu gjaldfalla og rýrna með auknum hraða.

Okkar sögulegi lúterski – mót-mælenda trúararfarur kallar á endurskoðaða umgjörð lífsskoðana- og trúfélaga í landinu, svo að við verðum loks lútersk í síðum!

Sú umgjörð verður að rúma trú, vonir, drauma og andlegar væntingar allra landsmanna, en ekki aðeins fárra starfsmanna, stórrar ríkisstofnunar. Sú lagalega umgjörð verður að vera trúverðug í anda lýðræðis og jafnréttis því einungis það er í anda Lúthers og Jesú Krists.

Ómyndug ríkisrekin trúmálastofnun sem leitar sér samsvörunar ýmist í kaþólskri kirkjustofnun miðalda eða skaðlegri bókstafshyggju samtímans er þjóð okkar ekki sambodin. Allra síst á þeim válegu tímum sem við nú lifum. Sá fjöldi sem starfar í anda Krists innan þjóðkirkjunnar á betri umgjörð skilið.

Hin nýja lagalega umgjörð verður einnig að höfða til húanista og trúleysingja því þeir eiga einnig sínar vonir og væntingar um betra líf og þeir e.t.v. frekar en margir aðrir hafa fundið þungann af mistökum trúarstofnunarinnar í aldanna rás.

Að vinna að slíkri umgjörð er heillandi viðfangsefni. Það er í anda nýsköpunar og sprotastarfsemi og einmitt þar er Guð að finna. Sú sýn er sú eina sem hæfir nútíma lýðræðissamfélagi; það eitt er sambod-ið Lúther og Jesú Kristi.

Hjörtur Magni Jóhannsson



Ég vildi fermast 12 vetra, með bekkjarsystkinum mínum sem voru 13 og 14 vetra. Aðeins ein kirkja í Reykjavík féllst á að taka á móti svo ungu og ákafu fermingarbarni. Það var Frikkjann sem bauð Frímánninn velkominn. Síðan hefur hún verið kirkjan mín, í sjónmáli við heimili fjölskyldunnar, gullfalleg, hljómprúð og alþýðleg. Sömu lýsingarorð eiga við frikkjuprestinn okkar góða, hann Hjört Magna Jóhannsson. Þar fer góður maður í góðu guðshúsi sem gott er að eiga að. Heill Frikkjanni í Reykjavík á afmælisári.

Jakob Frikkjumann Magnússon tónlistarmaður.



Óháði söfnuðurinn sendir Frikkjunninni í Reykjavík innilegar hamingju-óskir í tilefni 110 ára afmælisins. Þökkum fyrir ánægjulega heimsókn frá kirkjukórnum ykkar á adventukvöldinu okkar á síðasta ári. Hlökkum til áframhaldandi samstarfs á milli safnaðanna um okomin ár. Við óskum ykkur velfarnaðar og blessunar Guðs á afmælisárinu sem og í framtíðinni.

F.h. Óháða safnaðarins Guðrún Halla Benjaminsdóttir, formaður safnaðarstjórnar.



Frikkjann er ekki bara fallett hús. Hún er líka kirkja jafnréttis og forðamáleysis. Þannig finnst mér að kirkjur eigi að vera.

Ást og friður Ellen Kristjánsdóttir, tónlistarmaður



Við Tjörnina stendur hún, með sinn fallega hljómburð, hlýju og sögu. Frikkjann er dásamlegt athvarf, þar nærri ég sálina og sæki innri orku til tjáninga í tónum. Að leika á Stradivarius í Frikkjunninni er eins og að leika inni í hljóðfærinu sjálfu.

Hjörleifur Valsson fiðluleikari

LÚTERSKEFRÍKIRKJUR OG STJÓRNARSKRÁIN

Yfirlýsing til stjórnvalda

Sífelld fleiri Íslendingar, nú um 17.000 manns, hafa kosið að tilheyra evangelísk lúterskum frikkirkjum. Á undanförunum áratug hefur frikkirkjufólki fjölgað um allmörg þúsund. Á sama tíma fækkar hlutfallslega í þjóðkirkjunni þrátt fyrir þá milljarða króna sem hún fær frá ríki hvert ár.

Nú stendur fyrir dyrum endurskoðun á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Í þeim lögum sem og í sérstökum samningi milli ríkis og þjóðkirkju sem einnig var gerður fyrir um áratug um kirkjusögulegan arf Íslendinga, er látið sem evangelísk lúterskar frikkirkjur séu ekki til. Það veldur verulegum ójöfnuði hvað varðar fjárhag og starfsaðstöðu lútersku frikkirknanna sam-anborið við þjóðkirkjuna. Þó hefur lúterska frikkirkjuhreyfing-in verið við lýði hér á landi nokkuð vel á annað hundrað ár, svo til allan þann tíma sem trúfrelsi hefur ríkt í landinu.

Ekki er að sjá að þessi mismunur samræmist ákvæði stjórnarskrár íslenska lýðveldisins en í 62. gr. segir „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum“.

Þegar evangelísk lútersku frikkirkjurnar voru stofnaðar á sínum tíma sem sjálfstæð trúfélög, þá var það sannarlega í anda lýðræðis og jafnræðis. Einmitt þeirra feegursta gilda

sem er að finna í lúterskri trúarhefð, þeirra gilda sem þjóðin helst getur sameinast um.

Í ljósi þess mikla meðbyrs sem lúterskar frikkirkjur hafa haft síðustu árin þá er mikilvægt að ríkisstjórn Íslands og Alþingi taki fullt tillit til þeirra við endurnýjun laga og samninga er varða samband ríkis og kirkju.

Safnaðarmeðlimir lútersku frikkirknanna eru alveg fullgildir erfingjar þess kirkjusögulega arfs sem ríkið greiðir nú árlega til þjóðkirkjunnar.

Það er vissulega í anda þeirrar lýðræðislegu endurskoðunar og þeirra stjórnsýslu umbóta sem núverandi ríkisstjórn boðar og stendur að.

Fyrir hönd evangelísk lúterskra frikkirkna á Íslandi:

Hjörtur Magni Jóhannsson prestur, fyrir hönd Frikkirkjunnar í Reykjavík

Einar Eyjólfsson prestur og **Sigríður Kristín Helgadóttir** prestur, fyrir hönd Frikkirkjunnar í Hafnarfirði

Pétur Þorsteinsson prestur, fyrir hönd Óháða safnaðarins

Friðrik Schram prestur, fyrir hönd Íslensku Kristskirkjunnar





Í faðmi fjölskyldunnar. Hjörtur Magni Jóhannsson ásamt eiginkonu sinni, Ebbu Margréti Magnúsdóttur, og börnunum. F.v. Aron Þór, Ágústa Ebba, Magnús Jóhann og Rut Rebekka.

Með umburðarlyndi að leiðarljósi

● Nýverið gaf Bókaútgáfan Hólar út viðtalsbókina „Milli mjalta og messu“ sem Anna Kristine Magnúsdóttir skrjáði. Bókin ber sama nafn og vinsælir útvarpsþættir Önnu Kristine sem voru á Rás 2 og Bylgjunni í rúm sjö ár. Viðmælendur þáttanna eru á fimmta hundrað. Í þessari bók ræðir Anna Kristine við fimm þeirra, einn er séra Hjörtur Magni Jóhannsson, prestur Frikirkjunnar í Reykjavík. Hér er gripið niður í nokkra kafla þar sem hann ræðir trúmál.

Ég komst fljótt að þeirri niðurstöðu að Guð almáttugur, almættid, hið góða afl, eða hvaða nafn við viljum nefna, er æðri öllum kirkjudeildum, æðri öllum trúarstofnunum. Hann er æðri öllum guðfræðilegum kennisettningum og hann er æðri trúarbrögðum, trúi ég. Mig grunar að hann hafi engan áhuga á því hvort menn eru mótmælendur, kaþólskir, tilheyri íslam eða séu kristnir, tilheyri þeir tilheyra gyðingdómi, búddisma eða hindúisma. Hann leitar eftir öðru í breytni manna.

Ástæðan fyrir því að ég leyfi mér að tala svona er sú að trúar kenningar og játningar, trúarstofnanir og trúarbrögð hafa svo ítrekað í sögunni verið notuð til aðgreiningar, mismununar, fordæmingar og útilokunar af misvitrum trúarleiðtogum og veraldlegum valdsmonnum. Og hér er kristindómurinn alls ekki undanskilinn. Málið er að almættid væri í raun að hæðast að okkur ef sannleikann væri enn að finna aðeins í einni trúarhefðinni en ekki annarri. Guð veit að við vitum þetta og hann væntir þess af okkur að við temjum okkur æðri og víðari sýn.

Það eru ákveðnir grunnþættir sem almættid væntir af okkur og við eigum að leita eftir, hver innan sinnar trúarhefðar. Þessi þættir eru samhygd, umhyggja, kærleikur, miskunn og réttlæti og sá er Guði þóknalegur sem lifir og breytir eftir þessu, ekki sá sem er með flottasta merkið, hálfmánann, Davíðsstjörnuna eða krossinn.“

TRÚIN ER VEGFERÐ, GUÐ ER ÞROSKAFERLI

„Menn taka Biblíuna sína eða Kóráninn, Talmútinn eða Vedaritin í búddisma og segja: „Hér hef ég Guð almáttugan höndum tekið, ég hef vilja Guðs hér í Biblíunni og þeir sem ekki sjá hann sömu augum og ég fara til helvítis, en þeir sem sjá sannleikann með sömu gleraugum og ég eru Guði þóknalegir. Þeir eru í ljósinu en hinir í myrkrinu.“ Þetta er hættuleg hugsun sem leiðir til ofstækis, ef ekki hryðjuverka.

Vegna okkar eigin takmarkana getum við aldrei séð Guð sem gefna stærð. Trúin er vegferð og Guð er þroskaferli sem veldur því að við erum stöðugt að uppgötva nýja fleti á tilverunni og heilandi liti í lífsins litrófi.“

GUÐ ER FYRIR UTAN KASSANN

„Kristur krefst þess að við hugsum út fyrir kassann. En til þess þarf trú, von og djörfung.

Það er eðli ríkiskirkjunnar að hugsa innan kassans og hvatinn er þá oft kvíði og tilvistarótti.

Stofnunin stuðlar fyrst og fremst að eigin viðhaldi og forðast allar breytingar eins og heitan eldinn. Hún vill helst telja okkur trú um að hún sé eins og Guð almáttugur, óbreytanleg og óskekul og að hún ein hafi lykil fortíðar og að einmitt þar sé Guð að finna.

En Kristur krefst þess að við hugsum út fyrir kassann. Hann vill ekki að sín kirkja hafi ímynd úreltrar stofnunar eða eins konar þjóðminjasafns staðnaðra hefða. Hann er ekki sá Guð sem var. Hann er aftur á móti alltaf sá Guð sem



kemur og sá Guð sem er.

Hann frelsar okkur einmitt frá okkar eigin kassalöguðu takmörkunum. Það er hans byltingarkenndi boðskapur. Hann vill frelsa okkur frá skammsýni okkar, okkar eigin kvíða og ótta. Hann vill að við vonum og þráum langt, langt umfram það sem við höfum getað eða þorað að vona! Hann vill leysa okkur úr viðjum okkar eigin takmarka, okkar eigin mistaka, okkar eigin breyskleika. Kristur brýtur ok okkar eigin fortíðar, ef við leyfum honum.“

NÝ UMGJÖRÐ TRÚMÁLA Í LANDINU

„Okkar sögulegi lúterski – mótmælenda trúararfar kallast á nýja umgjörð trúmála í landinu! Og það vil ég hrópa á torgum úti. Sú umgjörð verður að rúma trú, vonir, drauma og andlegar væntingar allra landsmanna. Sú lagalega umgjörð verður að vera trúverðug.

Ómyndug ríkisrekin trúmála stofnun, sem leitar sér samsvörunar ýmist í kaþólskri kirkjustofnun miðalda eða skaðlegri bókstafshyggju samtímans, er þjóð okkar ekki samboðin. Allra síst á þeim válegu tímum sem við nú lifum. Þjóðin þarfnast betri kosta og á mun betra skilið.

Hin nýja lagalega umgjörð trúar og lífsskoðana á hinu nýja Íslandi verður einnig að höfða til humanista og trúleysingja því þeir einnig eiga sínar vonir og væntingar um betra líf og þeir ef til vill frekar um margir aðrir hafa fundið þungann af mistökum trúarstofnunarinnar í aldanna rás.“

Ég og Frikirkjan

Sundum veit maður ekki af hverju maður hefur betri tilfinningu fyrir einum stað heldur en öðrum en það er bara þannig. Maður gengur eftir Bragagötunni og finnst sem maður eigi heima þar en beygir inn Ægisgötuna og þrátt fyrir ægifagur útsýnið yfir á Skarðsheiðina í norðri og hinum megin upp að Kristskirkju á Landakoti þá á ég einhvern veginn ekki heima þar.

Þegar ég kom fyrst í Péturskirkjuna í Róm þyrmdi yfir mig. Sömu sögu er að segja um flestar risavaxnar miðaldakirkjur kaþólskunnar sem ég hef heimsótt eins og



Sigursteinn Másson.

Notre Dame í París vegna þess að ég kemst ekki hjá því að hugsa til allra mannfóranna sem færðar voru við að byggja þessi bákn. Þótt ég geti um stund vel dáðst að listaverkunum og útflúrinu öllu saman verður meðvitundin um hið misnotaða vald og græðgi fegurðarskyninu yfirsterkara og ég fer út og vil ekki snúa aftur í þessi yfirdrifnu en samt tómlegu salarkynni.

Hvernig var hægt að horfa svo algjörlega fram hjá boðskap kristis um einfaldleikann og hófsemina? Boðskapinn um að ekki þyrfti hof og skrauthallir til að finna guð? Kaþólska kirkjan og síðar ýmsar lúterskar kirkjudeildir notfærðu sér nafn kristis en í raun var hann þeim fyrst og fremst innantómt slagorð sem hafði þann tilgang að upphelja einstaklinga á kostnað fjöldans. Færa fám útvöldum fjármuni og völd og ýta undir guðhræðslu til að halda almúganum í skefjum og fá fólk til að sætta sig við ömurlegt hlutskipti sitt.

Þegar ég gegndi varaformennsku í Samtökunum 78 árin 2004 og 2005 stóðum við í þeirri

réttindabaráttu að fá sambönd samkynhneigðra vígð á jafnréttisgrundvelli á við gagnkynhneigða. Þessa sögu þekka ef laust flestir en í stuttu máli sá ríkiskirkjan, sem vill láta kalla sig þjóðkirkju, mikla meinbugi á þessu. Ekkert afl í samfélaginu stóð harðar gegn jafnréttinu en sú stofnun landsins sem

lengst hefur kennt sig við krist og var þar vísað í einstaka setningar Biblíunnar og þær teknar úr samhengi til sýna fram á að hjónaband gæti aðeins náð til karls og konu. Orðið hjónaband varð heilagra en jafnrétti, mannréttindi og frelsi til samans. Menn misstu sjónar á aðalatriðum en hengdu sig í prótokól. Á þessu voru vissulega undantekningar s.s. Laugarneskirkja og sóknarpresturinn þar.

Ein var sú kirkja sem stóð upp úr yfirborðsmennskunni, látlaus og einlæg brjóstvörn mannréttinda. Frikirkjan hefur markað sér einstakan sess í íslensku samfélagi í nútímalegum viðhorfum jafnréttis og almennra mannréttinda. Hjörtur Magni Jóhannsson, sóknarprestur Frikirkjunnar í Reykjavík, hefur séð til þess að ómengaður málstaður kristis hefur fengið að óma óritskoðaður af aturhaldsöflum og virðing in fyrir frelsi og mannhelgi verði í öndvegi. Þess vegna giftist ég mínum manni í Frikirkjunni 1. júlí 2006 og þess vegna tók ég sæti varamanns í safnaðarráði kirkjunnar 2009 þegar eftir því var leitað. Það er ómetanlegt að eiga sér stað á Tjarnarbakkannum sem er ríkur af sögu og trú en einnig hugsjónum um kærleika, jafnrétti og sönn mannréttindi. Á slíkum stað á ég heima.

Sigursteinn R. Másson, formaður Geðhjálpar.

Elsta kirkjukvenfélag landsins, stofnað 1906

Kvenfélag Frikirkjunnar í Reykjavík er elsta kirkjukvenfélag landsins og auk þess eitt af elstu kvenfélögum hér á landi. Það var stofnað 6. mars árið 1906.


Tilgangur þess var að sameina krafta kvenna í trúarlífi og kristilegu siðgæði, efla safnaðarstarfið, hjálpa fátækum konum, lífna sjúkum og bágstöddum í söfnuðinum og styrkja góð málefni.

Fyrstu árin safnaði kvenfélagið fé til kaupa á ýmsum kirkjumunum svo sem altarisstöflu og skírnarfonti. En kvenfélagskonur létu landsmálin líka til sín taka. Til marks um hvað þetta er gamalt félag má

nefna að það tók þátt í söfnun til styrktar byggingu Vífilsstaðaspítala og Landsspítalans, einnig lagði það sitt af mörkum í alþjóðasafnanir til hjálpar stríðshrjóðum þjóðum.

Við sem á eftir komum höfum reynt að vinna í anda fyrirrennara okkar í kvenfélaginu.

Á þessum tímamótum safnaðarins viljum við þakka öllu því góða fólki, sem lagt hefur kvenfélaginu lið, fyrir vel unnin störf og óskum Frikirkjunni í Reykjavík til hamingju með afmælið. Sigurborg Bragadóttir, formaður Kvenfélags Frikirkjunnar í Reykjavík.



Sigurborg Bragadóttir



Helgihald og tónleikar

í Frikirkjunni í Reykjavík 2009

19. nóvember

Fimmtudagur: Í tilefni þess að Frikirkjan í Reykjavík var stofnuð á þessum degi fyrir 110 árum, árið 1899, verður kirkjan opin frá kl. 11.00 til 16.00.

22. nóvember

Sunnudagur: Kl. 11.00 Hátíðarguðþjónusta í tilefni 110 ára afmælis kirkjunnar. Athugið: Breyttur tími. Hjörtur Magni Jóhannsson, frikirkjuprestur predikar og þjónar fyrir altari ásamt Pétri Þorsteinssyni, presti Óháða safnaðarins. Anna Sigríður Helgadóttir og Carl Möller ásamt kór Frikirkjunnar leiða og flytja tónlist. Guðþjónustunni verður útvarpað beint á RÚV. Að athöfn lokinni verður komið saman í safnaðarheimilinu þar sem boðið verður upp á léttar veitingar.

25. nóvember

Miðvikudagur: Kl. 12.15 Hádegistónleikar. Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil.

26. nóvember

Fimmtudagur: Kl. 12.00 Kyrrðar- og fyrirbænastund í kapellu. Kaffi og samfélag á eftir.

29. nóvember

Fyrsti sunnudagur í aðventu: Kl. 14.00 Guðþjónusta og barnastarf.

2. desember

Miðvikudagur: Kl. 12.15 Hádegistónleikar. Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil. Kl. 19.30 Jólafundur Kvenfélags Frikirkjunnar í safnaðarsal. Kl. 20.00 Tónleikar með Flugfryjukórnum

3. desember

Fimmtudagur: Kl. 12.00 Kyrrðar- og fyrirbænastund í kapellu. Kaffi og samfélag á eftir.

6. desember

Annar sunnudagur í aðventu: Kl. 14.00 Guðþjónusta og barnastarf. Kl. 20.00 **Aðventukvöld.** Anna Sigríður Helgadóttir og Carl Möller ásamt kór Frikirkjunnar flytja fjölbreytta aðventu- og jólatónlist. Anna Kristine Magnúsdóttir, rit höfundur og fjölmiðlakona, les úr nýrri bók sinni, Milli mjalta og messu. Ræðumaður kvöldsins er Herdís Þorvaldsdóttir, leikkona og fyrrum formaður Lifs og lands. Sérstakir gestir eru tónlistarmennirnir Magnús Eiríksson og Pálmi Gunnarsson, sem flytja nokkur lög af sinni alkunnu snilld.

9. desember

Miðvikudagur: Kl. 12.15 Hádegistónleikar. Listrænn stjórnandi Gerrit Schuil.

10. desember

Fimmtudagur: Kl. 12.00 Kyrrðar- og fyrirbænastund í kapellu. Kaffi og samfélag á eftir. Kl. 20.00 Tónleikar með Ellen Kristjánsdóttur

12. desember

Laugardagur: Kl. 20.00 Tónleikar með Eyvör Páldóttur

13. desember

Þriðji sunnudagur í aðventu: Kl. 14.00 Jólátrésskemmtun hefst í kirkjunni með stuttri helgistund, en heldur síðan áfram í safnaðarheimilinu og fjör færast í leikinn. Dansað í kringum jólatréð og jólasveinninn kemur í heimsókn færandi góðar gjafir. Kl. 17.00 **Jólaþjóss** - styrktartónleikar á aðventu til styrktar atvinnulausum. Fram koma m.a. Guðrún Gunnarsdóttir, Karlakór Kjalnesinga, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Egill Ólafsson, Hjörleifur Valsson, Anna Sigríður Helgadóttir, Sigurður Flosason og hljómsveit. Einnig syngur Kirkjukór Lágafellssóknar. Stjórnandi og forsvarsmáður tónleikanna er Jónas Þórir.

16. desember

Miðvikudagur: Kl. 20.00 Blásarakvintett Reykjavíkur. Kvöldlokkur á jólaföstu.

17. desember

Fimmtudagur: Kl. 12.00 Kyrrðar- og fyrirbænastund í kapellu. Kaffi og samfélag á eftir. Kl. 20.00 Tónleikar með Gunnari Þórðarsyni og Svavari Knúti.

20. desember

Fjórði sunnudagur í aðventu: Kl. 14.00 Helgistund fyrir alla fjölskylduna. Kl. 17.00 Heilunarguðþjónusta á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands, Frikirkjunnar og Kærleikssetursins.

23. desember

Þorláksmessa: Kl. 21.00 Tónleikar-Árstíðir.

24. desember

Aðfangadagskvöld: Kl. 18.00 Hátíðarguðþjónusta fyrir alla fjölskylduna, jólin sungin inn. Anna Sigríður Helgadóttir syngur einsöng og Carl Möller er organisti. Kl. 23.30 Miðnætursamvera. Páll Óskar og Monika Abendroth koma fram.

25. desember

Jóladagur: Kl. 14.00 Hátíðarguðþjónusta.

31. desember

Gamlársdagur: Kl. 14.00 Guðþjónusta á Elli- og dvalarheimilinu Grund. **Gamlárvöld:** Kl. 18.00 Hátíðarguðþjónusta.



„Ég hef tekið þátt í miðnæturmessu Frikirkjunnar á aðfangadagskvöld síðan árið 2002. Þessi stund hefur alltaf fangað anda jólanna, og snortin af fegurð og friði hef ég farið út í jólanóttina.“

Monika Abendroth, hörpuleikari.



„Í huga mínum hefur Frikirkjan orðið ein af fáum kirkjum þar sem allt virðist koma saman. Hún er falleg og kyrrlát og býr yfir einstöku andrúmslofti. Vegna fráþærs hljómburðar er kirkjan fullkominn staður fyrir hið talaða orð og tónlistarflutning. Frikirkjan er hús þar sem manni líður eins og maður sér kominn heim og veitist að taka á móti eilífum innblæstri Skaparans.“

Gerrit Schuil, pianóleikari.

Kirkjan okkar er tákmynd Reykjavíkur

Um þessar mundir höldum við upp á 110 ára afmæli Frikirkjusafnaðarins í Reykjavík.

Söfnuðurinn var stofnaður sem lúterskur frikirkjusöfnuður árið 1899, en framkvæmdir við kirkjubýgginguna hófust árið 1901. Kirkjan var síðan fullbyggð og vígd árið 1904.

Ári síðar eða árið 1905 þurfti síðan að stækka kirkjuna og enn á ný, árið 1941 voru byggðar viðbyggingar við kirkjuna.

Frikirkjan er önnur kirkjan sem reist er í Reykjavík. Bærinn var þá ekki stór en hefur stækkað mikið síðan. Fjölmargar kirkjur voru reistar í Reykjavík á þessum árum og söfnuðir stofnaðir í öllum hverfum borgarinnar og nágrenni. Frikirkjusöfnuðurinn hefur vaxið og dafnað á þessum tíma og er nú orðinn einn stærsti kirkjusöfnuður á Reykjavíkursvæðinu.



Steindór I. Ólafsson

Kirkjan okkar við Tjörnina í Reykjavík er fyrir löngu orðin tákmynd Reykjavíkur, þar sem hún birtist á fjölmörgum myndum af miðborg Reykjavíkur. Þar sem kirkjan speglast í tjörninni, er hún frábært myndefni fyrir ljósmyndara. Hljómburður kirkjunnar er

mjög góður og nýtur hún því mikilla vinsælda hjá hljómlistarfólki, sem sækist eftir að halda tónleika í kirkjunni. Það hefur því verið góð nýting á kirkjunni okkar, dagskráin verði fjölbreytt og dregið að nýja safnaðar meðlimi.

Séra Hjörtur Magni Jóhannsson var ráðinn prestur og forstöðumaður safnaðarins fyrir réttum tíu árum. Hann hefur unnið ótult starf og verið duglegur við að finna ný og krefjandi verkefni fyrir söfnuðinn. Hann hefur notið mikilla vinsælda og hefur söfnuður okkar rúmlega tvöfaldast á þessu tímabili og nær nú yfir allt stór Reykjavíkursvæðið.

Um leið og við fögnum þessum áfanga í sögu Frikirkjunnar óskum við söfnuðinum og starfsfólki kirkjunnar velfarnaðar á komandi árum.

Steindór I. Ólafsson, formaður safnaðarráðs.



„Pabbi og mamma sungu með Frikirkjukórnum um margra ára skeið og tóku mig með í allar messurnar. Seinna kom það í minn hlut að sjá um tónlistarflutninginn í fjölmörgum athöfnum þar, brúðkaupum, jarðarförum sem og á hátíðarstundum. Frikirkjan í Reykjavík er stærri partur af lífi mínu en marga grunar.“

Páll Óskar Hjálmtýsson, söngvari.



„Ef til er hugsun sem er óhugsandi, þá rúmast hún innan Frikirkjunnar. Fyrir sunnan Frikirkjuna, fyrir norðan Frikirkjuna, fyrir austan hús og vestan er fagurt um að litast og innan hennar rúmast sérhver mannlæg hugsun.“

Egill Ólafsson, tónlistarmaður.





Glatt á hjalla

Barnastarfið hefst hvern sunnudag kl. 14.00 með guðsþjónustu. Eftir stutta stund með fullorðna fólkinu er haldið í safnaðarheimilið þar sem sungnir eru hreyfingsöngvar, leikið og fönðrað. Jakob bangsi aðstoðar við fræðsluna.

Fjölskylduhátíðir eru haldnar að vori og hausti. Þá er grillað, sungið og trallað og margt fleira gert sér til gamans.

Æskulýðsstarfið er í tengslum við fermingarfræðsluna. Komið er saman til skemmtunar en einnig til að fræðast, m.a. um kristna trú, mannréttindi og skaðsemi vímuefna.



Hvers vegna að kenna trú sína við þennan Marteinn Lúther?

Hann var skaphundur og glímdí líklegast við geðræna kvilla svo sem þunglyndi. Hann storkaði opinberlega voldugum trúarleiðtogum sinnar samtíðar og ógráði milljarða trúarstofnunar. Hann drakk líklegast fullmikið af bjór og skrifaði og lét hafa eftir sér á opinberum vettvangi ýmis ummæli sem eru vart birtingarhæf og í raun til skammar. Sagan segir að Lúther hafi markvisst unnið að því að frelsa nunnur úr ánaud klausturslífsins, smyglað þeim út í risastór- um bjórtunnum og reynt að finna þeim eiginmenn. Þeirri síðustu sem hann gat ekki komið út, giftist hann sjálfur, segir sagan.

Siðbreytingin hér á landi sem kennd var við Lúther fól margt neikvætt í sér á mörgum sviðum og segja má að henni hafi í raun verið þröngvað upp á þjóðina. Eins hafa trúarleiðtogar og stofnanir notfært sér nafn hans og kenningar, sjálf- um sér til framdráttar, með því að umsnúa boðsskap hans.

Þrátt fyrir allt þetta er ég þakk- látur fyrir að geta kennt trúararf minn við þennan mjög svo breyska, þýska Martin Lúther. Engan annan trúarleiðtoga utan Kristis vildi ég heldur hafa nefndan í stjórnskrá íslenska lýðveldisins.

HVERS VEGNA?

Svarið er einfalt: Með mótmælum

sínum tengdi hann trúna aftur við sam- félagslegt réttlæti, frelsi, lýðræði og jafnræði, rétt eins og Jesús Kristur. Kirkjuskilningur hans var óljós og sem betur fer ekki fullmótaður vegna þess ástands sem var ríkjandi. En hann mótmælti af miklum krafti þegar kirkjustofnunin var farin að upphefja og dýrka sjálfa sig og valda ímynd Kristis miklum skaða.

ÞÖRFIN FYRIR MÓTMÆLI

Þörfin fyrir skapandi sjálfsgagn- rýni og kröftug uppbyggileg mótmæli þegar við á, er öllum lýðræð- issamfélögum lífnsauðsynleg. Og það er sú arfleifð sem gerir þennan breyska Marteinn Lúther svo mikil- vægan fyrir samfélag okkar í dag.

Innan kristinnar trúarhefðar má rekja arfleifð mótmælenda allt aftur til spámanna Gamla testa- mentisins. Spámennirnir voru öflugir og feikna ágengir mótmælendur allrar samfélagslegr- ar mismununar. Þeir voru boðber- ar samfélagslegs réttlætis og jafnræðis. Þeir gagnrýndu blóðfórnir musterisins og mótmæltu trúar- stofnun sinnar samtíðar.

Á tímum Jesú Kristis voru Sadd-



Marteinn Lúther.

úkear sjálfyf- irlýstir eigend- ur átrúnaðarins og hins trúarlega arfs. Þeir voru eins og forréttinda yf- irstétt hinna trú- uðu meðal þjóðar sem glímdi við gíf- urallega kreppu og ánaud. Ætla mætti að Jesús Kristur hafi ráðfært sig við þá um öll sín áform. En svo virð- ist þó sem Jesús hafi haft samskipti

við alla hópa samfélagsins nema þessa sjálfsskipuðu erfingja trúar- arfsins, Saddúkeana. Jesús tókst á við þá í orðaskiptum og sakaði þá um fávísku. Þeir komu hjálpræð- isboðsskap hans ekkert við. Í reiði sinni velti Jesús um borðum víxl- aranna í musterinu, þar sem Sadd- úkear réðu miklu.

Í frelsis- og hjálpræðisboðsskap Jesú Kristis á allur almenningur að- gang að himnaföðurnum, hans náð, miskunn og dýrmætri lífs orku.

Á tímum Marteins Lúthers hafði rómversk kaþólska kirkjustofnun- in tekið upp á því að selja fátækum almenningi aðgang að Guði. Kaþ- ólska kirkjustofnunin gerði sjálfa sig að Guði og hefur síðan skrá- sett það í eigin kenningar t.d. með ákvæðum um óskekulleika páfa og með því að halda því fram að ekk-

ert hjálpræði væri að finna utan stofnunarinnar. Lúther blöskraði og mótmælti kröftuglega ásamt öðrum siðbótarmönnum. Og það leiddi síðan til siðbótar.

- Á hans tíma gat almenningur ekki lesið Biblíuna né skilið helgi- haldið því það var allt á latínu, máli trúarstofnunarinnar; prestanna, biskupanna, kardinálanna og páfa.

- Lúther tók sig til og þýddi Biblíuna á það tungumál sem fólk- ið skildi og losaði fólkíð þannig við alla óþarfa milliliði.

- Hann boðaði að allir menn væru prestar, og því allir jafngild- ir erfingjar hins trúarlega arfs.

- Hann boðaði að kirkjan væri fólkíð og söfnuðurinn æðsta vald í sínum eigin málum óháð biskups- stofum og biskupsembættum.

- Lúther var ekki sérlega vel við biskupsembættið.

Á okkar tímum. Hin spámann- lega og sjálfsgagnrýna rödd ætti að vera eitt helsta einkenni lúterskrar kirkju. Það vita allir guðfræðingar. Sú sjálfsgagnrýni á bæði að beinast að trúarumgjörðinni sem að hinum trúarlega grunni. Og það er ein- mitt það sem gerir það fýsilegt að kenna sig við Lúther í nútíma upp- lýstu samfélagi. Þess vegna getum við t.d. sagt hér í Frikkirkjunni að mannréttindi séu æðri trúarlegum kreddum. Leyfum anda hins evang- elísk kristna Lúthers að lifa meðal okkar. Það er farsælast.

Hjörtur Magni Jóhannsson

HVERT RENNA TRÚFÉLAGSGJÖLDIN ÞÍN?

- Hefur þú athugað með trúfélagsskráningu þína?
- Láttu verða af því fyrir 1. desember!

Ert þú og þínir nánustu örugg- lega skráðir í Frikkirkjuna? Ítrek- að hefur komið í ljós að þeir sem telja sig tilheyra Frikkirkjunni reyn- ast ekki vera skráðir, þegar betur er að gáð. Því er full ástæða á þessum tímamótum að kanna fyrir 1. desember hvernig trúfé- lagsskráningu þinni er háttað. Það getur þú gert hjá okkur í Fri- kirkjunni eða hjá Þjóðskrá. Jafn- fram hvetjum við þig til að hvetja aðra til að gera slíkt hið sama.

Með skráningu í Frikkirkjuna ert þú hvorki að afsala þér borgara- legum réttindum né útiloka þig frá einu eða neinu. Það er margt svipað með trúfélagsgjöldum og gjöfum okkar til hjálparstarfs eða líknarmála; við viljum að framlag okkar renni örugglega og óskipt til þess málefns sem réttlætis- kennd okkar og samviska telja að það gagnist best.

Við eigum að skrá okkur í það trúfélag sem okkur sjálfum finnst starfa í anda sannfæringar okkar, samvisku, trúar og réttlætis- kenndar.

Hægt er að nálgast skráning- arblöð hjá Frikkirkjunni í Reykja- vík eða prenta þau út af heima- síðu kirkjunnar: www.frikirkjan.is, undirrita og senda inn. Einnig er hægt að nálgast skráningarblöð- in hjá Þjóðskrá í Borgartúni eða á [www.thjodskra.is/eydublod/ trufelag/](http://www.thjodskra.is/eydublod/trufelag/)





Þæfðar jólakúlur eru fallegar og ekki sérlega brothættar.



Margt má gera til að skreyta jólaseríur. Á laugardaginn verða þær heklaðar.

Hnotubrjóturinn er einn frægasti ballett veraldar og er yfirleitt sýndur í kringum jólin. Sagan er dregin af bókinni Hnotubrjóturinn og músakóngurinn eftir E.T.A. Hoffmann en rússneska tónskáldið Tsjaikovskí samdi tónlistina við ballettinn á árunum 1891-1892.



www.wikipedia.org



Jólahlaðborð

Ekki missa af okkar landsfræga og margrómaða jólahlaðborði. Síðast komust færri að en vildu.

Á föstudags- og laugardagskvöldum í nóvember og desember er innifalið í verði; Jólahlaðborð, dansleikur, hljómsveit leikur fyrir dans.

Þjóðum upp á rútuferðir fram og til baka.

Sunnudagskvöldin eru fjölskyldukvöldin okkar, þá kemur jólasveininn í heimsókn með glaðning handa börnunum, frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með foreldrum.

Sértilboð fyrir hópa á fmmtudagskvöldum. Tilvalið fyrir vinnustaði, klúbba og félagasamtök.



VEISLUSTADUR ALLT ÁRÍÐ

Allar helgar til jóla

4 glæsilegir salir - allt að 350 manns

Uppl. og bókanir í síma
567 2020

Skíðaskálinn í Hveradóllum
www.skidaskali.is - skidaskali@skidaskali.is

Allir fönndra þá eitthvað fallegt

Heimilisíðnaðarfélagið mun næstkomandi laugardag halda nokkur jólaörnámskeið. Í ár verður meðal annars boðið upp á kennslu í brjóstsykursgerð fyrir börn og unglinga. Þá verða heklaðar jólaseríur og jólakúlur þæfðar, svo fátt eitt sé nefnt.

„Í tilefni jólaanna erum við með fjölskyldudaga þar sem námskeiðin eru styttri og tengd jólum. Og svo er þarna jólaöfundur fyrir þá sem vilja koma og eiga stund með okkur, en ekki fara á einhver fyrirfram skipulögð námskeið,“ segir Arna María Gunnarsdóttir, starfsmaður Heimilisíðnaðarfélagsins, og bætir við að á þessum námskeiðum myndist kósi og skemmtileg stemning. „Sumir eru að gera þetta til að skreyta sín eigin heimili, aðrir koma til að fá hugmyndir að gjöfum. Hugmyndin í kringum þetta er að gefa allri fjölskyldunni færi á að koma og gera eitthvað jólalegt saman. Við reynum að stilla verðinu í hóf eins og reyndar alltaf,“ segir hún.

Margir hafa ekki hugmynd um hvaða starfsemi fer fram í Heimilisíðnaðarfélaginu en það má með sanni segja að félagið sé stórveldi á sviði heimilisíðnaðar. Það mun fagna 100 ára afmæli sínu eftir nokkur ár. Félagið sérhæfir sig meðal annars í þjóðbúninga- saumi, handverki, silfurvirvirki, sauðskinnskóagerð, uppplutum, leppum, tógvinnu, spjaldvefnaði og gömlu handverki sem margir stunda um þessar mundir. Aðeins á þessari haustönn hafa verið haldin fimmtíu námskeið og stundum mæta mörg hundruð konur, og slæðingur af körlum, í þrjónakaffið fyrsta fimmtudag



Arna María Gunnarsdóttir að munda hinn klassíska músastiga sem kemur sterkur inn í ár.

hvers mánaðar á Amokka kaffi í Kópavogi.

Arna María segir að öllum körlum, konum og börnum sé velkomið að kíkja inn á laugardaginn. Heitt verður á könnunni milli klukkan 12 og 16 í Nethyl 2e sem er rétt hjá Árbæjarsafninu og Kattholti. Efni í jólaöfundrið og músastigana kostar frá 250 krónum en brjóstsykursnámskeiðið og hekludu jólaseríurnar kosta meira, enda fer oft mikið efni í þær. niels@frettabladid.is

Sígræna jólatréð

— eðaltré ári eftir ári

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum þrýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- Eldtraust
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Þarf ekki að vökva
- Stálfótur fylgir
- Íslenskar leiðbeiningar
- Ekki barr að ryksuga
- Traustur söluaðili
- Truflar ekki stofubliðin
- Skynsamleg fjárfesting

Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

550 9800

www.skatar.is

Bandalag íslenskra skáta

Viltu gera jólagjöfina sjálf

- þá er vöruúrvalið hjá okkur

Opið til kl 21 á fimmtudaginn og sunnudaginn frá 13-16

Föndurstofan.is

Föndurstofan.is - s. 553-1800 - opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-15






ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

BÍLAR & FARATÆKI



AUDI Q7 Quattro 4.2 V8, 11/2006 Ekinn 59þús. Ssk, Leður, Filmur, 20" álf-elgur, Heilsársdekk, Umboðsbíll. Verð 8.900.000.- ALLT AÐ 100% LÁN



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX Diesel Turbo, 08/2006 Ekinn 90þús. Ssk, Kastaragrind, dráttarkrókur, Filmur, Verð 5.990.000.-



BMW 730 DIESEL, 10/2002 Ekinn 219þús. Ssk, Sjónvarp, Leður ofl. Verð 3.990.000.- Ath. Skipti ódýrari



SSANGYOUNG MUSSO 2.9 Sport Diesel TDI, 04/2004 Ekinn 154þús. Ssk, Pallhús, dráttarkrókur, Verð 1.190.000.-

Bilahöllin
Bíldhöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



Ertu að leita að bíl, þarftu að selja bíl? Bilamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi sími 567-1800 www.bbv.is opið 10:00-18:30 laugardaga 11:00-16:00

Bilamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800



CITROEN C3 SX, Árgærd 2004, ekinn 48 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.380.000. Rnr.123423. Sjá fleiri myndir á www.bílalíf.is Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar.WWW.BÍLALÍF.IS

TILBOÐ 990.-
VW GOLF VARIANT COMFORTLINE 8V. Árgærd 2004, ekinn 72 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 1.280.000. Rnr.242368. Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar.WWW.BÍLALÍF.IS

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð virka daga 10-18 laug.
12-16.
www.bílalíf.is



TOYOTA YARIS TERRA. Árgærd 2006, ekinn 75 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 1.390.000. áhvílandi 1.180.000.- Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is 865-7539



FORD MUSTANG GT. Árgærd 2000, ekinn 112 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.170.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Skipti möguleg 865-7539



NISSAN NAVARA 4WD DOUBLE CAB MT XE. Árgærd 2006, ekinn 39 þ.km, DÍSEL, 6 girar. Verð 3.300.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is skipti möguleg 865-7539

Bilabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opíð 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is



AUDI R S 6 TWIN TURBO 4x4. Einn svakalegasti bíllinn á götunni, Sjálfskiptur. Verð 5.9 millj skipti möguleg... Rnr.101839Skráðu bílinn þinn frítt á höfðabílar.is



HYUNDAI TERRACAN. Árgærd 2003, ekinn 93 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. 2 Eigendur Verð 2.190 þús. Rnr.129130

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is



RENAULT MEGANE SCENIC SCÉNIC RX4 Árgærd 2001. Ekinn 152 þ.km Verð kr. 890.000.

Höfðahöllin
Norðurlhella 8, 221 Hafnarfjörður
Sími: 567 4840
Vantar bíla á skrá og á staðinn.
www.hofdahollin.is



M.BENZ C 200 KOMPRESSOR W204 C200. Árgærd 2008, ekinn 29 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 6.590.000.



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX. Árgærd 1999, ekinn 199 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Fæst á AÐEINS 1.200Þ



TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI. Árgærd 2006, ekinn 60 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 1.690.000.



TOYOTA YARIS TERRA. Árgærd 2005, ekinn 103 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð 890.000.



VOLVO XC70 AWD. Árgærd 2004, ekinn 81 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Góður bíll

nýja.is

Nýja bilahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nýja.is



VERÐ 550.Þ
VW GOLF COMFORTLINE, árg 12/1998, ek 156.Þ km, 1.6L Beinskíptur, Falllegt eintak Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700



TILBOÐ 650.Þ Stgr
FORD FOCUS AMBIENTE STATION, árg 5/2002, ek 117.Þ km, Beinskíptur 1.4L, Falllegt og snyrtilegt eintak, Verð 840.Þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700



VERÐ 590.Þ
TOYOTA COROLLA WAGON TOURING TERRA, Fjór hjóladrífinn, 1.8L Beinskíptur, árg 3/1999, ek 160.Þ km, 2 Gangar á felgum Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is



Range Rover Sport HSE V8 dísel, árg.2008, ek. 43þús.km, 273 hö, sjálfsk, leður, lúga, krókur, Stór glæsilegur umboðsbíll hlaðinn búnaði, Ásett verð 10500þús.kr.bíllinn er á staðnum.

100 bílar ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Ódýrir bílar!! VW Vectra '99 ek. 158þ. ssk. Toppeint. V. 250þ. Daiwoo Lanos '00 ek. 110þ. ssk., v. 110þ. Bádúr sk. S. 844 6609.



Til sölu Nissan Almera árg. '97 ek. 190 þús. Ásett v. 290 þús. Gott stgr. tilboð. S. 861 9682 & 891 7770.

0-250 þús.

Til sölu MMC Lancer árg. '91. Verð kr. 75þ. Uppl. í s. 862 6356.

250-499 þús.



SVAKA TILBOÐ Á SPARIGRÍS 290 ÞÚS!
OPEL CORSA COMFORT 1200 árgærd 2001 ek.117 þús.skoðaður 2010.3ja dyra,eyðsla 5.6 l/100km í blönduðum akstri, í topp standi og litur vel út,ásett verð 430 þús TILBOÐ 290 ÞÚS þetta er svo gott verð að þú þarft ekki einu sinni að þrúta :) s.841 8955

MMC Galant. árg 99, ssk, ek 194 þús. Sk 10. Ný tímareim. Verð 450þús . 696-9787

Bílar óskast

Bílar óskast jeppar fólksbílar sendibílar ljótir sætir ónytir kaupi bíla sem þarfnastr lagfæringa til uppgærdar eða í parta skoða allt. Verð 20-200 þús. 770 6400.

Polo eða Golf óskast!
á 200-350þ. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 821 2545

0-200 þús stgr.
óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200 þús, stgr. Uppl. í s. 865 8822

Corolla eða Yaris óskast!
Árg. 1998-2001 fyrir 150-300 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 821 2545.

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, dísel og bensín, Viðgerðar og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Fornbílar



Til sölu Ford Galaxie 1966 í uppgærdarástandi. Fylgir með vél og skipting. Uppl. í s. 891 7770.

Sendibílar



MB 1854. Árg. 2004. Vel útbúinn sýningarbíll. Nýskr. mars 2007. Ekinn 101þ. km. Sími 893 6957.


Vörubílar

Forþjoppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eignum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Vespur

Til sölu 80cc Linhai vespa. Lítið ekin og í góðu lagi. Sér ekkert á henni. Verð sirka 200 þús. Upplýsingar í síma 616 8631.

Mótorhjól



Haustútsala á vespum í stuttan tíma!
50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Vélsleðar




Vetrarskoðum allar tegundir vélsleða
Kynntu þér málið!
Sími 540 4900



Til sölu sterkbyggð ný ónotuð kerra 1,5x3,0 m opnanleg í báða enda burðarþol 1500 kg galvanhúðuð uppl. í síma 892 7687.

Bátar




Hraðbátur til sölu m/ 150hp S. 561 1574 e. kl. 18, Hafsteinn.

6 tonna trétrilla til sölu, ýmis skipti koma til greina. Uppl. í s. 849 3230.

20-40% afsláttur af öllum vörum út þessa viku! Þurr gallar, blaut gallar, skór, hanskar, bátastígvél, hettur, björgunarvesti, brimbretti og fl. Fullt af flottum vörum! ATH opið frá 17-20 eftirmiddag, 12-16 laugardag. Gúmmibátar & Gallar S: 571 1020, Askalind 7, 201 Kópavogur. Gúmmibátar & Gallar, www.gummibatir.is

Flug



TIL SÖLU.
Tveggja manna fisflugvél til sölu. Vélín er í góðu ásigkomulagi. Fyrirspurnir sent á hans@internet.is

Hjólbarðar



fyrir Jeppa-og fólksbíla
Kreppuverð!

NÚ ER TÍMI TIL AÐ SPARA
Miklu meiri ending, allt að 65.000 km

SPARAÐU!! Einn dekkjagangur allt árið, næstu ár, engar umfelganir. Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hljóðlát. Aukið öryggi í bleytu og háku. Söluáæli; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122.



fyrir flestar gerðir jeppa
ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is
Sími 540 4900

SYND ÚT NÓVEMBER SÖKUM VINSÆLDA UPPLIFÐU LISTAMANNINN EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ HANN AÐUR. AÐUR ÓSÉÐ MYNDEFNI SEM HEIMURINN HEFUR BEDIÐ EFTIR.

SMÁRA BIÓ Sími 564 0000

2012	kl. 4:45 - 5:45 - 8 - 9 - 10:20	10
2012 LUXUS	kl. 4:45 - 8	10
DESEMBER	kl. 4 - 6 - 8	10
THIS IS IT	kl. 5:30 - 8	L
ZOMBIELAND	kl. 10	16
FRÍÐRÍÐUR FORVITNI 2	kl. 3:40	L
JÓHANNES	kl. 3:45	L

HÁSHÖLA BIÓ Sími 530 1919

2012	kl. 5:45 - 9	10
2012 DESEMBER	kl. 6 - 8 - 10	10
JÓHANNES	kl. 6 - 8 - 10	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELÐNUM	kl. 5:20 - 8 - 10:40	16

FACEBOOK.COM/SMARABIO AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BIÓKORT ÚT ÁRÍÐ, BOÐSMÍÐA AÐ FORSÝNINGAR O.M.F.L.

BORGAR BIÓ Sími 462 3500

2012	kl. 6 - 9	10
THIS IS IT	kl. 10	L
JÓHANNES	kl. 6 - 8	L

REGNBÖGINN Sími 551 9000

2012	kl. 6 - 9:15	10
2012 PARANORMAL ACTIVITY	kl. 6 - 8 - 10	16
ZOMBIELAND	kl. 8 - 10	16
BROKEN EMBRACES	kl. 5:20	12
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELÐNUM	kl. 6 - 9	16



WEIRD CORE Tanya Pollock skipuleggur Weirdcore-raftónlistarkvöld á Jacobsen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ofurmamma skipuleggur tónleika

Sérstakt Weirdcore-raftónlistarkvöld verður haldið annað kvöld á skemmtistaðnum Jacobsen, tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og er aðgangur ókeypis. „Í kvöld munu tónlistarmennirnir Steve Sampling, Quadruplos og Dj Hero's Trial stíga á svið,“ segir Tanya Pollock, skipuleggjandi Weirdcore-raftónlistarkvöldanna.

Tanya eignaðist sitt annað barn í sumar og segist skipuleggja tónlistarkvöldin á milli brjóstgjafa. „Ég er með pössun fyrir börnin

og passa mig bara á því að vera komin heim aftur fyrir næstu brjóstgjöf. Maður er í hálfgerðu ofurmómmuhlutverki þessa dagana,“ segir Tanya og hlær.

Hún segir ekkert lát vera á vinsældum raftónlistar hér á landi og að mikið framboð sé af ungum raftónlistarmönnum sem vilja komast að á Weirdcore-kvöldunum. „Það eru rosalega margir að semja raftónlist eða vilja komast að sem plötusnúðar á þessum kvöldum og við erum komin með langan biðlista,“ segir Tanya að lokum. - sm

Semur fyrir Múmínálfa

Björk Guðmundsdóttir hefur samið lagið The Comet Song fyrir teiknimyndina Moomins and the Comet Chase, sem fjallar um hina einu sönnu Múmínálfa. Sjón semur textann við lagið en hann hefur áður starfað með Björk við lög á borð við Bachelorette og Wanderlust. Bæði Sjón og Björk hafa lengi verið aðdáendur Múmínálfanna og verður forvitnilegt að heyra hvernig lagið mun hljóma. Höfundur bókaanna er sú finnska Múmínálfa-ana er sú finnska Tove Jansson og verður teiknimyndin framleidd af finnska fyrirtækinu Filmkompaniet. Er hún væntanleg í kvikmyndahúsi í ágúst eða september á næsta ári.

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR Björk hefur samið lagið The Comet Song fyrir nýja Múmínálfaamynd.



Saman í tónleikaferð

Hljómsveitin Hjaltalín, Snorri Helgason og Sigríður Thorlacius & Heiðurspiltar fara á fimfundag í tónleikaferð um landið til að kynna plötur sínar. Reyndar ferðast þau ekki til Vestfjarða og Vesturlands en ætlunin er að fara þangað í janúar. Hjaltalín er að fylgja eftir sinni annarri plötu, Terminal, sem er væntanleg í búðir. Snorri Helgason úr Sprengjuhöllinni er að senda frá sér sína fyrstu sólóplötu, I'm Gonna Put My Name On Your Door, og Sigríður Thorlacius og Heiðurspiltar sendu á dögunum frá sér plötuna Á Ljúflings-

TÓNLEIKAFERÐIN:

- 19. nóv. Blönduós - Félagsheimilið
- 20. nóv. Húsavík - Gamli baukur
- 21. nóv. Egilsstaðir - Sláturhúsið
- 22. nóv. Höfn - Pakkhúsið
- 24. nóv. Keflavík - Frumleikhúsið
- 26. nóv. Sauðárkrúkur - Mælifell
- 27. nóv. Dalvík - Menningarmiðstöðin
- 28. nóv. Akureyri - Græni hatturinn
- 29. nóv. Borgarnes - Landnámssetrið

hól sem inniheldur lög Jóns Múla Árnasonar.



HJALTALÍN Hljómsveitin Hjaltalín er á leiðinni í tónleikaferð um landið.

MÁL OG MENNING www.forlagid.is

Einu sinni

... voru Gásir við Eyjafjörð fjölmennasti kaupstaður landsins. Sumarið 1222 sigla þangað tveir bræður frá Grímsey. En ekki eru allir komnir til Gása í heiðarlegum tilgangi.

Gásagátan er spennandi saga eftir Brynhildi Þórarinsdóttur sem hlaut Norrænu barnabókaverðlaunin fyrir Njálu, Eglu og Laxdælu.

9+

**MEST SELDA
PLATA LANDSINS!**
4 vikur á toppi Tónlistans.

Tónleikar á Austurlandi:
Seyðisfjarðarkirkja 19. nóvember kl. 20:30
Kirkju- og menningarmiðstöðin,
Eskifirði 20. nóvember kl. 20:30
Miðaverð 2500 kr.
Miðasala við innganginn.

Jógvann Hansen
Fríðrik Ómar

VINALÖG

ÍSLENSKAR & FØROYSKAR PERLUR

Vegna mikillar eftirspurnar!



Ný sending komin
í verslanir!

**Aukatónleikar
í Salnum, Kópavogi**
Föstudagskvöldið 27. nóvember kl. 20

Hljómsveitin:
Benedikt Brynleifsson trommur
Róbert Þórhallsson bassi - Pétur V. Pétursson gítar
Vignir Þór Stefánsson píanó
Greta Salóme Stefánsdóttir fiðla og raddir.

Miðaverð aðeins 2.900 kr.

Miðasala er hafin á www.salurinn.is og í síma 5 700 400
Tryggið ykkur miða strax í dag. Ekki er hægt að bæta við fleiri tónleikum.

BÍLLEIGA
AKUREYRAR
Móðir

Europcar

N1

Føroya Bjór

RIGG

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

> Iceland Express-deild kvenna í kvöld

Þrjú leikir fara fram í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í kvöld þar sem hæst ber leik Íslandsmeistarara Hauka og Keflavíkur að Ásvöllum. Liðin hafa marga hildi háð síðustu ár í kvennakörfunni en hafa bæði átt fremur erfitt uppdráttar til þessa í vetur. Haukar hafa unnið þrjá leiki en tapað þremur og Keflavík hefur unnið tvo leiki eftir að hafa tapað fyrstu fjórum leikjum sínum í deildinni. Þá mætast Grindavík og Njarðvík í Suðurnesja-slag í Grindavík og Snæfell fær Hamar í heimsókn í Hólminn.



sport
sport@frettabladid.is

N1-DEILD KVENNA: TOPPSLAGUR VALS OG STJÖRNUNNAR Í KVÖLD

Munum reyna að stöðva sigurgöngu Vals

Það verður sannkallaður stórleikur í N1-deild kvenna í kvöld. Valur tekur þá á móti Stjörnunni á heimavelli en Valskonur eru enn ósigraðar í deildinni. Þessi lið mættust einmitt í fyrstu umferð deildarinnar í haust og þá vann Valur nauman sigur í hörkuspennandi leik, 18-17.

„Ég held að liðið mitt hafi ekki skorað jafn fá mörk í einum leik og þá síðan ég tók við,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Stjörunnar. „Þetta eru bæði mjög sterk varnarlið og það sást vel í þessum leik.“

Bæði Stjarnan og Valur hafa unnið alla leiki sína í deildinni síðan þá en Stjarnan vann nú síðast stórsigur á núverandi deildarmeisturum Hauka, 36-20.

„Ef við spilum eins vel gegn Val og við gerðum gegn Haukum list mér mjög vel á leikinn,“ sagði Atli. „En við vitum vel hversu sterkt lið Valur er eins og komið hefur í ljós í haust. Ég hef þó ekki verið að undirbúa liðið fyrir þennan leik á öðruvísi máta en aðra leiki – við tökum bara einn leik fyrir í einu en við

ætlum að reyna að stöðva sigurgöngu Vals.“

Atli neitar því ekki að Valur getur komið sér í ansi vænlega stöðu ef liðið vinnur Stjörnunna í kvöld. „Ég tel að það eru ekki mörg lið í deildinni sem geti unnið Val og því verður enn mikilvæga fyrir okkur að vinna þennan leik. Við viljum auðvitað vera í fyrsta sæti en að sama skapi gerum við okkur grein fyrir því að Íslandsmótið ræst í úrslitakeppni og því væri það enginn heimsendir að tapa þessum leik.“

Hrafnhildur Ósk Skúladóttir, leikmaður Vals, segir sína menn afar vel stemmda fyrir leikinn. „Ég held að þetta verði fyrst og fremst hrikalega skemmtilegt. Það er mikið í húfi enda eigum við möguleika á að koma okkur í mjög góða stöðu. Það væri ekki leiðinlegt að hafa unnið Stjörnunna tvisvar fyrir áramót.“

Hún segir að gengi Vals hafi ekki komið henni á óvart. „Við erum ekki með lakara lið en Stjarnan en við vitum að þetta er að stórum hluta spurning um dagsform og hugarfar. Við getum á góðum degi vel unnið Stjörnunna en við getum líka tapað.“



JAKOB ÖRN Átti enn einn stórleikinn með Sundsvall í gærkvöldi. MYND/STEFÁN

Sænska úrvalsdeildin í körfu: Stórleikur Jakobs

KÖRFUBOLTI Jakob Örn fór á kostum með Sundsvall Dragons og skoraði 24 stig en það nægði liðinu hins vegar ekki til sigurs þar sem það beið lægri hlut 74-77 gegn Norrköping Dolphins í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta í gærkvöldi.

Helgi Már Magnússon skoraði 10 stig og tók 5 fráköst í 73-91 sigri Solna Vikings gegn Stockholm. - óþ

Íslendingar í eldínunni í Þýskalandi og Danmörku:

Lemgo niðurlægt

HANDBOLTI Rhein-Neckar Löwen gjörsigraði Lemgo á útivelli í þýska handboltanum í gær og Guðmundur Guðmundsson stýrði GOG til stórsigurs í toppbaráttuleik gegn Kolding í Danmörku.

Snemma leiks Lemgo og RN Löwen varð ljóst í hvað stefndi þar sem gestirnir í RN Löwen fóru gjörsamlega á kostum, bæði varnarlega og sóknarlega. RN Löwen leiddi leikinn 1-8 eftir rúmar tíu mínútur og staðan var 7-17 í hálfleik en þá hafði Ólafur Stefánsson farið á kostum og skorað sex mörk. Leikmenn RN Löwen héldu áfram að auka forskot sitt í síðari hálfleik og niðurstaðan var sextán marka stórsig-

ur 22-38. Ólafur skoraði átta mörk í leiknum, Snorri Steinn Guðjónsson þrjú og Guðjón Valur Sigurðsson eitt mark. Vignir Svavarsson skoraði hins vegar þrjú mörk fyrir Lemgo en Logi Geirsson gat ekki leikið með liðinu vegna meiðsla.

Guðmundur Guðmundsson og lærisveinar í GOG unnu ellefu marka sigur, 35-24, gegn Kolding í gær þar sem Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði fjögur mörk. GOG skaut upp í annað sæti deildarinnar með sigrinum, nú aðeins stigi á eftir toppliði Kolding. - óþ

FRÁBÆR Ólafur Stefánsson lék á als oddi í stórsigri RN Löwen í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY



ALLT UNDIR Síðari umspilsleikir evrópsku þjóðanna átta um fjögur laus sæti á loka-keppni HM 2010 næsta sumar fara fram í kvöld. Stórfótboltaþjóðirnar Frakkland og Portúgal eru í ágætis málum fyrir leiki sína í kvöld. NORDIC PHOTOS/AFP

Síðustu sex sætin

Í kvöld ræðst loks hvaða sex þjóðir til viðbótar ná að tryggja sér þátttökurétt á HM 2010 í Suður-Afríku.

FÓTBOLTI Átta Evrópuþjóðir berjast um fjögur laus sæti á loka-keppni HM í fótbolta sem fram fer í Suður-Afríku næsta sumar en seinni umspilsleikir liðanna fara fram í kvöld. Þá mætast einnig Ameríkuþjóðirnar Úrúgvæ og Kosta Ríka og Afríkuþjóðirnar Alsír og Egyptaland.

Frakkland stendur vel að vígi fyrir seinni leik sinn gegn Írlandi í París í kvöld en Frakkar unnu fyrri leik liðanna 0-1 í Dyflinni á laugardag með marki Nicolas Anelka.

Frakkar hafa enn fremur ekki tapað á heimavelli í undankeppni HM í tíu ár og hafa því ærna ástæðu til bjartsýni fyrir leikinn þrátt fyrir að pressan sé vissulega einnig mikil á liðinu og landsliðsþjálfaranum Raymond Domenech.

„Pressan er alltaf til staðar hjá Frökkum og það er ástæðulaust að vera að bæta eitthvað á það með einhverjum yfirlýsingum. Ég veit það og leikmennirnir vita það að við þurfum að tryggja okkur farseðilinn á HM og það er það sem við ætlum að gera. Við skulum því vonast til þess að stuðningsmenn

okkar standi þétt við bakið á okkur í baráttunni,“ sagði Domenech á blaðamannafundi í gær. Írar eru ekki síður vongóðir fyrir leikinn og landsliðsþjálfarinn Giovanni Trapattoni hjá Írlandi vonast til þess að lið sitt nýti sér vel veikleika Frakka.

„Langflest mörkin sem Frakkar fá á sig koma upp úr föstum leikatriðum og við þurfum að nýta okkur veikleika þeirra til þess að eiga möguleika,“ sagði Trapattoni.

Margir knattspyrnuendur geta varla hugsað sér lokakeppni HM án þátttöku Portúgala með stórstjörnunna Cristiano Ronaldo í fararbroddi og þrátt fyrir að hann sé fjarri góðu ganni eru Portúgalir í ágætis málum fyrir seinni umspilsleik sinn gegn Bosnía. Portúgalir unnu reyndar ósannfærandi 1-0 sigur í fyrri leik liðanna í Portúgal en útivallarmark í kvöld setur þá vitanlega strax í blástjórásatið í einvíginu.

Úrúgvæ er einnig í fínum málum gegn Kosta Ríka eftir 0-1 útisigur í fyrri leik liðanna en fyrirfram var reyndar búist við nokkuð öruggum sigri Úrúgvæ í einvíginu.

Þá mætast erkifjendurnir Alsír og Egyptaland í algjörum úrslitaleik um síðasta lausa sæti úr Afríkuriðli undankeppninnar en þjóðirnar voru efstar og jafnar á öllum tölum í c-riðli en úrslitaleikur þjóðanna fer fram í Súdan í kvöld.

Mikið gekk á fyrir leik þjóðanna á dögnum í Kairó í Egyptalandi þar sem nokkrir landsliðsmenn Alsír meiddust þegar liðsrútan var grýtt með steinum.

omar@frettabladid.is

Andaðu djúpt með enn ferskara Smint!

SMINT®

NYTT

SMINT® Dental

SMINT® XTRA STRONG MINT

SMINT®

UMSPILSLEIKIR HM 2010

Evrópa:	fyrri leikir:
Frakkland-Írland	(1-0)
Bosnía-Portúgal	(0-1)
Slóvenía-Rússland	(1-2)
Úkraína-Gríkkland	(0-0)
Mið- og-Suður-Ameríka:	
Úrúgvæ-Kosta Ríka	(1-0)
Afríka:	
Alsír-Egyptaland	

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!


Fréttablaðið er með **143%** meiri lestur en Morgunblaðið.

71,4%

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.

29,3%



MORGUNBLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ



Allt sem þú þarft...

> Tyra Banks

„Elskaðu sjálfan þig þótt þú sért ekki fullkominn. Viðurkenndu galla þína og lærðu að meta þá eins og kostina.“

Tyra Banks leitar að nýrri ofurfyrirsætu í raunveruleikættinum *America's Next Top Model* sem sýndur er á SkjáEinum í kvöld kl. 20.50.



dagskrá



VIÐ TÆKID PÁLL BALDVIN BALDVINSSON OG AUGLÝSINGAR FYRIR BÖRN

Andstæð sjónarmið um innrætingu

Á mánudag var merkileg mynd á RÚV um upphaf og þróun auglýsinga fyrir börn í Bandaríkjunum. Þar var rakin samþætting leikins efnis fyrir börn, leikfangaframleiðslu og hvernig hvort tveggja var tengt matvælaframleiðslu, eða eigum við að kalla það sælgætisframleiðslu. Í þættinum var þessi þróun rakin af sérfræðingum og niðurstaðan var sú að eftir að Reagan aflétti hömlum á auglýsingum á framleiðslu ýmiss konar fyrir börn hafi verksmiðjueigendur af ýmsu tagi fært sig heldur betur upp á skaftið með samþættingu á söluherferðum ætluðum börnum, ekki aðeins á vörum þeim ætluðum, heldur líka á vörum sem þau geta ráðið einhverju um að verði keyptar. Til dæmis bílum.

Þetta var merkilegur þáttur: undir lok hans tók gagnrýnin að vikka og beindist að því hvernig heimsmýnd barna er mótuð og um leið hvernig



kynhlutverkum er troðið uppá börn fyrir unglingsár: the Tweenies, eins og Kaninn kallar það. Sú markaðssókn á sér dekkri hlið sem er stígvaxandi barnafýsning sem er aðeins svar við kyngervingu ungra barna.

Því rímaði þátturinn vel við okkar streð að í gær birtust fréttir af ákvæðum í nýju fjölmiðlafrumvarpi í Morgunblaðinu þar sem tekið er fyrir auglýsingar sem beinast að börnum, en í leiðinni greint frá fyrirlestri aðjunks í viðskiptafræðideild HÍ, Friðriks Eysteinnssonar, sem hélt því fram að auglýsingar næðu ekki til barna og bar fyrir sig margar rannsóknir. Hefur ekki í annan tíma birst jafn ítarlegt svar við hugmyndum um áhrifaleysi auglýsingar sem beinast að börnum og í þættinum. Friðrik og fleiri ættu að horfa á endursýninguna á þættinum sem er á dagskrá RUV 21. nóvember kl. 15.15.

MIDVIKUDAGUR



► 19.25 Matarklúbburinn
SKJÁREINN



► 19.50 Frakkland – Írland,
beint STÖÐ 2 SPORT



► 20.00 Brokeback Mountain
STÖÐ 2 BÍÓ



► 20.20 Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



► 21.45 Eldsnögg með Jóa Fel
STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Táknálmálsfréttir
- 17.30 Einu sinni var... - Maðurinn (8:26) (e)
- 18.00 Disneystundin Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.
- 18.54 Víkingalóttó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Ljóta Betty (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tiskutímarit í New York. Meðal leikenda eru America Ferrera, Alan Dale, Mark Indelicato, Tony Plana, Vanessa L. Williams, Eric Mabius, Ashley Jensen og Ana Ortiz.
- 21.05 Kiljan Bókabáttur í umsjón Egils Helgasonar.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.25 Fégræði (The Love of Money) (3:3) Heimildamyndaflokkur í þremur þáttum frá BBC. Í september 2008 virtist kapitálistinn vera að syngja sitt síðasta. Þetta er sagan af því hvað olli hrúninu, hvað gerðist og hverjar afleiðingar verða til lengri tíma.
- 23.20 Víðtalið (Mats Josefsson) (e)
- 23.50 Kastljós (e)
- 00.30 Dagskrárlök

BÍÓ

- 08.10 Dying Young
- 10.00 Ocean's Thirteen
- 12.00 Beethoven. Story of a Dog
- 14.00 Dying Young
- 16.00 Ocean's Thirteen
- 18.00 Beethoven. Story of a Dog
- 20.00 Brokeback Mountain Áhrifamikil og dramatisk mynd sem fjallar um forboðnar ástir tveggja kúreka sem kynna á Brokeback-fjalli árið 1963.
- 22.10 Fracture Sakamálamynd um ungan metnaðarfullan saksóknara sem fær það verkefni að sækja til saka útsjónarsaman verkfræðing sem ákærður er fyrir morð á eigin konu sinni.
- 00.00 National Lampoon's Dorn Daze
- 02.00 Breathtaking
- 04.00 Fracture
- 06.00 Bachelor Party

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Könnuðurinn Dóra, Normafélagið og Bratz.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 The Doctors
- 10.20 Auði og Sveppi
- 10.55 You Are What You Eat (2:8)
- 11.45 Smallville (6:20)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Aliens in America (13:18)
- 13.30 E.R. (17:22)
- 14.15 Sisters (6:28)
- 15.00 The O.C. 2 (22:24)
- 15.45 Barnatími Stöðvar 2 Leðurblöku-maðurinn, Ben 10, Dynkur smáeðla og Normafélagið.
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Nágrannar
- 17.58 Friends (5:25)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Simpsons (20:23)
- 19.45 Two and a Half Men (22:24)
- 20.15 Gossip Girl (7:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
- 21.00 Grey's Anatomy (4:23) Sjötta sería vinsæls dramabáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungr og bráðefnilegir skurðlæknar.
- 21.50 Medium (12:19) Fimmta þáttaröðin af dulmögnum spennubætti um sjáandann Allison Dubois.
- 22.35 True Blood (9:12) Anna Paquin leikur unga gengilbeinu sem fellur fyrir myndarlegum manni sem reynist vera vampír. Sjálf býr hún yfir yfirmátturulegum hæfileikum því hún getur lesið hugsanir.
- 23.30 Sex and the City (15:18)
- 00.05 Big Love (10:10)
- 01.00 Eleventh Hour (17:18)
- 01.45 E.R. (17:22)
- 02.30 Sjáðu
- 03.00 The Transporter
- 04.30 Grey's Anatomy (4:23)
- 05.15 The Simpsons (20:23)
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Lemgo - RN Löwen Útsending frá leik í þýska handboltanum.
- 17.05 Lemgo - RN Löwen Útsending frá leik í þýska handboltanum.
- 18.25 Gillette World Sport 2009 Fjölbreyttur íþróttabáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggst á bak við tjöldin.
- 18.55 Childrens Miracle Network Classic Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
- 19.50 Frakkland - Írland Bein útsending frá síðari leik í umspili fyrir HM 2010.
- 21.50 Bosnía - Portúgal Útsending frá leik í umspili fyrir HM 2010. Leikurinn er sýndur beint á Sport 3 kl 19.40.
- 23.30 Ultimate Fighter - Season 1 Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.
- 00.15 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

SPORT 2

enski boltinn

- 17.50 Season Highlights 2000/2001 Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
- 18.45 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
- 19.40 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
- 20.35 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrífni á einum stað.
- 21.05 Man. City - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 22.45 West Ham - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 07.20 Lífsaugað (9:10) (e)
- 08.00 Dynasty (8:29) (e)
- 08.50 Pepsi MAX tónlist
- 12.00 Lífsaugað (9:10) (e)
- 12.40 Pepsi MAX tónlist
- 15.20 Skrekur 2009 (e)
- 17.10 Dynasty (9:29)
- 18.00 Nýtt útlit (7:10) (e)
- 18.50 Fréttir Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
- 19.00 King of Queens (24:25) (e)
- 19.25 Matarklúbburinn (2:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.
- 19.50 Fréttir (e)
- 20.00 Spjallið með Sólva (9:13) Um-ræðubáttur í beinni útsendingu þar sem Sólvi Tryggvason fær til sín góða gesti.
- 20.50 America's Next Top Model (5:13) Tyra sér sjálf um myndatökuna að þessu sinni og vefur stúlkunum inn í litrík efni. Gestadómarar eru fyrirsætan og leikkonan China Chow.
- 21.40 Lipstick Jungle (5:13) Victory fær martröð og óttast um Joe, Nico ætlar að bjóða Kirby í skiðaferð en hann vill fá að borga sjálfur og Wendy er ósatt við eiginmanninn og finnur sér nýjan vin.
- 22.30 The Jay Leno Show Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti gestum.
- 23.20 CSI. Miami (4:25) (e)
- 00.10 The Contender Muay Thai (13:15) (e)
- 01.00 King of Queens (24:25) (e)
- 01.25 Pepsi MAX tónlist

INN

- 20.00 Maturinn og lífið Fritz M Jörgenson ræðir við gest sinn um lífið og tilveruna.
- 20.30 Neytendavaktin Þáttur um mál-efni neytenda í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur
- 21.00 60 plús Nýr þáttur á ljúfum nótum um aldna unglina. Umsjón: sr. Bernharð Guðmundsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Tryggvi Gíslason.
- 21.30 Óli á Hrauni Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Gefðu notalega upplifun á Hótel Sögu

Gjafabréf á Hótel Sögu er frábær jóla- eða tækifærisgjöf. Þú getur valið um gjafabréf á Grillið, Skrudð, gistingu eða pakka sem sameinar bæði mat og gistingu.



Frekari upplýsingar á
hotelsaga@hotelsaga.is

Sími: 525 9900 • www.hotelsaga.is.

Radisson S&S
HOTEL SAGA, REYKJAVÍK

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.00

Grey's Anatomy

Sjötta sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara. Þabbi Meredith þarfnast hjálpar hennar á meðan það reynir á Izzy að annast langt leiddan krabbameinssjúkling.



VIÐ MÆLUM MED Medium

Stöð 2 kl. 21.50

Hér er á ferðinni fimmta þáttaröðin af dulmögnum spennuþætti um sjáandann Allison Dubois. Hún sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað en þessi náðargjöf hennar gagnast lög-reglunni við rannsókn ýmissa mála.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst	14.03 Tónleikur
06.50 Bæin	15.03 Útvarpsagan: Kyrr kjör
07.03 Vitt og breitt	15.25 Seiður og hélog
07.30 Fréttayfirlit	16.00 Siðdegisfréttir
08.00 Morgunfréttir	16.10 Viðsjá
08.11 Morgunstund með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.53 Dánarfregnir
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Tríó	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Bókþing
12.00 Fréttayfirlit	21.10 Út um græna grundu
12.02 Hádegisútvarp	22.12 Orð kvöldsins
12.20 Hádegisfréttir	22.15 Bak við stjörnumar
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	23.10 Krossgötur
13.00 Orð skulu standa	00.07 Næturtonar

FM 88,5 XA-Radíó	FM 96,3 FM Suðurland	FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær
FM 91,9 Kaninn	FM 97,7 X-ið	FM 102,9 Lindin
FM 93,5 Rás 1	FM 98,9 Bylgjan	FM 105,5 Útvarp Boðun
FM 95,7 FM957	FM 99,4 Útvarp Saga	

EXTRA

16.30 Doctors (22:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífnu

17.00 Doctors (23:25)

17.30 Gilmore Girls Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

18.15 Seinfeld (16:24)

18.45 Doctors (22:25)

19.15 Doctors (23:25)

19.45 Gilmore Girls

20.30 Seinfeld (16:24)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.45 Eldsnögg með Jóa Fel (7:12) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakameistararnum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir.

22.15 Chuck (11:22) Chuck lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Hann varð þannig mikilvægasta leynivopn sem til er og órlög heimsins hvíla á herðum hans.

23.00 Burn Notice (11:16) Njósnaþinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósna sem eru komnir úti kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.

23.45 The Unit (3:11)

00.30 Fangavaktin

01.00 Modern Toss (6:6)

01.25 Fréttir Stöðvar 2

02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Absolutely Fabulous 12.30 Absolutely Fabulous 13.00 After You've Gone 13.30 My Hero 14.00 Monarch of the Glen 14.50 The Weakest Link 15.35 Strictly Come Dancing 17.15 My Hero 17.45 EastEnders 18.15 The Weakest Link 19.00 After You've Gone 19.30 Extras 20.00 Rob Brydon's Annually Retentive 20.30 The Catherine Tate Show 21.00 Dalziel and Pascoe 21.50 After You've Gone 22.20 Extras 22.50 The Catherine Tate Show 23.20 The Catherine Tate Show 23.50 EastEnders

DR 1

12.30 Blomsterkvartet 12.45 Hammerslag 13.10 Seinfeld 13.35 Seinfeld 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.00 Pigene Mod Drengene 15.30 Spiderman 15.55 Den lyserode panter 16.00 Tagkammerater 16.15 Pinky Dinky Doo 16.30 Vestindiens hemmelighed 17.00 TV Avisen Ekstra. Valg 09 18.30 Hvad er det værd? 19.00 DR1 Dokumentaren 20.00 TV Avisen 20.45 Penge 21.10 SportNyt 21.20 Taggart 22.30 OBS 22.35 Onsdags Lotto 23.40 Backstage

NRK 1

12.00 NRK nyheter 12.05 Par i hjerter 12.55 Offentlige hemmeligheter 13.00 NRK nyheter 13.05 Naboer 13.30 Viten om 14.00 NRK nyheter 14.05 Jessica Fletcher 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Kokkekamp 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Olivia 17.15 Ugler i mosen 17.35 Plipp, Plopp og Plomma 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Forbrukerinspektorene 18.55 Beruflsens konspirasjoner 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Vikinglotto 20.45 House 21.30 Migrapolis 22.00 Kveldsnytt 22.15 Lydverket 22.45 True Blood 23.35 Ei rituell verd

SVT 1

12.05 Robins 13.00 Good Bye, Lenin! 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 16.00 Hannah Montana 16.25 Fashion 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Gökväll 18.00 Kulturnyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Morden 21.00 Nip/Tuck 22.00 Kulturnyheterna 22.15 Livet i Fagervik 23.00 Sommarpratarna

FATA MARKAÐUR



Ódýrt

Opið frá kl 11-19 alla daga

Nýtt korta-tímabil



3.999 kr.

Stelpu / pils / peysa / buxur



1.999 kr.

Ungbarnagalli / jóla



1.499 kr.

Stelpupeysa



1.999 kr.

Kjöll með hettu / 6 - 24 mánaða



1.499 kr.

Cartes náttfatagalli / barna 6 - 9 mán.

GLÆNÝJAR VÖRUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



verð frá 999 kr.

Húfur



2.499 kr.

Ípróttabuxur / herra



verð frá 1.999 kr.

Ípróttagalli / strákar



1.999 kr.

Jólasveinagalli 3 - 24 mánaða



1.999 kr.

Náttföt

Leggings frá 999 kr
Hettupeysur frá 2499 kr.
Úlpur frá 3990 kr.

Komdu og gerðu kjarakaup fyrir jólin

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDBRENGL

FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19



„Mér finnst fiskurinn í hádeginu á Tilverunni á Linnetsstíg í Hafnarfirði mjög góður og á kvöldin er það nautasteikin á veitingastaðnum Vínhusinu í Hafnarfirði.“

Linda Björk Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri líkamsræktarstöðvarinnar Hress.



SIGURÐUR SKÚLASON Sigurður fer með aukahlutverk í stórmýndinni Faust.

Rússarnir vilja meira samstarf

„Þeir voru rosalega hrifnir. Við höfum verið í samræðum við framleiðendurna og þeir hafa mikinn áhuga á áframhaldandi samstarfi,“ segir Kristinn Þórðarson, framleiðandi hjá Saga Film. Tökum á rússnesku stórmýndinni Faust lauk hér á landi á dögunum, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu. Íslensk náttúra var notuð í síðustu fimmtán mínútum myndarinnar og fóru tökurlaunir fram í hrauni skammt frá Bláa lóninu, á Þingvöllum og víðar. Tökudagarnir voru sjö talsins og kom hingað til lands fjölmennt tökulið. Nemur framleiðslukostnaðurur Faust hundruðum milljóna, enda er hún ein stærsta rússneska


myndin á þessu ári. „Ég er hugsanlega að fara að hitta þá í Rússlandi fyrir áramót. Við ætlum að ræða um hvort myndir yrðu áfram teknar á Íslandi, í Rússlandi eða annars staðar í Evrópu. Þetta er bara á fyrstu stigum en áhuginn hjá þeim er mikill,“ segir Kristinn um hugsanlegt samstarf Saga Film við Rússana.

Leikstjóri Faust er Alexander Sokurov, einn virtasti kvikmyndagerðarmaður Rússlands. Hann var mjög ánægður með dvöl sína á Íslandi, rétt eins og kvikmyndatökumaðurinn Bruno Delbonnel sem síðast myndaði nýjustu Harry Potter-myndina og hefur tvívegis verið tilnefndur til Óskarsverðlaunanna.

Sigurður Skúlason fer með aukahlutverk í myndinni, auk þess sem leiklistarnemarnir Svandís Dóra Einarsdóttir og Hilmar Guðjónsson koma við sögu. - fb



SOKUROV Leikstjórinn Alexander Sokurov var mjög ánægður með dvöl sína á Íslandi rétt eins og aðrir úr tökuliði Faust.



LÁRÉTT

2. skál, 6. skammstöfun, 8. rjúka, 9. dæling, 11. í röð, 12. skjöggra, 14. taka ófrjálsri hendi, 16. drykkur, 17. léreft, 18. hrópa, 20. skóli, 21. skrifa.

LÓÐRÉTT

1. sæti, 3. fingerð líkamshár, 4. ástir, 5. þvottur, 7. holdýr, 10. op, 13. hlaup, 15. ilmur, 16. skír, 19. bardagi.

LAUSN

angr, 16. tær, 19. at. tau, 7. holdþep, 10. gæt, 13. gél, 15. LÓÐRÉTT: 1. sess, 3. íð, 4. ástallf, 5.

lln, 18. æpa, 20. fg, 21. rita. LÁRÉTT: 2. líl, 6. eh, 8. ósa, 9. sog, 11. tu, 12. slæga, 14. stela, 16. te, 17.

Heitirpottar.is

Rafmagnspottar, Hitaveituskeljar Billiardborð. Mikil úrval.

HREINSIEFNI! fyrir allar tegundir potta. Klór - siur og það nýjasta er flotholtið.

Heitirpottar og skeljar Kleppsvægi 152, sími 554 7755 (áður bakari Jóna Fel)

ERNA ÞÓRARINSDÓTTIR: HJÁLPAÐI DÓTTUR SINNI Í NEW ORLEANS

Söng bakraddir hjá Anitu Briem á góðgerðaplötu

„Við hlökkum mikið til að heyrna þetta,“ segir söngkonan Erna Þórarinsdóttir.

Dóttir hennar, leikkonan Anita Briem, syngur lagið C'est si bon á væntanlegri safnplötu sem verður gefin út til styrktar Preservation Hall-byggingunni í New Orleans. Forsvarsmenn byggingarinnar hafa djasstónlist frá New Orleans í hávegum og er starfsemin vel þekkt í bandarískum tónlistarheimi. „Ég var hjá henni í vor þegar hún var að syngja þetta og þetta var alveg frábært,“ segir Erna, sem gerði sér lítið fyrir og söng bakraddir í laginu. „Þetta var tekið upp „live“ í Preservation Hall með bandinu þar. Það var algjör snilld að vera þarna. Hljómsveitin er búin að spila þarna í fjörutú ári. Þetta er þínulitill staður í New Orleans en ofboðslega frægur.“

Anita og Erna eru í sérlega góðum hópi á plötunni því á meðal þeirra sem eiga þar lög eru Tom Waits, Bobby McFerrin og Paolo Nutini. Platan er væntanleg 16. febrúar á næsta ári. Auglýsingar vegna hennar eru þegar farnar að birtast erlendis og var Anita sett í forgrunn í þeirri fyrstu.

Ástæðan fyrir þátttöku Anitu á plötunni er sú að hún var stödd í New Orleans að leika í nýrri kvikmynd þegar hún hitti fólk frá Preservation Hall. „Þetta spannst út frá því. Þeir vissu af því að hún var líka að syngja,“ segir Erna.

Anita á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana því auk þess að vera dóttir söngkonunnar Ernu er faðir hennar trommuleikarinn snjalli, Gunnlaugur Briem, sem hefur gert garðinn frægan með Mezzoforte og fleiri hljómsveitum. Anita hefur því alla sína



Á PLÖTU MEÐ TOM WAITS

Anita syngur lagið C'est si bon á nýrri safnplötu sem er væntanleg á næsta ári. Tom Waits syngur einnig lag á plötunni.

ævi haft tónlistina í blóðinu, enda lærði hún ung að aldri á flautu og söng einnig í Graduale-kór Langholtskirkju. Engu síður kemur þátttaka hennar í gerð þessarar nýju safnplötu á óvart því hingað til hefur hún verið þekktari sem ung og upprennandi leikkona í Hollywood.

Mikil starfsemi tengd djassi fer fram í Preservation Hall-byggingunni, þar sem ungir sem aldnir

djassarar leiða saman hesta sína. Byggingin var reist um miðja átjándu öld en þar er hvorki rennandi vatn né loftræsting. Lítil aðstaða er þar sömuleiðis fyrir áhorfendabekki og því veitir forsvarsmönnum byggingarinnar ekki af auknu fjármagni til uppbyggingar. Það er því ljóst að ágóðinn af þessari nýju safnplötu á eftir að koma að sérlega góðum notum.

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI



Björn Bragi Arnarson, nýráðinn ritstjóri tímaritsins Monitor, vinnur nú að lokaverkefni sínu í viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík. Verkefnið er um ólögleg niðurhal

á netinu og áhrif þess á tónlistarmarkaðinn, en niðurstöðurnar eiga væntanlega eftir að vekja mikil viðbrögð þar sem skiptar skoðanir eru um áhrif niðurlags á sölu tónlistar. Björn nýtti sér kraft netsins til að kanna viðhorf fólks og fékk gríðarlega góð viðbrögð.

Stutt er síðan Fréttablaðið greindi frá því að sést hefði til leikaranna **Ilmar Kristjánsdóttur** og Björns Thors ræða málin yfir rauðvinsglasi á Boston. Margir veltu fyrir sér hvort

ad þau væru að vinna að sameiginlegu verkefni og nú hefur það komið á daginn. Þau verða kynnar í beinni útsendingu Stöðvar 2 frá Borgarleikhúsinu þegar haldið verður upp á Dag rauða nefsins 4. desember. Það er UNICEF á Íslandi sem stendur fyrir deginum, sem síðast var haldinn hátíðlegur fyrir þremur árum. Þá voru Ilmur og Sveppi kynnar en Björn Thors tekur nú við keflinu af Sveppa.

Útgáfufyrirtækið Kölski sem Barði Jóhannsson er í forsvari fyrir fer vel af stað. Tvær fyrstu plötur útgáfunnar flugu beint í efstu sætin á söluhlusta Tónlist.is eftir að hafa verið aðeins fjóra daga í sölu. Get It together með **Hauki Heiðari** og félögum í Diktu fór beint á toppinn og We Lost the Race með Ourlives fylgdi fast á eftir.

- afb, fb, drg

Fær frábæra dóma sem Trölli

Stefán Karl Stefánsson fær mjög góða dóma í hinu virta blaði Hollywood Reporter fyrir frammistöðu sína sem Trölli í söngleik byggðum á frægri bók Dr. Seuss.

„Trölli er fullkominn fyrir börnin þrátt fyrir að einhver þeirra gætu hræðst innkomu hans á sviðið,“ segir í umsögninni. „En eftir það er túlkun Stefáns Karls svo vel heppnuð að tímabundin hræðslan fellur í skuggann af virkilega góðum húmor, ótrúlegum leik, mögnuðu gervi og frábærum búningi. Fyrir aðdáendur Trölla gengur þetta allt saman upp hjá Karli sem skilar hlutverki flónsins í sannkölluðum Shakespeare-anda.“ Niðurstaða gagnrýnandans er á þann veg að Stefán Karl sé besti Trölli allra tíma.

Stefán fær einnig góða dóma hjá gagnrýnanda síðunnar Broadwayworld.com undir fyrirsögninni „Trölli stelar hjörtum LA“. „Stefán Karl leikur Trölla eins vel og hugsast getur án tilgerðar eða ofleiks. Hann hefur fullkomna stjórn á túlkuninni, röddinni og viðbrögðunum. Hann er frábær.“



Söngleikurinn um það hvernig Trölli stal jólnum var frumsýndur í hinu sögufræga Pantages-leikhúsi í Hollywood síðastliðinn laugardag og gert er ráð fyrir að hann verði sýndur tólf sinnum í viku fram að jólum.

Upphaflega áttu Stefán Karl og hinn kunnileikari Christopher Lloyd að skipta hlutverki Trölla á milli sín og átti Stefán í raun að vera varaskeifa fyrir Lloyd. Vegna veikinda í fjölskyldu Lloyds gat hann ekki tekið þátt og nú er Stefán því einn í sviðsljósinu. Það virðist síður en svo koma að sök því miðað við hina frábæru dóma er Stefán sem fæddur í hlutverkið. Reyndar hefur hann áður leikið Trölla við góðan orðstír í San Diego, áður en hann fluttist búferlum til Los Angeles með fjölskyldu sinni.

TRÖLLI Stefán Karl Stefánsson fer á kostum sem Trölli í Pantages-leikhúsinu í Hollywood.

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

GLÆNÝ LÍNUÝSA
STÓRLÚÐA PLOKKFISKUR
MARINERÆÐUR FISKUR
FISKIBOLLUR

TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogí 44 • S. 588 8686

Stórbrotin leikhúsveisla!



GB, Mbl



„Allt er svo satt og rétt í þessari túlkun... Stjörnurnar skína á Stóra sviði Borgarleikhússins.“

GB, Mbl 3/11

„Sigur leikstjórans Hilmi Snæs sem fær þetta til að virka svona skínandi vel.“

JVJ, DV 2/11

„Stjörnuleikur sem endar með flugeldasýningu.“

BS, pressan.is 1/11

„Eitt besta leikrit síðustu ára... afar kröftug sýning.“

LL, RUV 31/10

„Unnin af mikilli og aðdáunarverðri fagmennsku.“

MK, eyjan.is 1/11

FJÖLSKYLDAN

(ágúst í Osage-sýslu)

UPPELT Í NÓVEMBER!
Tryggðu þér sæti í desember
Miðasala í fullum gangi

Fös 20/11 kl. 19	UPPELT	Sun 6/12 kl. 19	UPPELT
Sun 22/11 kl. 19	UPPELT	Fim 10/12 kl. 19	Örfá sæti
Mið 25/11 kl. 19	UPPELT	Fös 11/12 kl. 19	UPPELT
Fim 26/11 kl. 19	UPPELT	Sun 13/12 kl. 19	Örfá sæti
Fös 27/11 kl. 19	UPPELT	Fös 18/12 kl. 19	Örfá sæti
Sun 29/11 kl. 19	UPPELT	Lau 19/12 kl. 19	Örfá sæti
Fim 3/12 kl. 19	Örfá sæti	Þri 29/12 kl. 19	Örfá sæti
Lau 5/12 kl. 19	UPPELT	Mið 30/12 kl. 19	UPPELT

Sýningin er þrjú þættir, hver 1 klst. að lengd. Hlé er eftir 1. og 2. þátt.

Pulitzer verðlaun
Besta leikrit ársins 2008

Tony verðlaun
Besta leikrit ársins 2008

Drama Desk verðlaun
Besta leikrit ársins 2008

Njóttu leikhúsveislunnar til fulls og fáðu þér lystauka í hlé!

Glæsilegir smurbrauðsplattar fyrir tvo eða fleiri frá 2.490 kr. Þantaðu fyrir sýningu og þín biður ljúffengur lystauki í hlé.

Miðasala í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is



Borgarleikhúsið

FRÉTTIR AF FÓLKI

Lítið framboð af frambjóðendum

Pótt framboðsfrestur hafi runnið út á laugardagskvöld leituðu framsóknarmenn í Reykjavík enn logandi ljósi í gær að frambjóðendum í prófkjörið sem fram fer 28. nóvember. Kosið verður um tólf efstu sætin. Alls bærust sjö framboð í 1. til 3. sætið. Að öðru leyti er eftirspurnin lítil. Því sátu forsvarsmenn flokksins við símann og reyndu að sjarmera hina og þessa í framboð með misjöfnum árangri allt þar til listinn var lagður fram í gær.

Íslenska útrásin á fullu

Íslenska útrásin heldur áfram. Tónlistarútrásin, það er að segja. Hljómsveitin múm hefur verið á flennireið um allan heim frá því að nýjasta plata sveitarinnar, Sing Along to Songs You Don't Know, kom út í sumar. Bandið hefur flækst um Norður-Ameríku, Japan, Ísrael og Evrópu og spilar á Vega í Kaupmannahöfn í kvöld. Þaðan heldur ferðin áfram um Evrópu en lýkur, í bili að minnsta kosti, þegar sveitin spilar á tíu ára afmælisgilli hins virta tónlistarfestivals All tomorrow's parties um miðjan desember.



Að stangast á

Samfylkingarmenn sem andsnúnir eru Evrópusambandsaðild eru sjaldséðari en hvítir hrafnar, enda sumir sem segja að ESB-aðild sé eina stefnumál flokksins. Þeir finnast þó og meira að segja má sjá minnst tvo í nýrri stjórn Heimssýnar – þótt báðir hafi raunar setið þar áður. Annar er varaborgarfulltrúinn **Stefán Jóhann Stefánsson**, hagfræðingur í Seðlabankanum og náinn samstarfsmaður bankastjórans Más Guðmundssonar. Sami Már mun á næstunni reyna að leiða Íslendinga inn í myntbandalag Evrópu sem formaður samningahóps þar um og á væntanlega von á harðri andstöðu frá Stefáni og félögum.



Mest lesið **visir.is**

- 1 Skotið á mann í Seljahverfi - handtökur framkvæmdar
- 2 Vill bókina úr búðum
- 3 Hneigði Obama sig of djúpt?
- 4 Bílar veltu ferju
- 5 Alvarlegt ef vitnum er hótað
- 6 Milta sögukennara rofnaði í fjársöfnun

Jólaskeiðin 2009

Íslensk hönnun síðan 1946

Verð 12.500.-

Guðlaugur A. Magnússon
 Skólavörðustíg 10 • S. 562 5222
 www.gam.is



COMFORT solutions
 By King Koil®

20-30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM FRÁ KING KOIL!

JÓLATILBOÐ

ERGOSPORT með þrjústíofunardýnum King size (2x97x203) Verð 488.800 kr. **JÓLATILBOÐ 366.600 kr. 25% AFSLÁTTUR!**

ERGOMOTION 100 með þrjústíofunardýnum King size (2x97x203) Verð 691.000 kr. **JÓLATILBOÐ 510.750 kr. 25% AFSLÁTTUR!**

ERGOMOTION 400 með þrjústíofunardýnum King size (2x97x203) Verð 840.800 kr. **JÓLATILBOÐ 640.600 kr. 25% AFSLÁTTUR!**

AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆDAFLOKKI

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum frá 1898 eða í 111 ár. King Koil framleiddir nú einu rúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðarannsóknasamtökum kíropraktora) og Good Housekeeping (stærstu neytdendasamtökum Bandaríkjanna).

AMÉLIA Queen size (153x203) Verð 155.800 kr. **JÓLATILBOÐ 124.640 kr. 20% AFSLÁTTUR!**

AMÉLIA
 • 3 sveðaskipt svefnsvæði
 • Lagar sig að líkamanum
 • Veitir góða slökun
 • Studningur við bak
 • Tíhert sévalið stál í gormum
 • Styrktir kantar

GRAND HAVEN Queen size (153x203) Verð 424.304 kr. **JÓLATILBOÐ 318.226 kr. 25% AFSLÁTTUR!**

GRAND HAVEN
 • 5 sveðaskipt gormakerfi
 • 7 sveðaskipt svefnsvæði
 • svefnsvæðið er með latexi sem skorid er með leysi (laser).
 • Lagar sig að líkamanum
 • Veitir fullkomna slökun
 • Studningur við bak
 • Steyptir kantar
 • 20% stærri svefnflötur

BALTIC PILLOW Queen size (153x203) Verð 272.840 kr. **JÓLATILBOÐ 190.988 kr. 30% AFSLÁTTUR!**

BALTIC PILLOW
 • 5 sveðaskipt svefnsvæði
 • Lagar sig að líkamanum
 • Veitir fullkomna slökun
 • Studningur við bak
 • Tíhert sévalið stál í gormum
 • Steyptir kantar
 • 20% stærri svefnflötur

VEGLEGUR JÓLAPAKKI AD VERÐMÆTI 65.400 kr. FYLGIR ÖLLUM KEYPTUM STILLANLEGUM H.JÓNARÚMUM. Í honum eru tvö hlífðarlök, tvö lök og tveir heilsukoddar.

ATH! ÖLL RÚMIN ERU TIL Í ÖÐRUM STÆRDUM

rekkjan